

14

22

26

Óviðunandi þjónusta sláturhúsanna við geitfjárbændur

Hjartað slær með landbúnaði í sveitinni

Tilraunir á Geitasandi með áhrif lífrænna efna á gróðurframvindu

Bændablaðið

12. tölublað 2021 • Fimmtudagur 24. júní • Blað nr. 589 • 27. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Álftir á tjörn með fimm unga skammt frá eyðibýlinu Hörgsholti í Hrunamannahreppi. Álftir hafa verið mjög áberandi á Suðurlandi og víðar í sumar og ekki síst á túnnum bænda, en álftir eru stórar og þurftarfrekar grasætur. Afkoma í álfastofninum viðist líka vera mjög góð eins og þessi mynd ber með sér.

Mynd / HKr.

Einkaviðræður við hóp fjárfesta um sölu á Bændahöllinni

— Fjárfestahópurinn tengist meðal annars Hótel Óðinsvéum og áformar áframhaldandi rekstur hótels í húsinu

Stjórn Bændahallarinnar ehf., félags í eigu Bændasamtaka Íslands, hefur samþykkt að hefja einkaviðræður við hóp fjárfesta um sölu á fasteign sinni, Bændahöllinni við Hagatorg 1 í Reykjavík, sem hýst hefur Hótel Sögu síðan 1962.

Fjárfestahópurinn tengist meðal annars Hótel Óðinsvéum. Gangi kaupin eftir áforma nýir eigendur áframhaldandi rekstur hótels í fasteigninni, að því er segir í tilkynningu samningsaðila sem undirrituð er af Sigurði Kára Kristjánssyni hæstaréttarlögmanni. Hann var skipaður tilsjónarmaður með fjárhagslegri endurskipulagningu Bændahallarinnar, sem veitt var heimild til í júlí á síðasta sumri. Sú heimild rennur endanlega út þann 7. júlí næstkomandi svo ljóst er að viðræður við fjárfestahópinn miðast við að þeim verði lokið fyrir þann tíma.

Ekki í fyrsta sinn sem reynt er að selja hótelið

Áform um að selja Hótel Sögu eru ekki ný af nálinni og oft hafa bændur tekist á um slíkar hugmyndir. Alvara komst í þau mál í kjölfar rekstrarvanda sem fram kom í ársreikningi 2012. Var tilkynnt um

það 19. nóvember 2014 að Hótel Saga væri til sölu. Sagt var að mikill áhugi fjárfesta væri á að kaupa þetta sögufræga hótél við Hagatorg. Frestur var til 16. janúar 2015 til að leggja fram skuldbindandi tilboð.

Hætt við sölu 2015

Bárust fjögur tilboð, en ekkert þeirra þótti nógu hagstætt. Var því hætt við söluna og taldi stjórnin hagstæðara að halda áfram rekstri hótelsins og ráðast í endurbætur á byggingunni.

Í kjölfar kostnaðarsamra endurbóta á hótélbyggingunni skall á heimsfaraldur vegna Covid-19. Leiddi það ásamt rekstrarvanda til þess að Hótel Saga var sett í greiðslustöðvun og hótélrekstri lokað um óákveðinn tíma frá og með 1. nóvember 2020. Fram að því höfðu verið 236 herbergi í rekstri auk annarrar starfsemi í þessu 20 þúsund fermetra húsi, þar á meðal skrifstofur Bændasamtaka Íslands.

Aftur samþykkt að hefja sölufertí á síðasta Búnaðarþingi

Á Búnaðarþingi í mars 2021 var stjórn Bændasamtakanna veitt ný heimild til að ræða við áhugasama kaupendur og undirbúa sölu á Hótel



Hótel Saga, eða Bændahöllin, við Hagatorg í Reykjavík mun væntanlega innan tíðar hverfa úr eigu bænda sem hafa rekið þar hótél frá 1962, eða í 59 ár.

Mynd / HKr.

Sögu. Margir hafa sýnt áhuga á að kaupa húsið og um tíma voru uppi hugmyndir um að ríkið keypti bygginguna fyrir starfsemi Háskóla Íslands. Af því hefur ekki orðið. Nú hillir hins vegar undir að skrifað verði undir kaup hóps fjárfesta á húsinu í byrjun júlí.

Stórmerkileg saga

Hótel Saga á merka sögu í hótél-

rekstri og menningarlífi Íslendinga. Hefur það verið vettvangur fjölmargra stórviðburða og jafnt erlendra og innlendra listamanna sem og stjórnmálamanna og þjóðarleiðtoga í gegnum áratugin. Þá gistu þar meðal annarra fyrstu tunglfarar heimsbyggðarinnar þegar þeir stunduðu æfingar fyrir flug Appolo eldflauga NASA til tunglsins. Í þeim hópi voru Neil Armstrong og Buzz Aldrin, sem stígu fyrstir manna á

yfirborð tunglsins þann 20. ágúst 1969.

Fyrsta skóflustunga að byggingu Hótel Sögu var tekin í júlí 1956, en hótelið var tekin í notkun 1962. Byggingu fyrri áfanga lauk þó ekki fyrr en 1965. Á áttunda áratug síðustu aldar var ákveðið að byggja sjö hæða byggingu við Bændahöllina að norðanverðu. Framkvæmdir við verkið hófust árið 1982 og lauk 1985. /HKr.

FRÉTTIR

Líðan dýralækna

Andleg vanlíðan og streita er algeng meðal dýralækna hér á landi samkvæmt nýrri könnun sem Dýralæknafélag Íslands gerði meðal félagsmanna sinna.

Stóraukið gæludýrahald á landsvísu, óvæginn umræða á samfélagsmiðlum, óraunhæfar kröfur viðskiptavina, einmanaleiki, samúðarþreyta og mannekla eru meðal helstu orsakavalds. Könnunin var gerð í samstarfi við fyrirtækið Outcome dagana 7. til 14. júní og var svarhlutfall 60%.

Álag hefur aukist til muna

Helmingur svarenda taldi álag í starfi vera við þolmörk (8–10) en minnihluti taldi álagið lítið eða í meðallagi (29%). Álag í starfi virðist hafa aukist síðustu misseri en 68% sögðu álagið hafa aukist, þar af 59% mikið eða mjög mikið. Einn af hverjum fimm (21%) sögðust hafa skipt um starf vegna álags á lífsleiðinni. Allnokkrir hættu störfum alfarið.

Helstu ástæður aukins álags eru sagðar vera aukin gæludýraeign landsmanna og auknar og óraunhæfar væntingar og kröfur viðskiptavina. Framfarir í faginu hafa jafnframt aukið þjónustuframboð dýralækna til muna og krafan um aukna tæknivæðingu og endurmenntun verður sífellt háværari. Nokkur mannekla virðist vera í faginu og þá sérstaklega á landsbyggðinni, en hafa ber í huga að nýlega var umdæmum héraðsdýralækna Matvælastofnunar fækkað úr fimm í fjögur.

Sóttvarnastofnun Bandaríkjanna hefur rannsakað starfsumhverfi og heilsutengda þætti meðal dýralækna um árabil. Benda niðurstöðurnar til þess að bandarískir dýralækna séu mun líklegri til að upplifa andlegan heilsuþrest en aðrar stéttir. Einn af hverjum sex sögðust hafa íhugað sjálfsvíg einhvern tímann um ævina. Niðurstöður breskra og norskra kannana benda til hins sama en samkvæmt breskri rannsókn eru dýralækna þrisvar til fjórum sinnum líklegri til að falla fyrir eigin hendi en meðalmannskjarn og norskir dýralækna um tvöfalt líklegri.

Ekki liggur fyrir hvort staðan á Íslandi sé jafn slæm og í öðrum löndum en í könnun Dýralæknafélagsins sögðust 75% svarenda finna fyrir streitueinkennum vegna mikils álags í starfi, þar af 45% bæði fyrir líkamlegum og andlegum einkennum. Eftirlitsdýralækna hafa orðið fyrir því að vegið sé að sálrænu og líkamlegu öryggi þeirra í eftirlitsferðum í sveitum landsins þegar kannað er hvort settum lögum og reglum, til dæmis um dýravelferð og aðra þætti, sé framfylgt. /VH

Nám í garðyrkju sem fram hefur farið á Reykjum í Ölfusi:

Núverandi nemendur munu klára námið við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri

Samningar vegna yfirfærslu náms í garðyrkju frá Landbúnaðarháskóla Íslands til Fjölbrautaskóla Suðurlands standa yfir en miðar hægt.

Nemendur sem stunda nám við Garðyrkjuskólann í dag munu klára sitt nám við Landbúnaðarháskólann.

Fyrir á þessu ári ákvað Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra að hefja skuli undirbúning að tilfærslu starfsmenntanáms í garðyrkju og skyldum greinum við Landbúnaðarháskóla á Reykjum í Ölfusi undir yfirstjórn og ábyrgð Fjölbrautaskóla Suðurlands. Nemendur sem stunda nám við Garðyrkjuskólann í dag munu klára sitt nám við Landbúnaðarháskólann.

Í bréfi sem ráðherra sendi rektor Landbúnaðarháskóla Íslands þann 23. desember síðastliðinn segir að til að vinna að þessum áformum sé stefnt að því að gera sérstakan þrífliða samning um yfirfærslu námsins á milli LbhÍ, FSU og mennta- og menningarmálaráðuneytis.



Olga Lísa Garðarsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskólans á Suðurlandi.

Málið í ferli en hefur dregist of lengi

Olga Lísa Garðarsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands, sagði í samtali við Bændablaðið að sem stæði væri verið að vinna að samningi um yfirfærsluna og að málið sé í ferli en hafi dregist óþarflega lengi að ganga frá þeim samningi.

„Ég geri fastlega ráð fyrir að

FSU taki við skólanum á þarnaesta ári eða þegar nemendur verða teknir inn í skóla næst. Nemendur sem stunda nám við Garðyrkjuskólann í dag munu því klára sitt nám við Landbúnaðarháskólann eins og þeir hafa rétt á.

Við göngum því út frá því að kennsla verði ekki á okkar ábyrgð fyrir en eftir ár.“

Nemendur í 4 ára fjarnámi

„Hvað nemendur varða sem eru í fjarnámi og taka skólann á fjórum árum get ég því miður ekki svarað því öðruvísi en að það verða allir hvattir til að reyna að ljúka sem mestu af fjarnáminu á næsta skólaári.

Við eigum alveg eftir að stilla náminu upp og við munum finna lausn á því eins og öðru sem við tökum að okkur.“

Garðyrkjunámið áfram að Reykjum

Olga segir að FSU hafi sett það

sem skilyrði vegna yfirtökunnar að Ríkiseignir ábyrgist húsnæði sem verður notað í tengslum við námið.

„Við höfum líka sagt skýrt að við viljum ekki taka ábyrgð á lélegu eða ónýtu húsnæði á Reykjum.

Garðyrkjunámið kemur til með að vera áfram að Reykjum en hins vegar er vel hugsanlegt að einhverjir áfangar í bóknámi verði samkeyrðir með öðrum braut við FSU.“

Byggt á fyrri námskrá

„Nám í garðyrkju er sértækt fagnám og ég tel líklegt að það verði byggt áfram á núverandi námskrá. Hugsanlega getur uppsetningin breyst og það þarf líklega aðlaga námið að fyrirkomulaginu á framhaldsskólastigi en ég á ekki von á neinni kúvendingu. Gangi samningarnir eftir munum við svo vinna að yfirfærslunni og aðlöguninni næsta vetur,“ segir Olga Lísa Garðarsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskólans á Suðurlandi. /VH

Háskólinn á Bifröst:

Nemendur hafa nú aðgang að „gervigreindum“ einkakennara

Háskólinn á Bifröst hefur samið við íslenska sprotafyrirtækið Atlas Primer ehf. um að bjóða nemendum aðgang að „gervigreindum“ einkakennara sem skilur talað mál og getur rætt við nemendur um námsefnið.

Þó það kunni að hljóma ótrúlega þá getur Atlas Primer flutt fyrirlestra, svarað spurningum frá nemendum og prófað þá í kennsluefninu. Hann skilur líka talað mál og fylgir nemendum hvert sem þeir fara og getur breytt hvaða texta sem er í tal og aukið aðgengi að námsefni fyrir nemendur með lesblindu. Þá geta nemendur rætt við Atlas Primer um námsefnið, bæði á íslensku og ensku.

„Með þessu er stigið stórt skref í nútímavæðingu menntakerfisins sem gefur nemendum meira frelsi og endurspeglar markmið Háskólans á Bifröst að vera í fararbroddi í fjarnámi. Kennarar



Frá undirritun samningsins, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, kennslustjóri á Bifröst, og Hinrik Jósafat Atlason, stofnandi Atlas Primer. Hjú Atlas Primer starfa níu manns, þar af fjórir á Íslandi. Mynd / Aðsend

og nemendur hafa brugðist vel við þessari nýju lausn og telja að hér sé um að ræða spennandi nýjung í námi sem leyfir nemendum að

læra hvar sem er, án þess að sitja fyrir framan skjáinn öllum stundum. Prófanir á lausninni eru nú þegar hafnar og verður hún gerð

aðgengileg nemendum í völdum áföngum í haust,“ segir Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, kennslustjóri á Bifröst. /MHH

TILBOÐ Á GARÐHÚSUM!
TIL Á LAGER

BREKKA 34 - 9 fm 25% afsláttur
Tilboðsverð **369.750 kr.**

Afar einfalt er að reisa húsin okkar. Uppsetning tekur aðeins einn dag

STAPI - 14,98 fm 25% afsláttur
Tilboðsverð **697.500 kr.**

NAUST - 14,44 fm 30% afsláttur
Tilboðsverð **449.400 kr.**

Ítarlegar upplýsingar og teikningar ásamt ýmsum öðrum fróðleik má finna á vef okkar

www.kofaroghus.is - Sími 553 1545 **KOFAR OG HÚS**

Góð aðsókn að Landbúnaðarháskóla Íslands í haust

Tölur um aðsókn í nám hjá Landbúnaðarháskóla Íslands í haust lofa góðu samkvæmt upplýsingum frá Rósu Björk Jónsdóttur, markaðs- og kynningarstjóra. Skólinn útskrifaði 39 nemendur fyrir í mánuðinum, eins og sjá má í umfjöllun á bls. 10 í blaðinu í dag.

Alls hafa um 140 sótt um í háskólanámið og 65 í búfræðina, en ekki eru teknir inn nemendur í garðyrkju í ár.

Flestir eru að sækja um í búfræðina, 44 í staðarnám og 21 í fjarnám að þessu sinni. Í BS í búvísindum eru 38 umsækjendur og 6 í BS í hestafræðina. 25 sóttu um í BS í landslagsarkitektúr.

Þá hafa 3 sótt um í BS í nátt-



Hvanneyri. Mynd / HKR.

úru- og umhverfisfræði og 8 í BS í skógræði. Í meistara- og doktorsnám eru alls 21 auk 18 í alþjóðlega meistaranámið í umhverfisbreytingum á norðurlóðum.

„Í haust munu einnig yfir 10 skiptinemar koma í nám til okkar svo það verður afar gaman að taka við nýjum hópi í haust,“ segir Rósa Björk. /HKR

ergo 



Heypyrla?

Við hjá Ergo erum engir sérfræðingar í heyverkun en við fjármögnum hins vegar heypyrlur.
Við fjármögnum flest milli himins og jarðar.

.....
Kynntu þér möguleikana á ergo.is

FRÉTTIR

Sala á mjólkurafurðum frá mjólkursamlögunum hefur dregist saman og hlutfallslega langmest í sölu á skyri: Skyrjalan hefur sveiflast í takti við þróun Covid-19 faraldursins

— Salan er aftur farin að aukast samhliða afléttingu á hömlum — Veruleg aukning hefur verið í útflutningi á dufti og smjöri

Sala á mjólk og sýrðum mjólkurvörum dróst saman um 3,5% í maí og hafði þá dregist saman um 2,3% á 12 mánaða tímabili. Sala á skyri hefur samt verið að aukast á ný eftir samdrátt samhliða afléttingum á samkomutakmörkunum vegna Covid-19.

Innvegin mjólk í maí var 13.570 tonn og 149.420 tonn yfir 12 mánaða tímabil, það er 2,6% samdráttur milli ára samkvæmt tölum Samtaka afurðastöðva í mjólkuridnaði (SAM).

Í heild námu seldar afurðir á 9.775 tonnum á próteingrunni og 11.044 tonnum á fitugrunni í maí.

Sala á mjólk og sýrðum mjólkurvörum nam 2.969 tonnum í maí sem þýðir samdrátt í sölu á þessum vöruflokkum upp á 1 prósent í mánuðinum. Hins vegar seldust 37.668 tonn á síðustu 12 mánuðum, sem er 2,3% samdráttur milli ára. Af mjólkur- og undanrennufti seldust 97 tonn í maí og 1.132 tonn á 12 mánaða tímabili, sem er um 3,4% samdráttur á milli ára.

Skysala í takti við þróun heimsfaraldurs

Athygli vekur að hlutfallslega hefur verið langmestur samdráttur í sölu á skyri á síðustu 12 mánuðum, eða

-11,3%. Virðist sem Covid-19 faraldurinn hafi verið að hafa bein áhrif á skyröluna, m.a. vegna fækkunar ferðamanna. Var samdráttur í sölnni alveg fram í mars, en þá dróst salan saman um 3,1% og þá nam 12 mánaða samdrátturinn 12,5%.

Í apríl snerist þróunin við, en þá jókst salan um 2,7% á sama tíma og áhrifa tók að gæta af afléttingu takmarkana vegna Covid-19. Í maí jókst salan enn meira, eða um 4,2%, og má því væntanlega leiða líkum að því að skyrjalan taki talsverðan kipp í júní. Bjarni Ragnar Brynjólfsson hjá SAM tekur undir það og segir greinilegt að fjölgun ferðamanna til landsins sé farin að hafa áhrif.

Í heildarsölu á mjólk og sýrðum mjólkurafurðum vegur skyr samt ekki ýkja þungt, eða um 7,1%. Þannig seldust samtals 37.669 tonn af mjólk og sýrðum vörum á síðasta tólf mánaða tímabili, en 2.688 tonn af skyri.

Um 2,7% samdráttur í ostasölnunni

Ostar vega næstmest í sölu mjólkurafurða á eftir mjólk, en af þeim voru seld 5.960 tonn á tólf mánaða tímabili. Salan í maí nam 475



Sala mjólkurafurða hefur dregist saman í Covid-faraldurinum. Skyrjalan er farin að aukast á ný eftir töluverðan samdrátt í Covid-19. Þá hefur útflutningur á undanrennufti aukist verulega á síðustu 12 mánuðum, eða um 60,9%, og um 46,7% á smjöri.

tonnum. Dróst salan á ostum örlítið saman í maí, eða um 0,1% á móti 2,7% samdrátti yfir síðustu 12 mánuði. Það bætti þó talsvert meðaltalsstöðuna í ostasölnunni að hún jókst um 9,8% í mars. Nokkrar birgðir eru ávallt í ostum vegna

eðlis framleiðslunnar og námu þær í lok maí 2.367 tonnum og höfðu þá lækkað á milli mánaða um 37 tonn.

Rjómasalan í maí nam 234 tonnum og dróst þá lítillega saman, eða um 0,3%. Heildarsamdrátturinn í

sölu á rjóma síðustu 12 mánuði nemur 1,7%.

Sala á viðbiti, þ.e. smjöri, smjörva og slíku, nam 178 tonnum í maí, eða jafn mikið og í apríl. Yfir 12 mánaða tímabil seldust 2.321 tonn af viðbiti, sem þýddi 2,8% samdrátt.

Útflutningur á dufti jókst verulega

Útflutningur á próteingrunni nam 4.332 tonnum í maí, sem er 1.735,9% meira en í maí 2020. Þá nam próteinútflutningurinn 30.462 tonnum á 12 mánaða tímabili og hefur aukist um 60,9% á heilu ári. Þarna er aðallega um undanrennuft að ræða að sögn Bjarna Ragnars Brynjólfssonar. Birgðir dufts lækkuðu líka töluvert.

Útflutningur á fitugrunni var óverulegur í maí, eða 72 tonn, sem er samt 343,1% meira en í maí 2020. Þá nam útflutningurinn 7.723 tonnum yfir 12 mánaða tímabil og hafði þá aukist um 46,7% á tímabilinu. Aðallega er þetta útflutningur á smjöri. Birgðir voru 417 tonn í lok maí og höfðu minnkað um 292 tonn á milli ára þrátt fyrir samdrátt í sölu. /HKr

Matvælastofnun: Leiðbeiningar um slátrun í litlum geit- og sauðfjársláturhúsum

— Heimilt verður að slátra að hámarki 30 gripum á dag

Nýverið undirritaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra nýja reglugerð um slátrun í litlum

um geit- og sauðfjársláturhúsum. Matvælastofnun hefur útbúið leiðbeiningar á grundvelli reglu-

gerðarinnar um helstu skilyrði sem gerð eru til slátrunar og kjötskurðar.

Með litlum sláturhúsum er átt við hús sem uppfylla skilyrði reglugerðarinnar og er heimilt að slátra að hámarki 30 gripum á dag. Reglugerðin afmarkast við slátrun og kjötskurð en gildir ekki um frekari vinnslu.

Í reglugerðinni er m.a. fjallað um hvaða kröfur eru gerðar til húsnæðis og aðstöðu. Um hollustuhætti við slátrunina fer samkvæmt reglugerð um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu, nánar tiltekið viðauka III, þátt I, kafla IV.

Þá er jafnframt fjallað um kröfur varðandi innra eftirlit og skal það byggja á meginreglum um greiningu á hættu, mikilvæga stýristaði og



Matvælastofnun hefur útbúið leiðbeiningar á grundvelli reglugerðarinnar um helstu skilyrði sem gerð eru til slátrunar og kjötskurðar.

forvarnir gegn hættum og taka mið af gildandi löggjöf um innra eftirlit.

Heilbrigðisskoðun fyrir og eftir slátrun verður framkvæmd af opinberum dýralæknum í samræmi við gildandi löggjöf.

Þeim sem hyggjast starfrækja lítið geit- og sauðfjársláturhús er bent á að afla sér upplýsinga hjá viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæði um reglur varðandi vatnsból og mengunar- og frárennismál. /VH

Twenty One

FLUGNAEITUR

Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt

Sölustaðir:
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
Verlunum Eyri
Vélaval

STREYMI
heildverslun

Streymi heildverslun ehf. S 588 2544
Goðanesi 4 N streymi@streymi.is
603 Akureyri V www.streymi.is

Lely Center Ísland

SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Umferðin eykst á Hringvegi

Umferð um Hringveg heldur áfram að aukast. Í nýliðnum máímánuði var hún 8,4% meiri miðað við maí árið á undan, en er þó ekki jafnmikið og hún hafði dregist saman í þeim hinum sama maí fyrir ári síðan um ríflega 10%.

Útlit er fyrir að í ár geti umferðin aukist um 8% prósent en yrði eigi að síður um sex prósentum minni en árið 2019. Þess ber að geta að það var metár í umferðinni. Um er að ræða umferð yfir 16 lykilteljarasnið Vegagerðarinnar á Hringvegi.

Mest aukning á Austurlandi

Umferðin jókst mest yfir teljara á Austurlandi, eða um rúmlega 23%,



en á síðasta ári hafði orðið tæplega 40% samdráttur á Austurlandi í sama mánuði. Minnst jókst umferð yfir lykilteljarasnið á og í grennd við höfuðborgarsvæðið, eða um 5%. Af einstökum mælisniðum jókst umferð mest yfir mælisnið á

Mýrdalssandi, eða um rétt rúmlega 50%.

Frá áramótum hefur umferðin aukist um rúmlega 12% en á sama tíma á síðasta ári hafði safnast upp 15,5% samdráttur. Þetta kemur fram á vef Vegagerðarinnar. /MPP



Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Eylif vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu Fjarðarkaupum og Nettó Ókeypis heimsending af www.eylif.is



Ólafía Ingólfssdóttir

Ólafía er 69 ára og starfaði sem rekstrarstjóri á N1 á Hvolsvelli. „Ég vann langar vaktir, var mikið á ferðinni og var orðin mjög slæm í hnenu að ég tók stundum hátt í 10 verkjatöflur á dag og svaf mjög slitrótt vegna verkja. Ég var á leiðinni í hnélíðskipti þegar ég byrjaði að taka Active JOINTS síðasta sumar. Ég sá auglýsingu með Active JOINTS frá Eylíf og hugsaði með mér ég hef engu að tapa og ákvað að prófa vöruna.

Það var alveg ótrúlega góður árangur sem ég fann fljótlega eða eftir ca 2-3 vikur. Í september þá var ég farin að sofa betur og var orðin það góð að ég þurfti ekki lengur að taka verkjatöflur alla daga.

Ég finn svo mikinn mun á mér, mér líður svo miklu betur, ég hef miklu meiri liðleika sem eru mikil lífsgæði fyrir mig. Núna fer ég í jóga og get gert allar æfingar sem ég gat aldrei gert áður. Mér finnst orðið svo auðvelt að hreyfa mig og núna get ég gengið um allt án vandræða, sem ég gat ekki gert áður“.

Svo er gaman að segja frá því að það eru tíu manns í kringum mig sem eru einnig að taka inn Active JOINTS og finna líka mikinn mun á sér líkamlega til hins betra.

Þetta er það allra besta bætiefni sem ég hef tekið inn. Ég mæli 100% með Active JOINTS frá Eylíf.

Þar sem ég hef fulla trú á virkni íslensku efnanna þá er einnig byrjuð að taka inn Smoother SKIN & HAIR frá Eylíf og finn strax mun á hárinu því ég var búin að glíma við hárlós, finn einnig mun á húðinni og nöglum.

Ég mæli 100% með vörunum frá Eylíf.



Guðrún Sigríður Jakobsdóttir

Ég byrjaði fyrir nokkrum mánuðum að taka inn Active JOINTS en ég var búin að prófa ýmis fæðubótaefni fyrir liði vegna eymsla í hjám. Eftir aðeins einn mánuð, fann ég góðan mun á mér, bæði fann ég meiri orku og miklu meiri liðleika.

Eftir 2ja mánaða inntöku varð óvart hlé á inntöku í 2 vikur og fann ég þá hversu gott Active JOINTS hafði gert mér, því ég fór að finna aftur fyrir miklum óþægindum í hjám og vöðvaþreytan í hálsi og herðum var fljót að gera vart við sig.

Eftir að ég byrjaði aftur að taka inn Active JOINTS þá tók það rúmlega viku þar til ég fór að finna aftur stóran mun á mér. Ég mun alveg pottþétt halda mér við Active JOINTS í framtíðinni.

Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fjórar vörur, **Active JOINTS**, **Stronger BONES**, **Smoother SKIN & HAIR** og nýjasta varan er **Happier GUTS**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaeftum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum gæðahráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.

„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra“ segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum. Öll framleiðsla Eylífar fer fram á Grenivík.

„Við vitum öll að heilsan er dýrmætust því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna, **Happier GUTS**“ segir Ólöf Rún.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungur frá Bíldudal
- Smáþörungur (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

Hreint óerfðabreytt hráefni Íslensk framleiðsla

Heilsan er dýrmætust

Fæðubótaefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Þórdís S. Hannesdóttir

Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** frá Eylíf því það hefur reynst mér mjög vel.

Ég hef alltaf verið með lata þarmastarfsemi og hef verið að prófa ýmislegt í gegnum tíðina til að laga meltinguna en var bara hætt að hugsa um þetta því ekkert virtist koma að gagni og ég hugsaði bara „ég er bara svona og lítið við því að gera“.

Ég var svo heppin að kynnast **Happier GUTS** nýlega eftir ábendingu um að þetta virkaði vel, en ég var búin að vera í langri hvíld frá öðrum bætiefnum.

Ég ákvað ég að prófa **Happier GUTS** sem ég sé ekki eftir, því eftir ca 2ja mánaða notkun fann ég gríðalegan mun á mér, allt annað líf en áður.

Óþægindin sem ég áður hafði voru ekki lengur svo fann ég að öll almenn líðan var mjög góð bæði andleg sem líkamleg, mér líður betur.

Ég mun svo sannarlega halda áfram að taka inn þetta frábæra efni sem er unnið úr íslenskum gæðahráefnum og framleitt hér á landi.

Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** því það hefur hjálpað mér mjög mikið.

Nýjasta varan frá Eylíf er Happier GUTS sem inniheldur fjögur íslensk hráefni:

- **Kítósan** er unnið úr rækjuskel, sem eru náttúrulegar trefjar og hefur staðfesta virkni
- **Kalkþörungur** sem eru mjög kalkríkir og innihalda 74 stein- og snefilefni frá náttúrunni, margar rannsóknir staðfesta virkni þess.
- **GeoSilica kísillinn** sem hefur reynst vel og rannsóknir staðfesta virkni þess.
- **Fjallagrös** sem eru vel þekkt fyrir sína góðu áhrif í gegnum tíðina
- Við styrkjum blönduna með öflugri blöndu af meltingarensýmum, C vítamíni, krómi, jöði og sink.

Athugið að ekki má taka D vítamín eða önnur fituleysanleg vítamín á sama tíma. Látið líða ca 2 klst á milli.



Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öllum lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.600 með vsk. (innheimt í tvönnu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.600 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Blaðamenn: Erla Hjörðís Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – Auglýsingastjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – Sími: 563 0303 – Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Augun að opnast

Eftir áratuga eyðimerkurgöngu í meðhöndlun sorps á Íslandi berast nú þau tíðindi að fara eigi að taka til hendi við að „undirbyggja ákvarðanir“ um tæknilausnir, staðarval og kostnað við byggingu á 100 þúsund tonna sorporkustöð sem væntanlega verður byggð á Suðurnesjum.

Að undirbúningi ákvarðanatöku, sem á að taka fjóra mánuði, standa fjögur byggðasamlög, þ.e. Sorpa, Kalka á Suðurnesjum, Sorpurðun Vesturlands og Sorpstöð Suðurlands, auk umhverfisráðuneytisins. Á starfssvæði byggðasamlaganna fellur til nærri 85% alls úrgangs á landinu.

Eins og margoft hefur verið fjallað um hér í Bændablaðinu þá hefur ríkt ótrúlegt úrræðaleyfi í sorpmálum Íslendinga líkt og skólpmálum um áratuga skeið. Vandráðagangurinn í sorpmálunum er einkum tilkominn vegna kreddufullrar pólitískrar afstöðu þeirra sem ráðið hafa ferðinni í umhverfismálum, bæði á landsvísi sem og í sveitarstjórnarpólitík, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Þar á bæ vildi fólk hreinlega ekki taka mark á þeirri þróun sem átt hefur sér stað í sorpbrennslumálum á Norðurlöndum og víðar um heim á liðnum áratugum. Gilti þá einu þó sýnt hafi verið fram á með vísindalegum gögnum og útreikningum ágæti þess að umbreyta sorpi í orku. Þess í stað hefur verið haldið dauðahaldi í þá afstöðu að öll brennsla á sorpi sé alsæl og ekki í takti við þá hugmyndafræði sem rekin hefur verið í loftslagsmálum.

Með þessa sérkennilegu hugmyndafræði að leiðarljósi var m.a. farið út í botnlausan fjáraustur við uppbyggingu á jarðgerðar- og gasstöð í Álfsnesi sem kostaði skatt- og útsvarsgreiðendur á sjöunda milljarð króna. Sú stöð getur samt ekki annast förgun á plasti og ýmsum efnum sem áfram hefur orðið að urða. Þá hefur verið upplýst að annað meginframleiðslufurð stöðvarinnar, molta, er algjörlega ónothæf vegna mengandi efna sem í henni eru.

Ýmsir hafa reynt að hafa vit fyrir þeim sem ráðið hafa ferðinni. Hafa menn þar bent á tæknilausnir sem þegar eru til þannig að óþarfi sé að finna upp enn eitt hjólið á Íslandi. Þá hefur allavega eitt norskt sorpbrennslufyrirtæki boðist til að fjármagna, byggja og reka slíka stöð á Íslandi og þá helst á Suðurnesjum. Hafa menn þar meira að segja horft á þann kost að nýta koltvísýringinn sem frá stöðinni kemur fyrir ræktun grænmetis í stórum stíl til útflutnings. Ekki hafa menn samt séð ástæðu til að svara slíku boði, sem sennilega má þó meta á 35 milljarða króna.

Nú segir borgarfulltrúi VG og formaður stjórnar Sorpu, sem á og rekur jarðgerðar- og gasstöðina GAJA, í viðtali í Morgunblaðinu sl. þriðjudag að þar sé „verið að ná tökum á lífrænum úrgangi“. Einnig segir:

„Næsta stóra verkefnið er að afsetja brennanlegan úrgang.“

Fram kemur í þessu viðtali að nú eigi loks að fara að skoða málin. Allt verði skoðað, meðal annars flutningur sorpsins, sótspor þess og staðarval sorporkustöðvar sem og nýting „glatvarma“. Þar er líka ánægjulegt að sjá í þessu viðtali að eftir ábendingar fjölda fólks árum saman fyrir daufum eyrum, eru íslenskir stjórnálmenn nú loks að átta sig á að Íslendingar verði sjálfir að bera ábyrgð á eigin úrgangi.

Það ber að fagna þeim góðu tíðindum og að einhver hreyfing sé að komast á sorpeyðingarmálin á Íslandi. Skrítið er þó að menn fari fyrst að opna augun þegar stytast fer í sveitarstjórnarkosningar og vart meira en korter er í boðaðar alþingiskosningar. /HKr.

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Landbúnaður er ein grundvallarvinnugreina á Íslandi og gegnir mikilvægu hlutverki í fæðuöryggi þjóðarinnar. Virðiskeðjan frá haga í maga er burðarás í lífsviðurværi á mörgum dreifbýlissvæðum landsins og landbúnaðurinn sem atvinnugrein skiptir sköpum fyrir samfélagið í tengslum við lýðheilsu, menningu, efnahag og byggðapróun.

Á næstu árum bíða þó margvíslegar áskoranir atvinnugreinarinnar, svo sem á sviði loftslags- og umhverfismála, nýsköpunar, matvælaöryggis og örari breytinga á neyslumynstri. Neytendur gera sífellt meiri kröfur um fjölbreytt vöruúrval og ferskleika en eftirspurnin innanlands eftir flestum landbúnaðarvörum hefur aukist, ekki síst með aukinni umhverfisvitund. En það er fyrst og fremst öll virðiskeðja matvæla sem skiptir máli því það á að skipta neytandann máli hvernig matvæli eru framleidd og við hvaða aðstæður.

„Gul stéttarfélag“

Upp á síðkastið hefur Alþýðusambandið látið sverfa til stáls gagnvart svokölluðum gulum stéttarfélögum. Það er vel hægt að taka undir orð forseta ASÍ í ræðu sem flutt var á formannafundi ASÍ, en hún sagði m.a. að ekki væri ástæða til að lækka laun í íslenskum fataiðnaði af því að það væru lægri laun í Bangladesh. Þetta hafa bændur bent á árum saman.

Hljóð og mynd



Krafa um mikinn kaupmátt og ódýr matvæli

Um leið og þess er krafist að kaupmáttur launa á Íslandi sé í hæstu hæðum er þess krafist að matvæli séu ódýr. Með viðskiptasamningum eru íslenskir bændur látnir keppa við bændur í löndum þar sem laun eru mun lægri.

Til upprifjunar má nefna að ASÍ lagði hart að stjórnvöldum árið 2016 að innleiða tilskipun Evrópusambandsins um samábyrgð/keðjuábyrgð verktaka á íslenskum vinnumarkaði, en ASÍ hafði fengið sterkar

vísendingar þess efnis að undirboð fóru vaxandi á íslenskum vinnumarkaði, ekki síst hjá erlendum fyrirtækjum sem komu hingað til lands með starfsmenn sína og tengdust stórum samningskeðjum verktaka á byggingamarkaði og við aðrar verklegar framkvæmdir.

Það væri því fróðlegt að vita hvort stærsta launþegahreyfing landsins hefur skipt um skoðun frá því þegar þau hvöttu til lækunar tolla á búvörum, m.a. með viðskiptasamningi við ESB. En sá samningur hefur lækkað verð til bænda með sambærilegum hætti við það sem samtökin berjast nú um við flugfélög.

ÍSLAND ER LAND PITT



Þverspyrna í Hrunamannahreppi. Þessi bær er ekki í alfaraleið þótt hann sé skammt austan við þéttbýlið á Flúðum og örskammt frá kirkjustaðnum Hruna. Það fyrsta sem vekur athygli vegfarenda þegar horft er heim að bænum er einstök snyrtimennska sem margir mættu taka sér til fyrirmyndar. Talið er að elsta handsmiðaða jólatré landsins sé frá Þverspyrnu. Það var smíðað af Jóni Jónssyni, bónda í Þverspyrnu, um eða rétt eftir 1873. Tréð var smíðað fyrir Kamillu Briem, prestsfrú í Hruna. Dóttir hennar, Elin húsfreyja Steindórsdóttir í Oddgeirshólum í Flóa, átti það eftir hennar dag og gaf Byggðasafni Árnesinga árið 1956. Tréð er grænsmálað að lit og einn metri á hæð með 38 þílum sem stungið er í þar til gerð göt í tréstofninum. Þá var það skreytt með sortulyngi, krækilyngi og beitleyngi.

Mynd / Hörður Kristjánsson



Knútur Rafn, sem fór með fyrsta hópinn föstudaginn 11. júní en heimamenn í Reykholti munu skiptast á að fara með hópa í sumar.

Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Reykholt í Bláskógabyggð:

Sælkerarölt er alla föstudaga í sumar fyrir gesti og gangandi

„Röltið gekk svo vel í fyrrasumar en þá fengum við um 300 manns í göngurnar þannig að við ákváðum að taka þráðinn aftur upp í sumar og bjóða upp á Sælkerarölt um Reykholt alla föstudaga í sumar klukkan 11.00. Gangan tekur um eina og hálf klukkustund með stoppum og smakki á nokkrum stöðum,“ segir Knútur Rafn Ármann, einn af göngustjórum Sælkeragöngunnar í sumar.

Röltið hefst alla dagana við Mika, fjölskyldurekinn veitingastað þar sem gestir fá að smakka á heimagerðu konfekt frá Mika. Síðan rekur gangan sig með fjölbreyttum fróðleik með viðkomu við hverinn í Reykholti þar sem Sigrún Erna býður upp á rúgbrauð bakað í hvern um. Brauðið er borið fram með íslensku smjöri. Eftir rölt í smástund er stoppað í nýrri garðyrkjustöð sem heitir Daga, en þar fá gestir að kynna starfsemi stöðvarinnar og smakka á nýjum íslenskum jarðarberjum, brómberjum og hindberjum. Síðasti stoppastaðurinn er Friðheimar þar sem sagt er frá starfsemi stöðvarinnar og boðið upp á smakk. „Fyrir þá sem ekki vita þá er Reykholt frábærlega staðsett, klukkustund frá höfuðborgarsvæðinu, á miðjum Gullna hringnum og stutt frá alls kyns náttúruperlum. Því er tilvalið að dvelja nokkrar nætur í Reykholti og drekka í sig sveitasæluna,“ segir Knútur Ármann. /MHH



Sigrún Erna að bjóða gestum upp á hverarúgbrauðið sitt.



Um 300 manns mættu í Sælkeraröltið síðasta sumar og reiknað er með að enn fleiri mæti í sumar.



Mika á veitingastaðnum Mika að kynna starfsemi staðarins og bjóða upp á konfekt sem þar er búið til og nýtur mikilla vinsælda.

MÆLT AF MUNNI FRAM

276

Heyrt hef ég Rósberg Guðnason Snædal hæstan og mestan hringhendu hagrýðing sinnar samtíðar. Held það séu orð að sönnu. Vísur Rósbergs eru svo leikandi léttar, auðskildar og guldu ekki vitund fyrir bragarháttinn þótt aldyr væri. Hér fara á eftir nokkrar þeirrar gerðar:

Léttast spor og lyftist brá,
lifnar þor að nýju.
Endurborin er mín þrá
úti í vori hlýju.

Sunnanvindar verma best,
viknar strindið hvíta.
Þá er yndi allra mest
auða rinda að líta.

Árdagsroði feugar fjöll,
falla stoðir ísa.
Vorið boðar okkur öll,
undan voð skal rísa.

Flykkist hingað fuglaþjóð,
flógrar kringum bæinn
til að syngja ástaróð,
Íslendingabraginn.-

Hlýnar vangur, grund og gil,
grænir anga hagar.
Okkur fangið fullt af yl
færa langir dagar.

Ein magnaðasta hringhenda Rósbergs, ort á hans efstu dögum, og efnið sótt í leiðtogafund þeirra Gorbatsjovs og Reagans, sem haldinn var í Höfða forðum tíð:

Á lokuðu sviði var leikið af tveim,
í lofinu fiðraði rafíð.
Og loks komst á friður í löndunum þeim
sem liggja við Miðjarðarhafíð.

En við eigum sannarlega hringhendusmiði enn í dag. Ingólfur Ómar Armannsson raðar listilega orðum sínum í hringhenduförminu. Best tekst honum í náttúrulýsingum. Ein sú nýjasta þeirrar gerðar er einkar lipur og ljóðræn:

Veröld ljómar, drungi dvín,
daga rómum langa.
Söngvar óma, sólin skín,
sumarblómin anga.

Á hinni víðlesnu Facebook birtist á dögnum þessi sjálfslýsing Ingólfs Ómars, þó ekki hringhend:

Ómar var og alltaf verður
ör í skapi, en þó blíður.
Hann er vel af Guði gerður,
en galla hefur engu að síður.

Undir lok síðasta árs, nánar tiltekið þann 17. desember, tilkynnti hin óskekikula Facebook um fæðingardag Ingólfs Ómars. Frá einum lesanda hans birtist þessi afmæliskevja:

Vær þér hossi veröld blíð
vinafjöld og konur,
fæddur enda á fengitíð
ferskeytlunnar sonur.

Einn af nafnkunnnum hagrýðingum sinnar tíðar var Jakob Ó. Pétursson, ritstjóri frá Hranastöðum í Eyjafirði. (1907–1977). Eftir Jakob liggja ljómandi vísur og ljóð. Eftirfarandi vísur sanna vel þá staðhæfingu:

Margir sækja um bita og bein,
búnir alla vega,
ef tunga er mjúk, og trúin hrein,
tekst það venjulega.

Þótt mann skorti skerpu og vit,
skal ei neitt frá reika,
nú er aðeins innt um lit;
ekki um hæfileika.

Undir samhengum bragarhætti er þessi vísa Jakobs:

Drósin frétti um dansleikinn,
dufti sletti á brá og kinn,
klæddi netta kroppinn sinn
í kalda, léttu búninginn

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com



Ásborg Arnpórsdóttir, ferðamálafultrúi Uppsveita Árnessýslu, lét sig ekki vanta í gönguna 11. júní en hún er mjög stolt og ánægð með frumkvæði íbúa í Reykholti að bjóða upp á Sælkeragöngur í allt sumar.

FRÉTTIR



Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri í Hörgársveit, segist finna það sterkt að áhugi sé fyrir því að flytja í sveitarfélagið. Í þéttbýliskjarna við Lónsbakka er verið að byggja 28 íbúðir og byrjað verður á jafnmörgum síðar á árinu, eða 56 íbúðum. Þegar uppbyggingu við tvær nýjar götur lýkur verða íbúar í hverfinu um 400 talsins.

Rífandi gangur er í byggingaframkvæmdum í Hörgársveit

— Fjöldi íbúða í byggingu og fjölmargar lóðir seldar

Íbúar í Hörgársveit nálgast óðum það mark að verða 700 talsins. Fjölgun íbúa hefur komið til á allra síðustu árum en undanfarin ár hefur þeim fjölgað á annað hundraðið.

„Við finnum sterkt fyrir því að áhugi er fyrir að flytja út í Hörgársveit. Sveitarfélagið er vel rekið og vel í sveit sett með sterka innviði, skóla og leikskóla og ýmsa þjónustu. Í Hörgársveit getur fólk sameinað bestu kosti bæði þéttbýlis og dreifbýlis,“ segir Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri í Hörgársveit.

118 nýjar íbúðir

Rífandi gangur er í byggingaframkvæmdum í sveitarfélaginu og húsin spretta upp. Fyrsta skóflustunga vegna gatnagerðar við nýtt hverfi á Lónsbakka, við göturnar Reynihlíð og Víðihlíð, var tekin fyrir rúmum tveimur árum. Nú er búið að byggja þar 30 íbúðir og íbúarnir eru orðnir 70 talsins við Reynihlíðina.

„Það er byrjað á 28 íbúðum og smíði þeirra stendur sem hæst en seinna á þessu ári verður byrjað á 28 íbúðum til viðbótar,“ segir Snorri. Þá eru eftir lóðir í hverfinu fyrir um 32 íbúðir og gert ráð fyrir að hafin verði bygging á þeim á næsta ári.

Að loknum þessum framkvæmdum verða alls 118 nýjar íbúðir við Reynihlíð og Víðihlíð og íbúar í öllu Lónsbakkahverfinu þá um 400 í allt.

Til stóð um tíma að nýta húsnæði á fyrrum heimavist við Þelamerkurskóla og útbúa þar litlar íbúðir til útleigu. Fallið hefur verið frá þeim áformum að sögn Snorra, en sveitarstjórn ákvað í lok maí að taka húsnæði heimavistar sem framtíðar skólahúsnæði.

„Það er gert ekki síst í ljósi mikillar íbúafjölgunar og klárlega mun einn daginn verða komin upp þörf fyrir stærra skólahúsnæði,“ segir hann.

Fjórar lóðir klárar á Hjalteyri

Hjalteyri er annar þéttbýliskjarni í Hörgársveit. Þar eru klárar fjórar íbúðahúsalóðir niður á eyrinni og búið að úthluta þremur þeirra. Framkvæmdir eru á næsta leiti. Að auki nefnir Snorri að búið sé að skipuleggja 18 einbýlishúsalóðir, stórar sjávarlóðir í Hagabyggð við Glæsibæ. Þegar séu 11 þeirra seldar og búið er að taka fyrsta grunninn í því hverfi.

„Það er allt að fara á fullt þar, svo segja má að mikið sé í gangi hjá okkur,“ segir Snorri Finnlaugsson. /MPÞ



Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins. Mynd / ANR

Safna gögnum til að auka arðsemi í sauðfjárbúskap

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, sauðfjárbændur og atvinnuvegaráðuneytið hafa gert með sér samkomulag um verkefnið „Betri gögn, bætt afkoma“, sem gengur út á að auka rekstrarráðgjöf til sauðfjárbúa og bæta afkomu bænda. Ætlunin er að efla núverandi verkefni Ráðgjafarmiðstöðvarinnar (RML) á sviði afkomuvöktunar sauðfjárbúa verulega og fjórfalda stærð þess á samningstímanum.

Gögnin verða nýtt til að auka leiðsögn til þátttakenda um tækifæri til hagræðingar í sínum rekstri í ljósi þeirra gagna sem þeir skila inn. RML mun veita ráðgjöf til þátttakenda á einstaklingsgrunni sem byggir á styrkleikum og veikleikum hvers og eins.

Umtalsverð tækifæri til hagræðingar að mati ráðherra

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þakkaði fulltrúum RML og LS fyrir samstarfið og að koma því á fót. „Staðreyndin er sú að gögn frá

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sýna að það eru til staðar umtalsverð tækifæri til hagræðingar í íslenskum sauðfjárbúskap. Meginmarkmið þessa samkomulags er að gera bændum kleift að hagræða í sínum rekstri og bæta þannig afkomu þeirra til skemmri og lengri tíma,“ sagði Kristján Þór.

Fáum betri yfirsýn um rekstur sauðfjárbúa

Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, sagði bændur hafa miklar væntingar til verkefnisins. „Með aukinni þátttöku bænda munum við fá enn betri yfirsýn yfir rekstur búanna og betri gögn til að vinna með. En verkefnið mun líka nýtast til þess að hver og einn bóndi geti borið sig saman við sambærileg bú og þannig greint styrkleika og veikleika í sínum rekstri.“

Mikill breytileiki er í afkomu

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðar-

ins hefur sem áður sagði unnið að verkefninu „afkomuvöktun sauðfjárbúa“ undanfarin ár en það snýr að söfnun og greiningu rekstrargagna frá sauðfjárbúum. Gögnin hafa síðan verið notuð til þess að leiðbeina bændum um sinn rekstur. Niðurstöður verkefnisins sýna að umtalsverð tækifæri eru til staðar til hagræðingar en mikill breytileiki er í afkomu búanna, að mati RML. Samkvæmt samkomulaginu byggir verkefnið á þessari vinnu RML.

Viðhorfskönnun meðal sauðfjárbænda í undirbúningi

Í fregn á vef atvinnuvegaráðuneytisins segir að verkefnið sé liður í aðgerðaráætlun til eflingar íslensks landbúnaðar sem ráðherra kynnti í febrúar 2021. Þar kemur einnig fram að það standi til að gera viðhorfskönnun meðal sauðfjárbænda til að meta nánar stöðu og horfur í greininni, s.s. viðhorf til núverandi stuðningskerfis, afstöðu til loftslagsmála, vinnuálag við reksturinn og fleira.

B BOREAL
SUPER TRUCK EXPLORERS



ÓBYGGÐIRNAR KALLA
TVEGGJA TIL SEX MANNA HÚSTRUKKAR TIL LEIGU

Fullkominn ferðafélagi fyrir:
Veiðiferðina, Örafín, Norðurljósin, Hálandið, Fjölskylduna, Vinina.
Til leigu, með eða án bílstjóra.



ingi@boreal.is

S: 864 64 89

www.boreal.is

Kynbótasýning á Fjórðungsmóti Vesturlands frá 7. til 11. júlí

Fjórðungsmót á Vesturlandi verður haldið dagana 7. júlí–11. júlí í Borgarnesi. Hross sem eru í eigu aðila á Vesturlandi, Vestfjörðum, Húnavatnssýslum eða Skagafirði eiga þátttökurétt á kynbótasýningu á mótinu og er miðað við að lágmarki 25% eignarhlut.

Ákveðinn fjöldi efstu hrossa í hverjum flokki á þátttökurétt og er því ekki um einkunnalágmörk að ræða (sjá fjölda í töflu 1). Miðað er við að 68 kynbótahross verði á mótinu þar sem um 75% hrossa í hverjum flokki verða valin eftir aðaleinkunn og um 25% hrossa eftir aðaleinkunn án skeiðs. Er þetta gert til að auðvelda bestu klárhrossum með tölti að komast inn á mótið. Þetta er sama leið og áætlað var að fara fyrir síðasta Landsmót.

Stöðulisti verður birtur í WorldFeng sem sýnir hvaða hross eru inni á mótinu hverju sinni. Ef fleiri en eitt hross eru jöfn í síðasta sæti inn á mótið þá er þeim öllum heimil þátttaka á mótinu. Eins verða eigendur hrossa, sem vinna sér þátttökurétt á mótinu, en ætla sér ekki að mæta með þau af



Hans Þór Hilmarsson og Kylja frá Stóra-Vatnsskarði, sem var sýnd á Fjórðungsmóti Vesturlands árið 2017 í Borgarnesi. Mynd / Eiofaxi

Fjöldi kynbótarhrossa á FM 2021

	4 vetra	5 vetra	6 vetra	7 v. og eldri	Samtals
Stóðhestar	8	8	8	6	30
Hryssur	8	14	10	6	38

einhverjum ástæðum, beðnir um að láta vita fyrir 22. júní nk. Þá er hægt

að bjóða eigendum hrossa sem eru neðar á listanum þátttöku á mótinu.

Svo allt rúlli hnökralaust áfram



Skoðaðu
úrvalið
í vefverslun
okkar

Michelin, Taurus og Kleber

Vertu með gæðadekk undir vinnuvélunum þínum.



Michelin XEOBIB

Engin breyting á loftþrýstingi hvort sem ekið er á jarðvegi eða vegum.

Fara betur með jarðveg, spóla minna og eyða minni olíu.

Aukin þægindi og mykt.



Taurus 65

Lægri loftþrýstingur.

Munstur sem veldur lágmarks jarðvegsskemmdum.

Aukin þægindi.



Kleber Gripper

Betri ending.

Munstur sem veldur lágmarks jarðvegsskemmdum.

Aukið grip.

BKT landbúnaðar- og iðnaðardekk

N1 er umboðsaðili BKT á Íslandi. Einn stærsti framleiðandi landbúnaðar- og iðnaðardekkja í heimi. Allt frá minnstu heytætlum og upp í stærstu vinnuvélar þá eru BKT lausnin fyrir þig.

Frábær dekk á flottu verði.



Hafðu samband við N1 verslanir eða N1 verkstæðin um allt land:

Bílabjónusta, dekkjadeild	440 1120	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374
Bíldshöfða	440-1318	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372
Fellsmúla	440-1322	Dalbraut Akranesi	440-1394
Réttarhálsi	440-1326	Réttarhvammi Akureyri	440-1433
Ægisíðu	440-1320	Höfn, þjónustustöð	478-1940
Langatanga Mosfellsbæ	440-1378	Reyðarfirði, verslun	474-1293
		Ólafsvík, verslun	436-1581

440 1000
n1.is
dekkjadeild@n1.is



ALLA LEIÐ

FRÉTTIR



Nemendurnir 39 sem útskrifuðust á dögnum frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Með þeim á myndinni (lengst til vinstri) er Daði Már Kristófersson aðstoðarrektror og lengst til hægri er Ragnheiður I. Þórarinsdóttir rektor.

Landbúnaðarháskóli Íslands útskrifar 39 nemendur:

Salbjörg Ragna Sævarsdóttir dúxaði á B.S. prófi í búvísindum með einkunnina 9,1

Brautskráning nemenda úr búfræði og háskóladeildum Landbúnaðarháskóla Íslands fór fram við hátíðlega athöfn frá Hjálmakletti í Borgarnesi í byrjun júní. Alls voru 39 nemendur brautskráðir úr búfræði og af háskólabrautum.

Af búfræðibraut voru það 15 nemendur sem fengu nafnbótina búfræðingur og settu upp húfur.

Í BS námi kláruðu 6 úr búvísindum og 4 úr landslagsarkitektúr og 5 nemendur náttúru- og umhverfisfræði ásamt einum úr skógræði.

Úr meistaranámi kláruðu 3 nemendur skipulagsfræði og 4 rannsóknarmiðað meistaranám, auk þess brautskráðist einn úr doktorsnámi. Mögulega er Covid að spila inn í að aðeins færri eru að brautskrást en í venjulegu ári.

Dúxaði í búvísindum með 9,1

Að loknu ávarpi Ragnheiðar I. Þórarinsdóttur rektors hófst brautskráning búfræðinga. Þar hlaut Salbjörg Ragna Sævarsdóttir verðlaun fyrir frábæran árangur fyrir lokaverkefni á B.S. prófi í

búvísindum með einkunnina 9,1. Fékk hún að launum verðlaun frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Nanna Vilborg Harðardóttir var með bestan árangur á B.S. prófi við skólann með einkunnina 8,45. Hún stundaði nám í landslagsarkitektúr.

Frábær árangur í hagfræði- og búteknigreinum

Ástrós Ýr Eggertsdóttir hlaut verðlaun fyrir frábæran árangur í hagfræðigreinum. Ástrós hlaut einnig verðlaun fyrir frábæran árangur í búteknigreinum og viðurkenningu fyrir frábæran árangur í lokaverkefni sem og verðlaun fyrir frábæran árangur á búfræðiprófi.

Ásgerður Inna Antonsdóttir fékk verðlaun fyrir frábæran árangur í námsdövl. Hún fékk líka verðlaun fyrir frábæran árangur í nautgripærækt.

Eydís Ósk Jóhannesdóttir hlaut verðlaun fyrir frábæran árangur í sauðfjárrækt.

Á búvísindabraut hlaut Swanhild Ylfa K R Leifsdóttir verðlaun fyrir verðlaun fyrir góðan árangur á B.S. prófi.

Elisabet Bjarnadóttir hlaut verðlaun fyrir góðan árangur í skipulags- og landslagsarkitekturfögum. Elisabet hlaut einnig verðlaun fyrir góðan árangur í plöntunotkun.

Nanna Vilborg Harðardóttir hlaut verðlaun fyrir góðan árangur á B.S. prófi í landslagsarkitektúr.

Ingibjörg Ólöf Benediktsdóttir hlaut verðlaun fyrir góðan árangur á B.S. prófi í náttúru- og umhverfisfræði.

Björk Kristjánsdóttir fékk verðlaun fyrir góðan árangur á B.S. prófi í skógræði.

Atli Steinn Sveinbjörnsson hlaut verðlaun fyrir góðan árangur á M.S. prófi í skipulagsfræðum.

Julia C. Bos fékk verðlaun fyrir góðan árangur í rannsóknarmiðaðu M.S. prófi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Þá brautskráðist einnig Þórunn Pétursdóttir með doktorspróf úr náttúru- og umhverfisfræði.

Þrjár styrkveitingar úr framfarasjóði Ingibjargar Guðmundsdóttur og Þorvaldar Guðmundssonar

Þrjár styrkveitingar úr Framfarasjóði Ingibjargar Guðmundsdóttur

og Þorvaldar Guðmundssonar voru veittar við athöfnina. Alls voru veittir styrkir að upphæð 400.000 kr. úr sjóðnum en tilgangur sjóðsins er að styrkja nemendur Landbúnaðarháskóla Íslands til framhaldsmenntunar og að styrkja rannsóknir nemenda á fagsviði Landbúnaðarháskólans.

Styrkina hlutu Esther Marloes Kapinga, en hún hóf MS nám í náttúru- og umhverfisfræðum við Landbúnaðarháskóla Íslands síðastliðið haust og hlaut styrk fyrir verkefnið: Soil fauna community structure across a chronosequence with and without elevated levels of allochthonous resource input: A case study on Surtsey, Ellidaey and Heimaey.

Þá hlaut Anna Guðrún Þórðardóttir styrk, en hún hóf nám í búvísindum síðastliðið haust og snýr verkefni hennar að því að meta erfðastuðla og erfðafylgni á milli byggingatengdra eiginleika hjá íslenska kúastofninum.

Jóhannes Kristjánsson hlaut einnig styrk en hann hóf nám í búvísindum haustið 2019 og snýr hans verkefni að holdastigi íslenskra mjólkurkúa.

Tvö hlutu styrki úr Blikastaðasjóði

Einnig voru veittir styrkir úr Blikastaðasjóði og afhenti Magnús Sigsteinsson, fulltrúi stofnenda þar, tvo styrki.

Þar hlaut Anna Guðrún Þórðardóttir 750.000 króna styrk til MS verkefnis í búvísindum og Jóhannes Kristjánsson hlaut einnig 750.000 kr. styrk til MS verkefnis í búvísindum.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja nemendur sem lokið hafa háskólánámi frá Landbúnaðarháskóla Íslands til framhaldsnáms erlendis eða til rannsókna í landbúnaðarvísindum eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður. Einnig er stjórn sjóðsins heimilt að verðlauna nemendur Landbúnaðarháskólans fyrir framúrskarandi árangur á burtfaraprófi.

Athöfninni á Hjálmakletti stýrði Daði Már Kristófersson aðstoðarrektror og Birna Kristín Ásbjarnardóttir spilaði ljúfa tóna fyrir athöfnina. Eins fluttu þau Eva Margrét Jónudóttir og Jón Snorri Bergsson tónlistaratriði milli dagskrárlíða. /HK/

Málflutningur í máli Danól gegn íslenska ríkinu vegna tolls á innfluttum ostum:

Tekist á um hvort ostur sé ostur eða jurtaostur

Þann 11. júní sl. fór fram munnlegur málflutningur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli nr. E-2209/2021. Stefnandi er Danól og stefndi er íslenska ríkið. Málið varðar úrskurð tollgæslustjóra nr. 3/2021 þess efnis að vara sem ber heitið Festino IQF Mozzarella Pizza Mix, sem er rifinn ostur (82-83% mozzarella) blandaður við jurtaolíu (11-12% pálmaolía) auk sterkju, skuli tollflokkast sem ostur.

Upphaf málsins má rekja til 17. febrúar 2020 en þá gaf tollstjóri út bindandi álit um tollflokkun sömu vöru og að hún skyldi flokkast í tollflokk 0406.2000. Sá flokkur tekur til rifins osts og ber 30% verðtoll

auk magntolls á innflutning utan tollkvóta.

Telur ost sem er að uppistöðu til úr mjólk sé jurtaostur

Danól fór þess á leit að varan sem um ræðir yrði flokkuð sem jurtaostur, sbr. tollskrárnúmer 2106.9068. Tollyfirvöld tóku hins vegar ákvörðun um að varan skyldi flokkuð undir tollskrárnúmeri 0406.3000. Var sú ákvörðun kærð til tollgæslustjóra, sem kvað upp úrskurð nr. 3/2021 um að varan skyldi flokkast undir tollskrárnúmer 0406.2000. Dómsmál Danóls leitast við að fella þennan úrskurð tollgæslustjóra úr gildi.



Festino IQF Mozzarella Pizza Mix.

Í Héraðsdómi Reykjavíkur fór annars vegar fram skýrslutaka af vitnum og hins vegar munnlegur málflutningur. Sækjandi, Danól, leiddi fram þrjá starfsmenn tollafgreiðsludeildar Skattsins en lögmaður ríkisins kvaddi til deildarstjóra endurskoðunardeildar Skattsins.

Þrjár starfsmenn Skattsins töluðu um „óeðlileg afskipti Bændasamtakanna“

Erna Bjarnadóttir, verkefnastjóri hjá MS, sat þinghaldið meðan skýrslutökur fóru fram. Hún segir að það hafi komið mjög á óvart að hlýða á þrjá starfsmenn Skattsins lýsa óeðlilegum afskiptum Bændasamtakanna, sem hefðu með aðgerðum sínum náð að hafa áhrif á herra sett stjórnvald

(fjármálaráðuneytið) sem hefði í kjölfarið mælt fyrir um þá tollflokkun að umrædd vara skyldi tollflokkast sem ostur.

Erna segir að þessi framgangsa sæti nokkrum tíðindum, ekki síst þar sem vitnin héldu því öll fram að þau væru ósammála tollflokkun embættisins sem birtist í tilvitnuðum álitum og úrskurðum.

Vitnuðu gegn afstöðu eigin embættis fyrir dómi

„Í lögum um meðferð einkamála er mælt fyrir um reglu sem felur það í sér að embættismönnum sé óskylt að koma fyrir dóm til að vitna um atvik sem hafi gerst í embætti þeirra ef unnt er að staðfesta það með opinberu skjali.

Í málinu lá afstaða tollyfirvalda gagnvart flokkun vörunnar fyrir í formi bindandi álits frá 17. febrúar 2020 og var niðurstaða í úrskurði tollgæslustjóra nr. 3/2021 í samræmi við hana. Því verður vart séð hver hafi verið þörfin á að leiða starfsmenn tollafgreiðsludeildar fyrir dóm til að segja til um þeirra skoðanir á tollflokkun varanna,“ segir Erna í samtali við Bændablaðið.

Hún segir á móti að málflut-

ingur ríkislögmanns hafi byggt á fyrirbyggjandi niðurstöðum í bindandi áliti frá 17. febrúar 2020. Þetta staðfesti deildarstjóri endurskoðunardeildar og varan ætti réttilega að vera flokkuð sem ostur.

Deildarstjóri hafnaði því að afskipti hagsmunaaðila hafi haft áhrif á málið

Þegar deildarstjórinn var spurður um það sem kom fram í máli yfirtollvarðar tollafgreiðsludeildar, um að vöruna ætti að skrá undir tollskrárnúmerið 2106.9099, kvað hann það af og frá. Hann hafnaði jafnframt að athafnir hagsmunaaðila hefðu átt þátt í máli þegar úrskurður sama efnis og fyrrnefnt bindandi álitið er, var felldur í máli nr. 3/2021.

Umrætt mál er rekið sem flýtimeðferðarmál og er því dóms jafnvel að vænta innan skamms. Sumarlokun í Héraðsdómi Reykjavíkur hefst 19. júlí og telur Erna fullvíst að dómur verði kveðinn upp fyrir þann tíma. Hún segist þó jafnframt reikna með að dómnum verði áfrýjað á hvorn veginn sem hann fer, enda málið sérstakt á margan hátt og að mikið hljóti að vera í húfi fyrir stefnanda, fyrst málinu var veitt flýtimeðferð. /HK/

Lely Center Ísland



KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Samasz hefur um árabíl slegið í gegn á Íslandi



Samasz rakstravél Z-780
Vinnslubreidd: 7,8 metrar **Kr. 2.990.000.- án vsk**
Samasz rakstravél Z2-840
Vinnslubreidd: 8,4 metrar **Kr. 3.290.000.- án vsk**



Samasz diskasláttuvél XT390
Vinnslubreidd: 3,9 metrar
Kr. 2.290.000.- án vsk



Samasz framsláttuvél
KDF340 Vinnslubreidd: 3,4 metrar
Kr. 1.890.000.- án vsk
KDF341S með knosara
Vinnslubreidd: 3,4 metrar
Kr. 2.390.000.- án vsk



Samasz tromlusaláttuvél
Vinnslubreidd: 1,65 metrar
m/glussatjakk **Kr. 495.000.- án vsk**
Vinnslubreidd: 1,85 metrar
m/glussatjakk **Kr. 545.000.- án vsk**



Samasz diskasláttuvél KT341 Vinnslubreidd: 3,4 metrar
Miðjuhangandi **Kr. 1.890.000.- án vsk**
KT301S Vinnslubreidd 3,0 metrar,
með knosara **Kr. 2.290.000.- án vsk**



Samasz MegaCut KDD941
Kr. 4.195.000 án vsk.
KDD941S með knosara
Kr. 5.495.000 án vsk.



Samasz diskasláttuvél KDT260
Vinnslubreidd: 2,6 metrar
Kr. 1.150.000.- án vsk

Samasz diskasláttuvél KDT300
Vinnslubreidd: 3 metrar
Kr. 1.290.000.- án vsk

Samasz diskasláttuvél KDT341
Vinnslubreidd: 3,4 metrar
Kr. 1.890.000.- án vsk



*Malone hefstætlur
nýkomnar*



Tedd-Air 570 – vinnslubreidd 5,7 m – Verð kr. 1.490.000 án vsk.
Tedd-Air 840 – vinnslubreidd 8,4 m – Verð kr. 1.990.000 án vsk.



Palmse vagnar



Palmse PT5850 vélavagn
Burðargeta 23 tonn
Kr. 3.796.000.- án vsk



PT3925 með vökvahlíðum
Burðargeta 19 tonn
Kr. 2.890.000.- án vsk

Búvís
2006-2021



Akureyri · Sími 465 1332
www.buv.is



FRÉTTIR

Sláturfélag Suðurlands á Hvolsvelli: Gestum er boðið að skoða sýningarreitir SS og Yara

Nú í vor voru lagðir út 36 sýningarreitir á Hvolsvelli á vegum búvöru-deildar SS. Markmið reitanna er að geta sýnt gestum og gangandi áhrif mismunandi áburðarskammta á korn og hafla.

Reitirnir eru vel merktir og er gestum og gangandi velkomið að ganga um svæðið.

Sýrustig reitanna sem sáð var í er pH 6,15. Mikilvægt er að sýrustigið sé á bilinu pH 6-6,5 svo að upptaka næringarefna verði sem best.

Sáð var byggi í 30 reiti en notuð voru 2 raða yrkin Kría, Anneli og Filippa og 6 raða yrkin Smyrill og Aukusti. Einnig var sáð í 6 reiti



Sýningarreitir SS og Yara á Hvolsvelli.

af höfnum með yrkinu Niklas. Allir reitirnir fengu 70 kg/ha af köfnunarefni en mismunandi magn af fosfór og kalí. Allur áburður sem var notaður er frá Yara.



Á myndinni, sem tekin var að lokinni undirritun, eru Matthildur María Guðmundsdóttir, Landsvirkjun, Halldór Halldórsson, Landsneti, Kristján Halldórsson, Landsvirkjun, Pétur Pétursson, Brunavörnum Árnæssýslu, Þórarinn Bjarnason, Landsneti og Láraus Kristinn Guðmundsson, Brunavörnum Árnæssýslu.

Mynd / Landsnet

Brunavarnir Árnæssýslu og Landsnet: Efla bruna- og mengunarnarnir við Sog og á Þjórsá

Samstarfssamningur á milli Brunavarna Árnæssýslu og Landsnets var endurnýjaður á dögunum, en samstarfið hefur verið farsælt undanfarið ár. Endurnýjaður samningur er til fimm ára og var skrifaður undir við Ljósafosstöð.

Markmið samningsins er að

efla bruna- og mengunarnarnir á rekstrarsvæðum Landsvirkjunar við Sog og á Þjórsársvæði með fræðslu- og forvarnarstarfi. Það fer m.a. fram með námskeiðshaldi og sameiginlegum brunaæfingum í tengivirki Landsnets og aflstöðvum Landsvirkjunar.

/MPP



Aðventugleði í Tríer

29. nóvember - 6. desember
Fararstjóri: Þóra Björk Valsteinsdóttir

Í þessari glæsilegu ferð um Móseldalinn upplifum við aðventutöfra og hrifandi áfangastaði. Hin söguríka borg, Tríer, lætur engan ósnortinn en hún skartar jafnan sínu fegursta á aðventunni. Farið verður í heillandi dagsferðir, m.a. til Cochem sem er með fallegri bæjum við ána, til Koblenz sem státar af einum fallegasta jólamarkaði Móseldalsins og í töfrandi siglingu á ánni Mósél.

Verð: 234.800 kr. á mann í tvíbýli.
Mjög mikið innifalið!



Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 Reykjavík

sp.ett.



Rúllubaggplast á athafnasvæði Pure North í Hveragerði. Tilgangur samstarfsins er að auka innlenda endurvinnslu sem mun leiða af sér innlenda verðmætasköpun, aukna nýsköpun og minni umhverfisáhrif vegna úrgangsméðhöndlunar.

Mynd / HKR.

Samstarfssamningur um innlenda endurvinnslu á heyrulluplasti: Efla samstarf um úrgangsstjórnun og ráðstöfun endurvinnsluefna

Samstarfssamningur hefur verið undirritaður milli Pure North Recycling, Bændasamtakanna og nokkurra sveitarfélaga um innlenda endurvinnslu á heyrulluplasti.

Verkefninu er ætlað að miðla upplýsingum, þekkingu og reynslu til að hraða framgangi innlendrar endurvinnslu en um er að ræða nýjar lausnir og nálgun í úrgangsstjórnun sveitarfélaga.

Samstarfið hefur þann tilgang að auka innlenda endurvinnslu sem mun leiða af sér innlenda verðmætasköpun, aukna nýsköpun og minni umhverfisáhrif vegna úrgangsméðhöndlunar. Samstarfið er mikilvægt innlegg í uppbyggingu hringrásarhagkerfisins á Íslandi. Samningurinn er til 5 ára og á þeim tíma verður stefnt að því að það plast sem falli til í innlendum landbúnaði nýtist í vöruframleiðslu fyrir innlendan landbúnað, úrgangur verður að afurð, aftur og aftur.

Samstarfsaðilar verkefnisins leggja mikla áherslu á að ná betri árangri í úrgangsmálum og mun þetta samstarf styðja við markmið þeirra um endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs auk markmiða um minni losun gróðurhúsalofttegunda.

Samfélagsleg ábyrgð í verki

„Það er fagnaðarefni að sveitarfélög sýni frumkvæði og axli meiri ábyrgð á sínum úrgangsmálum,“



Sigurður Halldórsson, framkvæmdastjóri Pure North, Áslaug Hulda Jónsdóttir frá Pure North, Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðis og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna.

segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

„Nú þegar höfum við átt gott samstarf við sveitarfélög, bændur og fyrirtæki í landinu, sem hafa sýnt frumkvæði um söfnun og bætta umgengni á plastefnum. Hugmyndin með samstarfinu er að einfalda og auðvelda aðgengi að innlendra endurvinnslu,“ segir Sigurður Halldórsson, framkvæmdastjóri Pure North Recycling. Fyrirtækið hefur endurnnið plast síðastliðin sex ár í Hveragerði og stefnir í átt að uppbyggingu hringrásarhagkerfisins með framleiðslu á vörum úr endurunnu plasti.

„Eitt af þeim markmiðum sem bændur hafa sett sér og sem fjallað er um í Umhverfisstefnu landbúnaðarins sem samþykkt var á Búnaðarþingi 2020, er að færa allt plast sem til fellur í landbúnaði og þá sérstaklega heyrulluplastið, til endurvinnslu.“

Losun vegna framleiðslu og flutnings aðfanga á bordi við áburð, kjarnfóður og rúlluplast er áætluð um 100.000 CO₂ ígilda á ári. Tækifærin eru því mikil fyrir bændur til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og er þetta eitt stórt jákvætt skref í þá áttina,“ segir Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

/ehg

Ný aðveitustöð tekin í gagnað á Sauðárkróki:

Afhendingaröryggi eykst með öflugustu stöðinni í dreifikerfi RARIK

Ný og stærri aðveitustöð RARIK á Sauðárkróki hefur verið tekin í notkun og var spennasett frá flutningskerfi Landsnets í byrjun júní. Hún verður jafnframt öflugasta aðveitustöðin í dreifikerfi RARIK. Um leið eykst til muna afhendingaröryggi raforku á svæðinu.

Dreifikerfi RARIK í Skagafirði tengist flutningskerfi Landsnets bæði í Varmahlíð og á Sauðárkróki. Fram til þessa hefur afhendingin á Sauðárkróki verið um einfalda línu Landsnets, en fer nú um tvær tengingar frá tengivirkinu í Varmahlíð. Aðveitustöð RARIK tengist dreifikerfinu síðan um þrjá aðskilda spennu á Sauðárkróki. Um er að ræða framkvæmdir fyrir um 370 milljónir. Þetta kemur fram á vefsíðu RARIK.

Stærri og fleiri spennar

Í nýju aðveitustöðinni á Sauðárkróki eru fleiri og öflugri spennar en fyrir voru í gömlu aðveitustöðinni. Hægt verður að reka innanbæjarkerfið á Sauðárkróki og sveitirnar í kring á hvorum hinna stóru spennu fyrir sig og má því segja að komin sé tvöföld tenging fyrir Sauðárkrók og jafnvel þreföld tenging fyrir sveitina ef tekin



Nýja aðveitustöð RARIK á Sauðárkróki og nýir aflspennar teknir í hús.

er með tenging við aðveitustöðina í Varmahlíð. Þar er nú verið að setja hluta Glaumbæjarlínu í jörð.

Rafmagnsleysi heyrir sögunni til

Undirbúningur þessa verks hefur staðið lengi og verið í góðu samstarfi við Landsnet. Búnaðurinn var prufukeyrður með góðum árangri áður en spennu var hleypt á, bæði Sauðárkrókslínu 2 sem er nýr jarðstrengur sem tengist nýju tengivirki Landsnets í Varmahlíð og í kjölfarið var nýja tengivirkið á

Sauðárkróki spennusett. Samhliða þessu hefur RARIK endurnýjað nánast allan búnað sinn í tengivirkinu í Varmahlíð. Í nýrri Sauðárkrókslínu 2 hefur 66kV jarðstrengur verið lagður til viðbótar 66kV loftlínu sem fyrir var og því ættu óveður ekki lengur að valda rafmagnsleysi á svæðinu. Spennusetning nýrrar og stærri aðveitustöðvar RARIK á Sauðárkróki er síðan þriðji hlekkurinn í þessari endurbóta-keðju.

Ánægjulegur áfangi

Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK, segir á vefsíðu félagsins að endurbæturnar í Skagafirði séu ánægjulegur áfangi í auknu afhendingaröryggi raforku á svæðinu.

„Það hefur verið vaxandi orkupörf í takti við aukna uppbyggingu í Skagafirði og því mikilvægt að styrkja orkuflutning og dreifingu á svæðinu, en ekki síður að auka afhendingaröryggið. Við vonum að truflanir á raforkuafhendingu heyri brátt til algjörra undantekninga en þær hafa verið of algengar á síðustu árum. Því er ástæða til að óska Skagafirðingum til hamingju á þessum tímamótum,“ segir Tryggvi Þór.

/MPP

Áfram gakk!

Er þitt bú rétt skráð?

Þann **1. júlí** næstkomandi verður innheimt félagsgjald í BÍ samkvæmt breyttu skipulagi samtaka bænda. Gjaldið, sem er veltutengt og þrepaskipt, er vegna seinni hluta þessa árs. Forsenda innheimtunnar er að félagsmenn skrái umfang og eðli síns rekstrar inn á Bændatorgið á sérstakt skráningareyðublað. Þeir sem ekki skrá sína veltu detta út af félagatali og missa þannig sín réttindi, s.s. afslætti á tölvuforritum. Bændur eru hvattir til að ganga frá skráningunni sem allra fyrst.

Heppnir bændur fá sumarglaðning

Þeir félagsmenn, sem hafa lokið við að skrá veltu fyrir 30. júní, eiga möguleika á að vinna sér inn sumarglaðning. Dregið verður úr nöfnum bænda og í pottinum eru:

- **5 gjafabréf** frá Hótel Íslandi í Reykjavík.
- **5 gjafabréf** á Hótel Kea á Akureyri, Skugga Hótel í Reykjavík og Hótel Kötlu á Suðurlandi.
- **Einn heppinn** félagsmaður fær kvöldverð fyrir tvo á veitingastaðnum Bryggjunni á Akureyri.

Hvað þarf að hafa í huga við skráningu?

- Upplýsingar um veltu eru samkvæmt framtali 2020, sem er velta ársins 2019.
- Skrá þarf veltu af allri landbúnaðarstarfsemi, þar með taldar beingreiðslur og styrki, án virðisaukaskatts.
- Í þeim tilfellum þar sem félagsmenn stunda fleiri en eina búgrein þarf að skipta veltunni hlutfallslega á viðkomandi greinar.
- Ef miklar sveiflur eru á tekjum búsin milli ára, þá er heimilt að miða við meðaltal þriggja síðustu rekstrarára.
- Tekjur, sem eru ekki af beinni landbúnaðarstarfsemi, eru ekki teknar með. Dæmi um slíkt er söluhagnaður af seldum vélum, þjónustutekjur, s.s. vegna verktöku eða námskeiðshalds, leigutekjur af landi, veiði og húsnæði.

Ert þú með spurningar vegna félagsgjaldanna?

Fulltrúar BÍ svara fyrirspurnum í síma 563-0300 á skrifstofutíma. Hægt er að senda skilaboð í gegnum Bændatorgið og í netfangið bondi@bondi.is.



Fyrir okkur öll

Fylgstu með bændum á
Facebook
Instagram
bondi.is og bbl.is

Búðu þig undir sumarstörfin



N1
Vefverslun
Skoðuðu úrvalið
og skráðu þitt
fyrirtæki



Portwest mittisbuxur

Portwest mittisbuxur með smíðavösum. Teygjuefni.

Litur: svartur.
Stærðir: 46-64.



Gildan háskólapeysa

Háskólapeysa úr bómullarblöndu. Litur: Svartur og navy blár. Stærðir: S-3XL.



Uvex öryggisglæraugu

Uvex öryggisglæraugu – margar tegundir og koma með dökkum, glærum og gulum glerjum.



Mobil keðjusagarolía 4L

Keðjuolía sem hentar vel á flestar keðjur og keðjusagir. Hentar vel í kulda ver gegn sliti og tæringu. Seigja við 40°C: 87cSt. Rennslismark: -24°C



Mobilfluid 428 20L

Mobilfluid 428 er drif- og vökvakerfisolía fyrir traktora og vinnuvélar, hágæða fjölnota smurefni sem er hannað til að uppfylla hæstu kröfur framleiðanda, hámarkar afköst.

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448
Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574 • Klettagarðar s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

440 1000 n1.is

N1 ALLA LEIÐ

FRÉTTIR

Anna María Flygenring verður áfram formaður Geitfjárræktarfélags Íslands:

Óviðunandi þjónusta sláturhúsanna við geitabændur

– Segir að ný reglugerð sem heimilar heimaslátrun geita muni almennt ekki gagnast þeim

Á bænum Hlíð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, býr Anna María Flygenring, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands, ásamt manni sínum, Tryggva Steinarssyni. Þau reka þar kúabú með 45 mjólkandi kúm auk þess að vera með nokkrar litlar aukabúgreinar; á annan tug landnámsheimsna, allnokkur hross, sjö huðnur og kiðlinga, þrjátíu kindur og eina forystuær sem nýlega bar tveimur lömbum. Anna María gaf nýverið kost á sér til áframhaldandi formennsku í Geitfjárræktarfélaginu og segir margt áhugavert í deiglu hjá geitabændum. Hún gagnrýnir sláturleyfishafa fyrir óviðunandi þjónustu við geitabændur og efast um að ný reglugerð, sem heimilar slátrun í minni geita- og sauðfjárhúsum, gagnist geitabændum mikið.

„Geitum hefur aðeins verið að fjölga að undanförunu, sum sé geitabændum sem eru með lítinn frístundabúskap með geitur. Félagsmönnum okkar hefur hins vegar ekki fjölgað og ég kann ekki skýringu á því af hverju þessir geitabændur skila sér ekki til okkar því það eru alls kyns hagsmunir sem félagið berst fyrir. Þá erum við líka með okkar fína merki, Afurð, sem við létum hanna fyrir okkur árið 2019 og félagsmenn fá að nota á sínar afurðir,“ segir Anna María.

Geitabændum hefur fjölgað mjög frá árinu 2004 þegar þeir voru einungis 40, en á síðasta ári voru þeir komnir í 119 samkvæmt Mælaborði landbúnaðarins. Á sama tíma hefur fjöldi geitfjár farið úr 422 í 1.621. Enn er íslenski geitastofninn skilgreindur í mikilli útrýmingarhættu, en Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna telur búfjárstofna í slíkri hættu þar sem kvendýr eru færri en 4.200.

Byrjaði með þrjár geitur

„Ég byrjaði með þrjár geitur, eiginlega bara að gamni mínu og vegna þess hversu áhugaverð mér fannst þessi tegund. Mér fannst ég líka þurfa að gera eitthvað í þágu íslensku geitarinnar, þegar útlitið var sem verst á Háafelli,“ segir Anna María um upphaf geitfjárræktar í Hlíð. Hún vísar til þess neyðarástands sem skapaðist í greininni á Íslandi með rekstrarerfiðleikum á langstærsta geitabú landsins árið 2014. Hún segir gleðiefni að Jóhanna B. Þorvaldsdóttir, geitabóndi á Háafelli, hafi aftur gefið kost á sér í stjórn félagsins á aðalfundinum, en hún sat í stjórn í mörg ár og gegndi einnig formennsku.

„Það má segja að við Tryggvi hæfum formlegan kúabúskap hér árið 1981. Tryggvi er með ræturnar hér í Hlíð en ég hafði engar beinar tengingar í landbúnað þegar ég tók ákvörðun um að fara í Bændaskólann á Hvanneyri. Ég hef rætur í Hafnarfirði og Reykjavík, en bjó líka úti á landi; til dæmis Hveragerði, Stykkishólmi og Dalvík. Svo er þetta krókaleið sem skilar mér hingað. Mamma hafði verið hér kaupakona, sem var í gegnum frænda okkar. Þá var ekki verknað inni í náminu, en kennarinn minn, Magnús B. skólastjóri, sagði mér að ég yrði að kunna að mjólka og það lærði ég hér í Hlíð í gegnum kunningskap mömmu við foreldra Tryggva.



Anna María Flygenring, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands, í góðum félagskap.

Á Hvanneyri fann ég mig vel í öllu búfjárhaldi – ekki síst með hrossin – og ég hef byggt á þeirri undirstöðu í allri ræktun; hvort heldur í kringum skepnurnar eða jarðrækt og garðyrkju.“

Mjaltaþjón settur upp

„Stærstu breytingarnar í okkar búskap voru þegar við keyptum mjaltaþjón fyrir það sem við köllum enn þá „nýja fjósið“, en er reyndar að verða 21 árs. Þá þótti þetta mjög fullkomið, með kjarnfóðurbási, lausagöngu auðvitað og mjaltaþrygju. Á þeim tíma var nú frekar neikvætt viðhorf gagnvart þessum tækniþróunum. Við fengum margar spurningar um hvort kýrnar færu í kjarnfóðurbásinn – hvort þær ætu yfirhöfuð melið – og hvort þær færu upp á legubásana. Sumsé þarna var mikil tortryggni sem breyttist svo yfir í jákvæðni á mjög stuttum tíma. Við fengum mjög marga í heimsókn til að skoða fjósið og það varð heilmikið félagslíf í rauninni hér í sveitinni í kringum þessar breytingar okkar.

Það var Arnar Bjarni Eiríksson í Landstólpa sem sá um uppsetningu á mjaltaþjónum og stóð fyrir ýmsum uppákomum með nautgriparræktarfélaginu, til dæmis fræðslufundum og ferðum.“

Þau Anna María og Tryggvi hafa haldið sínum búskap í svipaðri stærð frá því að „nýja fjósið“ var tekið í gagn. „Ástæðan er að jörðin ber einfaldlega ekki stærri búskap,“ útskýrir Anna María. „Það er eiginlega enginn möguleiki fyrir okkur að stækka túnin, við erum aðkreppt má segja. Aðaltúnin okkar liggja hér niður að Stóru-Laxá, en svo erum við með lakari tún hér hærra í landinu. Þar er bratti, enda situr landið hér utan í hlíð sem bærinn heitir eftir – í um 140 metra hæð yfir sjávarmáli. En hér er mjög góður jarðvegur, gjarnan veðursælt – jafnvel oft betra en niðri við Árnes – og rennandi vatn í öllum höfum.“

Einstök geitafíða


Anna María hefur mikinn áhuga á ull og ullarvinnslu – bæði af íslenska

sauðfénu en auðvitað ekki síður geitafíðunni. Hún segist hafa verið heppin þegar henni bauðst að taka þátt í félagsstarfi kvenna sem vinna ull og þjóna í Þingborg, rétt austan við Selfoss.

„Ég hef farið með reyfi í Uppspuna, til hennar Huldu, og látið vinna fyrir mig mitt eigið band. Mér finnst það skemmtilegt og það gefur mér mikið að geta framleitt mitt eigið þjónaband og vísað á kindina sem það er komið af. En maður finnur að fólk er ekki mjög viljugt að borga mikið meira fyrir slíkt upprunavottað band, sem ég skil ekki, því þetta er miklu dýrara í framleiðslu fyrir okkur. Maður fer kannski með eitt til þrjú reyfi í einu í vinnslu, jafnvel í tveimur eða þremur litategundum, og það kostar bara eðlilega meira en vinnsla á stærri skala eins og til dæmis hjá Ístex.

Fólk skilur ekki í hverju verðmunurinn er fölginn og ber saman kannski verð á vörum okkar saman við léttlopa frá Ístex, sem kostar kannski einn þriðja af því sem við myndum þurfa að fá fyrir okkar band – bara til að standa undir kostnaði. Ég myndi segja að við þyrftum að fá að lágmarki 1.500 krónur fyrir 50 grömm,“ segir Anna María, sem selur sitt band og stundum eigin þjónavörur í Þingborg. Hún bendir áhugasömu fólki um ull og þjónaskap á að haldinn verður viðburðurinn Ullarvika 2021 í haust á vegum nokkurra aðila á Suðurlandi.

Anna María segir að fiðan sé svo í rauninni allt annað dæmi. Fyrir nokkrum árum var ekki tækjabúnaður á Íslandi til að vinna fiðuna í þjónaband og hana þurfti að senda úr landi til vinnslu. En með tilkomu Uppspuna opnuðust tækifæri fyrir geitabændur að láta vinna fiðuna fyrir sig með minni fyrirhöfn og tilkostnaði. „Við erum alltaf að reyna að vekja meiri athygli á geitafíðunni og fræða fólk og bændur um vinnsluna á henni. „Við tókum nú þátt hér á Hlíð í gerð fræðslumyndbands um vinnslu á geitafíðu, aðallega dóttir okkar, Guðný Stefanía Tryggvadóttir, en ég er til aðstoðar. Þetta er gert í tengslum við geitfjármámskeið sem Birna Kristín Baldursdóttir er að setja á laggirnar við Landbúnaðarháskóla Íslands.



Mismunandi þjónaband í ýmsum litbrigðum með ólíkri áferð; unnið úr geitafíðu, ull af forystukind og sauðfé. Myndir / smh

Okkar hlutverk er að kenna og sýna kembingu á geitunum og feril fiðunnar að því að verða úrvals hráefni til að vinna úr.“

Fiðan losnar á vorin og eru geiturnar þá kembdar með eins konar greiðu

„Það er miklu meiri vinna við fiðuna en kindauullina og þú færð minna út úr henni. Bæði þarf að hreinsa hana og svo er ferlið í gegnum vélarnar snúnara. Þannig verður hún að vera miklu dýrari,“ segir Anna María.

Hún segir að fiðan sé takmörkuð auðlind á Íslandi, lítið framboð sé yfirleitt af þessu einstaklega fingerða og mjúka efni. „Það selst allt strax sem er í boði á Íslandi. Það er í raun merkilegt hversu góð íslenska fiðan er, því geitin hefur ekki verið ræktað vegna hennar – hún var alltaf aðallega ræktað til mjalta.“

Afurðir geitarinnar

Sem fyrr segir var hannað merki fyrir félagið árið 2019, sem vörur félagsmanna sem eru til sölu geta borið.

„Ég held að það gildi það sama um kjótið sem hefur verið í boði, að það seljist bara allt upp líka. En við höfum lent í ákveðnum vandræðum varðandi þjónustu sláturhúsanna við okkur. Stærri sláturhúsin velja dagana sem þeir vilja sláttra fyrir okkur, en ég undanskil Hvammstanga sem mér skilst að þjónusti Háafell vel.

Svo er okkur gert að taka allt kjöt heim, til dæmis. Þau taka ekkert í umboðsölu frá okkur eins og þau gera fyrir aðrar svokallaðar hefðbundnar búgreinar. Svo ég segi aðeins frá minni neikvæðu reynslu af þjónustu sem ég fékk hjá Sláturhúsi Vesturlands í Borgarnesi síðasta haust. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum, því ég bað um að fá að taka stökurnar mínar heim en þær hurfu og voru ekki afgreiddar samkvæmt minni beiðni. Að mestu leyti gekk ágætlega að vinna kjótið samkvæmt minni beiðni, en þó ekki alveg eins og ég bað um. Ég held að sauðfjárbændur létu nú í sér heyra ef tveir skrokkar týndust bara í sláturhúsinu, að þeir fengu þá ekki einu sinni og ekki borgað fyrir þá. Því stökurnar sem glötuðust hjá mér geta verið jafnmikils virði og tveir lambsskrokkar að lágmarki. Síðan hafa verið erfiðleikar í fláningu á geitaskrokkunum og við höfum líka fengið til baka skemmdar stökur, því það er vissulega erfiðara að flá þá. Þannig að við höfum kannski ekki mjög góða sögu að segja af viðskiptum okkar við sláturhúsin. En þau verða að bæta sig í þessu því við erum að

borga sérstaklega fyrir vinnsluna og heimtöku á geitunum, eins og borgað er fyrir heimtöku á lömbunum.“

Boðið upp á einn slátrunardag í september

Anna María bendir á að það sé einnig talsvert óheppilegt að geta ekki byrjað geitaslátrun fyrr, til dæmis snemma í ágúst og ekki seinna en um miðjan ágúst, því hafrar sem fæddir eru um miðjan febrúar eru þá að verða kynþroska og það hefur mikil neikvæð áhrif á bragðgæðin. „Sláturfélag Suðurlands gaf bara upp einn dag í september sem okkur var heimilt að láta sláttra hjá þeim sem er auðvitað ekki nógu gott fyrir kjötafurðir af höfrum sem eru fæddir snemma. Sumir geitabændur þurfa að láta gelda snemmafædd hafurskið, sem auðvitað eykur á kostnað.

Síðan er eitt mjög brýnt mál sem snýr að ráðuneytinu og við höfum ákaft kallað eftir, en það er að setja í reglugerð skyldu á herðar sláturhúsanna að viðhafa kjötmat. Eins og staðan er í dag þá er þeim ekki skylt að meta kjöt af geitum – þótt flestir geri það og skili mati – og það er ástæðan fyrir því að engar sláturtölur eru til um geitakjöt í dag – til dæmis á Mælaborði landbúnaðarins. Ekkert innlegg er í sláturhúsin og því engar raunverulegar tölur um kjötfraðslu.“

Heimaslátrunareglugerð mun lítið gagnast geitabændum

Nú hefur verið gefin út reglugerð sem heimilar heimaslátrun í litlum sauðfjár- og geitaslátruhúsum. Anna María sér ekki fyrir sér að reglugerðin breyti miklu hvað varðar möguleika geitabænda til að bjarga sér sjálfir. „Ólafur Þór Hilmarrson hjá Matís kom í heimsókn á aðalfund okkar til að útskýra fyrir okkur hvernig reglugerðin virkaði, enda ekki vanþörf á því. Þar rann upp fyrir okkur að þetta reynist vera allt öðruvísi en gert var ráð fyrir. Okkur sýnist þarna vera allt of stífar og flóknað reglur fyrir svo umfangslitla starfsemi sem slátrun á geitum er. Ég hef ekki trú á því að geitabændur munu almennt skoða þennan möguleika.

Þrátt fyrir allt held ég nú að það sé hjart yfir greininni og hef sjaldan verið eins bjartsýn. Ef ég væri að byrja í búskap núna er ég viss um að ég byrjaði bara með um 50 geitur sem ég myndi mjólka til ostagerðar – því það er líka gríðarleg eftirspurn eftir honum – og framleiðslu á öðrum mjólkurvörum eins og ís og skyr. Þar eru miklir möguleikar,“ segir Anna María Flygenring í Hlíð. /smh

DRÁTTARVÉLAR **SOLIS**



SOLIS 50 og SOLIS 75 voru að lenda
Góðar vélar gott verð.



HATTAT 113hp Perkins
Verð frá 6,400,000+vsk
Verð frá 7,650,000+vsk
Með ámoksturstækjum



vallarbraut.is S-8411200 & 8417300 vallarbraut@vallarbraut.is Trönuhrauni 5 220 Hafnarfirði

FYLGIHLOTIR



Diska og tromlusláttuvélar á
einstaklega góðu verði



2ja og 4ja stjörnu heytætlur 2,1 - 5,2m
Verðdæmi 5,2m 680.00+vsk



**EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF
RUDDASLÁTTUVÉLUM**

Kurlarar, bensín
og
dráttarvélknúnir



VAGNAR / KERRUR



15 T malarvagn verð: 3,1 + vsk



24 T vélavagn verð: 3,6 + vsk



NUGENT sturtukerrur 3500



EINFALDAR & HAGKVÆMAR BYGGINGAR

Z-STRÚKTÚR STÁLGRINDARHÚS



BOGAHÝSI FÆRANLEG



BOGAHÚS VARANLEG



Z-Strúktúr stálgrindarhúsin eru í boði ýmist stöðluð eða sérhönnuð og eru klædd með yleiningum.
Bogahúsin eru framleidd eftir pöntunum í fimm mismunandi breiddum 8-16m í þeirri lengd sem kaupandi óskar.
Val er um glugga og hurðir ásamt því hvort húsin verði einangruð eða óeinangruð.
Þessar byggingar eru hagkvæmar, fljótar í reisingu og eru þaulreyndar við íslenskar veðuráðstæður.
Öll sérhönnuð hús frá **Hýsi-Verkheimum ehf.** eru seld með aðal- og burðarvirkisteikningum.

STEEKUR

Úlfar hafsins II

Háhyrningar eru með háþróað heilabú og auðvelt að þjálfa þá og því vinsæl sýningardýr í sædýragörðum. Rúmlega sextíu háhyrningar voru veiddir við Ísland og seldir lifandi í sædýrasöfn á áttunda og níunda áratug síðustu aldar.

Bakhorn háhyrninga, hyrnan, eru stór og áberandi. Við kynþroska stækkar horn karldýranna mikið og geta orðið allt að 1,8 metrar á hæð og þeir bera íslenskt nafn sitt af því. Að öllum líkindum er stór bakuggi kyntákn því hann hjálpar þeim ekki við sund. Bægslin eru einnig stór og breið við endana. Sporðurinn er með greinilegri skoru í miðjunni.

Eins og alkunna er lafir hornið á sumum háhyrningum út á hlið og var Keiko gott dæmi um það. Lafandi horn eru þekkt bæði í náttúrunni og í sædýrasöfnum en mun algengari meðal dýra í gíslingu.

Hefðbundnar nytjar á háhyrningum eru litlar. Norðmenn veiddu eitthvað af háhyrningi ásamt hreinu og andarnefju hér við land um miðja síðustu öld og voru dýrin nýtt á svipaðan hátt. Um tíma var talsvert veitt af lifandi ungdýrum til að nota sem sýningardýr í sjávardýra- og skemmtigörðum.

Síldveiðimönnum hefur lengi verið illa við háhyrninga vegna þess hvað þeir sækja mikið í síld. Á sjötta áratug síðustu aldar, þegar síldin var veidd í reknet, var ágangur háhyrninga svo mikill að íslenska ríkisstjórnin fór þess á leit við bandaríska herinn að hann skærst í leikinn. Beiðninni var vel tekið og varpaði varnarliðið djúpsprengjum og beitti vélbyssum úr flugvélum í stórum stíl til að drepa háhyrninga á síldarmiðunum við Reykjanes.

Þrátt fyrir að háhyrningar séu lítið nytjaðir í dag voru veiðar á lifandi dýrum mjög hagkvæmar enda menn tilbúnir að greiða ævintýralegar upphæðir fyrir þau. Þær veiðar tengdust yfirleitt sædýragörðum enda háhyrningar vinsæl sýningardýr sem auðvelt er að þjálfa til að leika alls kyns kúnstir.

Rúmlega sextíu háhyrningar voru veiddir við Ísland og seldir lifandi í sædýrasöfn á áttunda og níunda áratugnum. Frægastur þeirra er Keiko sem var veiddur 1979 og geymdur í Sædýrasafninu í Hafnarfirði þar til hann var seldur til Ameríku. Keiko var fluttur til Íslands árið 1998 í þeim tilgangi að sleppa honum aftur út í náttúruna sem var að lokum gert en hann drapst ári síðar.

Veiðar á lifandi háhyrningum eru að mestu hættar í dag. Á undanförunum áratugum hefur aukist andstaða við að halda hvöllum, og reyndar öðrum dýrum, í dýragörðum og hafa dýraverndarsamtök beitt sér fyrir því að sleppa þeim.

Lúðvík Kristjánsson segir í Íslenskum sjávarháttum að veturinn 1918 hafi Húnaflói verið ísilagður og á honum tvær vakir. Í annari vökinni voru sjö háhyrningar og tveir hnúfubakar.

Bátur með ífærum og köðlum var dreginn út á vökina. Ífærunni var komið fyrir í blástursholu eins háhyrningsins og hann síðan dreginn á land með böndum og reyndist hann gæfur. Þegar átti að leggja skepnuna í hjartastað kipptist hún svo harkalega við að ísinn brotnaði undan henni. Að lokum tókst að ná öllum hvöllum upp á ísinn og drepa, að einum háhyrningi undanskildum sem hvarf undir ísinn og kom ekki upp aftur. *MH*

NYTJAR HAFSINS

Hvar eru 500 þúsund tonninn?



Á miðunum.

/ Mynd Alfons Finnsson

Það hefur aldrei þótt til fyrirmyndar að spóla látaust í sömu hjólförnum. Sjálfur eyðilagði ég tvö dekk undir trucknum mínum fyrir fáeinum árum vegna þess að ég neitaði að viðurkenna þá staðreynd að ég yrði að hunskast undan stýri og grípa til annarra aðgerða.

Það er greinilega talsvert betra efni í hjólbörðunum undir Hafró-trucknum. Hann hefur nú spólað í sama farinu látaust í 37 ár og ekki annað að heyrja á bílstjóranum en að eina vitið sé að halda því áfram. Ég get ekki ímyndað mér að Þorsteini Sigurðssyni, nýskipuðum forstjóra Hafró, hafi liðið vel að stíga í pontu með þau skilaboð til þjóðarinnar að stofnunin leggi til 13% samdrátt í þorsveiðum frá síðasta ári.

Ég á líka erfitt með að ímynda mér að starfsfólk stofnunarinnar velti því ekki fyrir sér hvort það sé ekki eitthvað stórkostlega rangt við þá aðferðafræði og nýtingarstefnu sem rekin hefur verið af fullkominni einurð af hendi stofnunarinnar í hátt í fjóra áratugi.

Við sitjum uppi með þá staðreynd að árið 1984 voru leyfð 220 þúsund tonn í þorsveiðum af óslægðum þorski – sem endaðu reyndar í rúmum 281 þúsund tons veiði það árið. Sú umframkeyrsla hafði lítil ef nokkur áhrif á ráðgjöfina ári síðar. Stofnunin lagði þá til 300 þúsund tonn af óslægðum þorski – í stað þess að leggja til að dregið yrði úr veiðinni sem næmi „umframkeyrslunni“.

Ráðgjöf Hafró fyrir næsta fiskveiðarár (2021/2022) er rúm 222 þúsund tonn af óslægðum þorski.

Tölurnar eru á sömu slóðum og fyrir 37 árum, í upphafi kvótakerfisins.

Hvernig í ósköpunum stendur á því að frá ráðamönnum þjóðarinnar heyrst hvorki hósti eða stuna? Og samtök stórutgerðarinnar slá sér á brjóst fyrir „stórkostlegan árangur á heimsmælikvarða“ með möntrum sem þau samtök hafa fyrir löngu komið sér upp.

Það er nauðsynlegt að rifja upp, eina ferðina enn hvað stofnunin lét frá sér fara fyrir daga kvótakerfisins.

Í frægustu skýrslu íslenskrar fiskifræði, „Svörtu skýrslunni“ sem gefin var út árið 1975 var ástandi þorsstofnsins lýst á þann veg að hann væri við dauðans dyr. Það reyndist dauðans vitleysa. Örfáum árum síðar brast á metvertíð á Íslandsmiðum.

Á Fiskipingi árið 1979 las þáverandi forstjóri Hafrannsóknastofnunar upp áhrifamikinn kafla úr svörtu skýrslunni, svo kröftugan að áhrifanna gætir enn þann dag í dag:

„Undanfarna tvo áratugi hefur árlegur þorskafla á Íslandsmiðum numið að meðaltali um 400 þúsund tonn. Mestur varð aflinn árið 1954 tæplega 550 þúsund tonn en minnstur árið 1967, 345 þúsund tonn. Árin 1968-1970 jókst aflinn aftur og náði hámarki árið 1970 (471 þús. tonn). Aukningin umrætt áráð stafaði að verulegu leyti af sterkum þorskgöngum frá Grænlandsmiðum. Síðan árið 1970 hefur aflur farið síminnkandi (375 þús. tonn árið 1974) þrátt fyrir þrjá góða árganga frá árunum 1964-69. Þessum minnkandi aflu veldur einkum tvennt: 1. Klak við Grænland árabilið 1964-1969



Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátæigenda.

hefur verið mjög lélegt og því dregið verulega úr göngum þaðan. 2. Með stækkandi fiskiskipastól hefur sóknin í ókynþroska hluta stofnsins farið ört vaxandi, þannig að þeim fiskum sem ná kynþroska og ganga á hrygningarstöðvarnar fer fækkandi.

Vegna þessarar miklu sóknar í þorski á uppeldisstöðvunum fyrir Norður- og Austurlandi fæst ekki lengur hámarksnýting úr stofninum. Þetta ástand hefur ríkt um nokkurra ára skeið og fer versnandi.

Talið er að hámarksafurkastur þorsstofnsins sé nær 500 þús. tonn á ári. Til þess að ná þeim afla þarf að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

Að minnka núverandi heildar-sóknarþunga í þorski um helming.

1. Að koma í veg fyrir veiði smáfisks, þriggja ára og yngri, og draga verulega úr veiðum á fjögurra ára fiski.“

Sem sagt: stofnunin fullyrkti að: „Hámarksafurkastur þorsstofnsins sé nær 500 þúsund tonn.“

Sem ég lít yfir sviðið í dag sé ég harla fá vitna í þessa staðreynd.

Fyrir stundu (15. júní) hlustaði ég á formann LIÚ (skammstafað SFS) mæra „vísindin“ og samkvæmt venju leggja það til að fylgt skuli því sem Hafró segir. Þetta er svo aukunarkert að ég nenni ekki að elta ólar við það.

Staðreyndin er sú, hvort sem mönnum líkar betur eða verr; fjálglegar yfirlýsingar Hafrannsóknastofnunar í upphafi kvótakerfisins hafa reynt kolrangar.

Í stað þess að horfast í augu við þá staðreynd hafa stjórnvöld kosið að setja kíkinn fyrir blinda augað. Það er löngu kominn tími til að þau setji hann fyrir hitt – í þeirri von að það auga sé ekki jafn blint og hitt.

Fiskveiðikerfið hefur, í ljósi þessarar fullyrðinga Hafró, brugðist.

Sagt er að vísindin efla alla dáð. Í tilfelli íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins ráða ekki vísindin för.

Hafró hefur nú endurtekið sína „vísindarannsókn“, togararallið, síðan 1985, eða í 37 ár.

Það er tími til kominn að óháðir aðilar rannsaki hvers vegna það má vera að vísindastofnun, sem lét frá sér fara á sínum tíma að íslenski þorsstofninn hefði burði til að skila 500 þúsund tonn á land, er eftir 37 ár að leggja til að veitt skuli innan við helming þess afla.

Arthur Bogason
Formaður Landssambands smábátæigenda

Landssamband smábátæigenda:

Mikil vonbrigði með ráðgjöf

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátæigenda, segir að ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar sé mikil vonbrigði og í framhaldinu verði að hækka verð á þorski.

„Stofnunin leggur til að aflamagn í þorski sé lækkað annað árið í röð og það eru mikil vonbrigði,“ segir Örn, og skerðingin samanlagt 50 þúsund tonn, eða 18,4% á þessum tveimur árum.“

Örn segir að skerðing af þessu tagi sé eitthvað sem ekki nokkur maður sem sækir sjóinn á miðunum við Ísland gæti ímyndað sér að mundi gerast. „Það er búið að fara eftir aflareglu stjórnvalda í langan tíma og ekki örloð á því að það væri verið að veida umfram ráðgjöf. Menn hafa því treyst á að veiðarnar væru í lagi.“ Spár um horfur í dag sem gefnar



Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátæigenda.

voru í skýrslu Hafró 2020 eru ígildi þess að um stökbreytingu hafi verið að ræða. Hrygningarstofninn er nú mældur 361 þúsund tonn sem spáð

var í fyrra að yrði um hálf milljón tonna. Veiðistofn átti að vera 1.211 þúsund tonn í ár en er nú mældur 941 þúsund tonn.

Ósamsæmi við það sem áður hefur komið fram

„Sjálfur lít ég svo á að niðurstaða mælinganna í ár og skýringar Hafrannsóknastofnunar kalli á viðamikla skoðun á málinu því skerðingin samræmist ekki því sem komið hefur fram áður. Ég hef reyndar heyrt það hjá okkar félagsmönnum að veiðar á þorski hafi verið aðeins tregari og á sumum svæðum erfiðara að ná skammtinum á strandveiðum jafnframt að það hafi minnkað aðeins á línuveiðum. En þó engan veginn eins mikið og ætla mætti samkvæmt niðurstöðu Hafró.“

Verðum að hækka verðið

„Möguleg leið til að bregðast við svo mikilli skerðingu er að hafa aflaregluna sveigjanlega en ekki fasta. Þar á ég við sem dæmi að í staðinn fyrir að hún sé föst 20% þá gæti hún verið á bilinu 18 til 22% og þannig svigrúm til að draga úr og auka veiðarnar eftir því hvernig árar.

Ég tel þó fyrst og fremst að við eigum að sækja fram, mæta skerðingunni núna með því að tilkynna kaupendum verðhækkun á þorski á þeim forsendum að við séum að fara eftir strangri vísindalegri ráðgjöf til verndunar þorsstofnsins og af þeim sökum sé nauðsynlegt að hækka verðið,“ segir Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátæigenda, að lokum. *VH*

Stofn Stock	Ráðgjöf 2021/2022 Recommended TAC 2021/2022	Ráðgjöf 2020/2021 Recommended TAC 2020/2021	% breyting % Change	Aflamark 2020/2021 National TAC 2020/2021
Þorskur (Cod) ^{1,2}	222.737	256.593	-13	256.593
Ýsa (Haddock) ^{1,2}	50.429	45.389	11	45.389
Ufsi (Saithe) ^{1,2}	77.561	78.574	-1	78.574
Gullkarfi (Golden redfish) ^{1,2,3,4}	31.855	38.343	-17	38.343 (34.179)
Djúpkarfi (Dem. beaked redfish)	7.926	12.384	-36	12.384
Litli karfi (Norway redfish)	609	684	-11	684
Gráhöða (Greenland halibut) ^{1,4}	26.650	23.530	13	23.530 (13.271)
Skarkóli (Plaice)	7.805	7.037	11	7.037
Þykkvaflara (Lemon sole)	1.288	1.073	20	1.073
Langljúra (Witch)	1.025	854	20	854
Sandkóli (Dab)	313	319	-2	236
Stórkjalta (Megrim)	206	-	-	-
Steinbitur (Atlantic wolffish)	8.933	8.761	2	8.761
Hbjúri (Spotted wolffish)	377	314	20	314
Langa (Ling) ^{1,2}	4.735	5.700	-17	5.700
Blálanga (Blue ling)	334	406	-18	406
Kella (Tusk) ^{1,2}	2.172	2.289	-5	2.289
Lýsa (Whiting)	1.137	1.003	13	-
Skótasekur (Anglerfish)	402	503	-20	503
Tindskata (Starry ray)	921	988	-7	-
Sild (Herring) ^{1,2}	72.239	35.490	104	35.490
Gulltax (Greater silver smelt)	9.244	8.729	6	8.729
Úthafsrækja (Northern shrimp)	5.136	5.136	0	5.136
Beitakóngur (Common whelk)	264	264	0	-
Sæbjúga (Sea cucumber)	2.307	2.203	5	-
Íslakker (Sea urchin)	196	220	-11	-
Hörpudiskur (Iceland scallop)	93	93	0	93

Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 2021/2022, ásamt tillögum og aflamarki samkvæmt ákvörðun stjórnvalda fyrir fiskveiðiárið 2020/2021.

Ráðgjöf Hafró fyrir fiskveiðiárið 2021/2022:

Leggur til 13% lækkun aflamarks þorsks

Hafrannsóknastofnun hefur kynnt úttekt á ástandi nytjastofna og ráðgjöf fyrir næsta fiskveiðiár. Leggur stofnunin til 13% lækkun aflamarks þorsks fiskveiðiárið 2021/2022. Því lækkar ráðlagður heildar afli þorsks úr 256.593 tonn-um á yfirstandandi fiskveiðiári í 222.737 tonn.



Á grundvelli varúðarsjónarmiða og langtíamarkmiða um sjálfbæra nýtingu er lagt til aflamark fyrir tæplega 30 nytjastofna.

Ástæður lækkunar á aflamarki þorsks

Í kynningu Hafró segir að tvær meginástæður séu fyrir því að ráðlagd sé að minnka veiðar á þorski.

Árgangar 2013 og 2016 eru litlir og hafa þeir umtalsverð áhrif til lækkunar á stærð viðmiðunarstofnsins. Megin uppistaða í þyngd stofnsins er 4 til 9 ára þorskur og nú eru tveir af þeim sex árgöngum slakir.

Samkvæmt Hafró sýnir stofnmatið á þorski í ár að stofnstærðin hefur verið ofmetin á undanförunum árum. Viðmiðunarstofn árið 2020 var þannig ofmetinn um 19% miðað við núverandi mat.

Mæligildi eldri fisks, bæði í aldursgreindum afla og í stofnmælingum, hafa síðustu ár verið hærri en áður hafa sést. Vægi yngri fisks, sem er enn ekki kominn að fullu í veiðina, var einnig minnkað miðað við það sem áður var. Þessar breytingar leiða til þess að stofnmatið fylgir nú betur breytingum í stofnmælingum en áður var.

Þorskstofninn er enn mjög sterkur. Ef frá eru talin undanfarin 5 ár eða svo hefur stofninn ekki verið stærri í 40 ár. Sókn er enn nærri sögulegu lágmarki.

Gert er ráð fyrir að viðmiðunarstofn þorsks verði svipaður að stærð þangað til árgangarnir frá 2019 og 2020 koma inn í viðmiðunarstofninn eftir 2 til 3 ár, en horfur eru á að þeir séu um og yfir meðallagi.

Aflamark ýsu lækkað

Samkvæmt aflareglu verður aflamark

ýsu 50.429 tonn, sem er 11% hækkun frá yfirstandandi fiskveiðiári. Áætlað er að viðmiðunarstofninn muni halda áfram að vaxa næstu tvö ár. Árgangar frá 2015 til 2017 eru metnir nálægt meðaltali, árgangur 2018 lítill og niðurstöður stofnmælinga benda til að árgangar 2019 og 2020 verði yfir meðallagi.

Ufsi lækkaður um 1% og grálúða um 13%

Litlar breytingar eru á ráðgjöf ufsa samkvæmt aflareglu stjórnvalda. Aflamark samkvæmt aflareglu fyrir fiskveiðiárið 2021/2022 er 77.561 tonn, eða um 1% lægra en síðastliðið fiskveiðiár.

Ráðgjöf fyrir grálúðu hækkar um 13% frá fyrra ári og er 26.650 tonn

Hrygningarstofn gullkarfa hefur minnkað. Nýliðun gullkarfa hefur verið mjög slök undanfarin áratug og af þeim sökum hefur hrygningarstofn minnkað á undanförunum árum og fyrirséð að sú þróun muni halda áfram á næstu árum. Samkvæmt aflareglu verður heildaraflamark gullkarfa 2021/2022 því 31.855 tonn, 17% lægri en á yfirstandandi fiskveiðiári.

Leggja til auknar veiðar á sumargotsíld

Viðsnúningur virðist nú vera í þróun stofnstærðar íslensku sumargotssíldarinnar sem minnkaði ört frá árinu 2008 vegna slakrar nýliðunar og þrálátrar frumdyrasýkingar í stofninum. Árgangur 2017 er metinn stór og kemur inn í viðmiðunarstofninn í ár. Ráðgjöf samkvæmt aflareglu stjórnvalda hækkar því úr 35.490 tonnum fyrir fiskveiðiárið 2020/2021 í 72.239 tonn fyrir 2021/2022, eða um 104%. /NH




GETUM ÚTVEGAÐ ALLAR
TEGUNDIR **LYFTARASELLA**
Á **GÓÐU VERÐI**



FÁÐU TILBOÐ

VIÐ LEYSUM ÞETTA SAMAN

Dalshrauni 17 - 220 Hafnarfirði - Sími og fax: 5654060 - Netfang: sala@rafgeymar.is



Trésmíðavélar, sagarblöð, handfræsitemnur, fræsihausar, borar, viðgerðarefni, sporjárn, rennijárn, útskurðarhnífar, demantsblöð

Þjónusta við iðnaðinn



Smíðshöfða 12 · 110 Reykjavík · sími 586 8000 · verslun@roggi.is · www.roggi.is



Nú á allt að seljast. Eigum þessa lengd á lager.

Litað bárujárn

Þykkt: 0,60 mm

Breidd: 1045 mm

Klæðir: 988 mm

3.600 kr m² m/vsk.

40% afsláttur meðan birgðir endast

2.160 kr m² m/vsk



RAL 9005 Svart

Lengd: 4.800 mm

Plata = 4,8 * 0,988 = 4,74 m2

Nánari upplýsingar hjá sölumönnum.

STRÚKTÚR ehf | Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | struktur@struktur.is | Sími: 588 6640




ASPLA rúlluplast
frá 9.900.- + vsk.

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

LANDSJÁ

Almannagæði og kolefnissamlag

Það er hinn verstí misskilningur að markaður eigi að stýra stóru og smáu í lífinu. Markaðurinn er fyrst og fremst gagnlegur þar sem aðilar með góða yfirsýn hafa eitthvað til þess að skiptast á og verðleggja í samskiptum.

Nokkuð hefur verið um það skrafað að í hinu nýja mælaborði landbúnaðarins sé hægt að fá yfirlit yfir flest það sem bændur framleiði. Satt er og rétt að þar er hægt að fletta upp framleiðslu á ýmsum kjöttegundum og grænmeti. Mjólkina vantar þó inn í. Og það vantar öll önnur verðmæti sem verða til hjá bændum. Það vantar yfirlit yfir almannagæðin: Búseta hringinn í kringum landið, slegin tún og bleikir akrar. Rauð þök og hvítir veggir. Skógar og skjólbelti. Uppgræðsla og menning. Hestamaðurinn á fljúgandi skeiði við hringveginn að sumarkvöldi. Allt eru þetta almannagæði og fyrir þetta fá bændur stuðning í formi almannaþjá.

Sköpun almannagæða

Síðustu vikur hefur verið farinn fundahringur um landið, þar sem landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra hefur rætt „Ræktum Ísland“ – við bændur og aðra áhugasama. Með ráðherra í för voru höfundar skýrslunnar. Umræðuskjali þessu er ætlað að mynda grunn fyrir samninga við bændur um næstu búvörusamninga. Talað er um mikilvægi þess að nýta sem mest og best landkost í hverjum stað til hvers kyns verðmætasköpunar, án þess að gengið sé á gæði landsins. Þessi stefna – um fjölbreytta verðmætasköpun er nokkuð áhugaverð nálgun. Víða í kringum okkur, í löndum Evrópusambandsins og núna í Bretlandi eftir að þeir gengu úr tollabandalaginu, hefur þróunin verið sú að aftengja stuðning við framleiðslu á vörum en tengja þess í stað styrki til bænda við sköpun ákveðinna almannagæða. Þessi almannagæði eru stundum skilgreind sem byggðalandslag eða líffræðilegur fjölbreytileiki, nú eða þá að draga úr notkun áburðarefna vegna mengunar. Ástæðuna fyrir breytingunni er að leita í smjörfjöllum og vínvötnum níunda áratugarins, þegar offramleiðsla gerði það óhjákvæmilegt að breyta kerfunum.

Kaupa skal meiri bindingu

Hvað flokkast sem almannagæði er einfaldlega samkomulag hverju sinni – ákvörðun sem í eðli sínu er pólitísk en byggir á almennum stuðningi. Sú mynd sem dregin er upp af stjórnvöldum í „Ræktum Ísland“ er að það þurfi að kaupa meira af umhverfislegum almannagæðum af bændum. Það helgast einkum af metnaðarfullum markmiðum í loftslagsmálum. Þau gera ráð fyrir að eyjan okkar verði kolefnishlutlaus eftir nítján ár. Það markmið mun ekki nást nema bændur stóruki kolefnisbindingu á sínum vegum. Bændur hafa sjálfir sett sér umhverfisstefnu og ætla ekki að liggja á liði sínu



Kári Gautason.

í að ná árangri. Helsti vandinn er að byrja – og þar eiga stjórnvöld hlutverki að gegna með því að gefa rennistart og sjá til þess að hagrænir hvatar séu til staðar.

Samlag verði til um kolefni

Kolefnisbinding í stórum stíl er fjármagnsfræk og verður ekki framkvæmd með hugsjóninni einni saman. Valkvæðir kolefnismarkaðir hafa rutt sér til rúms í nálægum löndum. Þar er um að ræða leiðir fyrir fyrirtæki, sem vilja draga úr kolefnisfótspori sínu, að greiða fyrir bindingu. Í slíku fyrirkomulagi felast tækifæri fyrir íslenska bændur. Til þess að grípa þau tækifæri þurfa bændur að eignast markaðstorg. Torg sem tengir þá saman sem vilja kaupa bindingu við þá sem geta komið henni í framkvæmd. Þetta er í eðli sínu ekki ólíkt því sem gerðist þegar bændur stofnuðu afurðafélög um sölu á kjóti og mjólk. Framfaramenn á fyrri hluta tuttugustu aldar sáu sem var að saman gætu bændur náð bestum samningum um sölu á sínum afurðum. Það hygg ég að sé einnig framtíðin með bindingu. Með því að koma upp kolefnissamlagi mætti koma verði á þau almannagæði sem binding á kolefni eða samdráttur á losun eru. Fordæmin spretta upp um allar köppgrundir þessi misserin. Í Sviss geta fyrirtæki til dæmis keypt einingar sem felast í því að kúabú gefa gripum efni sem draga úr metanlosun. Svipaða sögu er að segja frá Bandaríkjunum. Hér á landi eru nú þegar til ákveðin markaðstorg, Votlendissjóður og Kolviður. En þau skortir aðföngin sem bændur eiga – það er að segja jarðirnar.

Aðkallandi verkefni

Ég tel að bændur geti byggt upp öflugna hliðarbugreini í formi kolefnisbúskapar á næstu árum. Þeir geta boðið upp á mikilvæg gæði til þess að skiptast á við stjórnvöld og fyrirtæki og verðleggja í skynsamlegum samskiptum. Kolefnissamlag bænda og markaðsrammi af hálfu stjórnvalda eru aðkallandi verkefni í þágu almannagæða og sjálfbærni í loftslagsmálum.

Kári Gautason
sérfræðingur hjá BÍ

ÍSLAND ER LAND PITT



Bærinn Gautavík í Berufirði.

Myndir / Úr einkasafni

Gautavík í Berufirði formlega opnuð ferðamönnum 1. júlí:

Áhugafólk um iðnaðarhamp streymir heim að bænum

– Fræðslusetur, silungarækt, alls konar dýr, golfvöllur og gönguleiðir

Ábúendurnir á bænum Gautavík í Berufirði, þau Pálmi Einarsson, Oddný Anna Björnsdóttir og drengirnir þeirra þrír, 15, 13 og 7 ára, hafa ákveðið að opna býlið fyrir ferðamönnum í sumar. Formleg opnun verður 1. júlí og er planið að hafa opið frá kl. 11-16 alla daga vikunnar fram að skólabyrjun. Hópar geta komið utan þess tíma ef samið er um það fyrirfram.

„Frá því við byrjuðum að rækta iðnaðarhamp sumarið 2019, ári eftir að við fluttum, hefur fjöldi fólks streymt til okkar vegna áhuga á því sem við erum að gera. Við ákváðum því að búa til ákveðinn ramma utan um það sem við höfum upp á að bjóða, hafa fleira í boði en áður og gera þetta svona meira formlegt,“ segir Oddný.

Fræðslusetur um iðnaðarhamp og samrækt

Hún segir að þeir sem sækja Gautavík heim í sumar fái færi á að skoða fræðslusetur um iðnaðarhamp og samrækt (e: aquaponics) sem þau vilji með tímanum einnig gera að hampsafni. Í sama rými er inniræktun á hampi, jarðarberjum og silungi í 900 lítra heimagerðu fiskabúri. „Þar er svokölluð samrækt á ferðinni, þar sem skíturinn frá fiskunum nærir plönturnar. Silungunum er svo slátrað til matar þegar þeir hafa náð sláturstærð,“ segir Oddný. Fyrir framan fræðslusetrið er akur með iðnaðarhampi, en á því svæði er einnig ræktaður hampur í kúluhúsum, kartöflur með sérstakri aðferð, ásamt rófum, gulrótum og fleiru í gömlum gördum úr fjárhúsum.

Dýrin á bænum

Þeir sem hafa áhuga á dýrum geta heilsað upp á dýrin á bænum, en spökustu kindunum og lömbum þeirra var haldið eftir þegar hinar fóru á fjall á afgirtu svæði við hlið útihúsanna. Á því svæði eru einnig hestar, en ekki til útreiða. Á bænum eru einnig grásir, landnámshænur og gæsir sem vappa um svæðið. Þá eru silungar í fiskabúri inni í fræðslusetrinu sem áður sagði. Tveir hundar eru á bænum, annar er afar vinalegur fjárhundur, Týra, sem röltir sallaróleg í kringum dýrin og þá gesti sem sækja Gautavík heim. Hinn er smáhundur, Lilla Krútt, „sem er sættust í heimi; voffar að ókunnum en bráðnar um leið og hún er tekin upp,“ segir Oddný.

Golf, íþróttasvæði, á og fjara

Áhugafólk um golf getur spilað



Gautavík við Berufjörð er forn verslunarstaður.



Hjónin og frumkvöðlarnir í Gautavík, Oddný Anna Björnsdóttir og Pálmi Einarsson.

á heimatilbúnum 7-holu þar 3 golfvelli en verða að koma sjálf með golfsett. Inni í hlöðunni hafa þau útbúið íþróttasvæði sem gott er að hafa til taks, sérstaklega á veturna þegar algert myrkur ríkir allt að 18 tíma á sólarhring. Þar má meðal annars spila fótþolta, körfubolta, borðtennis, fara í pílukast og berja í boxbúða. Úti er eitt stórt fótþoltamark, hefðbundnar rólur og trampólín. Inni í skógarjórðinu er eldstæði, ungbarna- og trjáróla, en þar getur fólk verið í skjóli og fengið sér snarl.

„Á túninu verðum við svo með sumarleikföng, en þar má einnig breiða úr teppi og fá sér gott í gogginn þegar vel viðrar, segir Oddný. „Framhjá bænum rennur

falleg á sem börnum er velkomið að leika sér við og í þegar ekki er of mikið í henni, en rétt er að taka fram að börn eru alfarið á ábyrgð forráðamanna þar sem annars staðar á svæðinu.“

Þá geta gestir einnig rölt niður að fjörinni og víkinni sem bærinn dregur nafn sitt af, en þar er fjölbreytt fuglalíf, litríkir steinar, skeljar og sjávargróður. Þeir sem stunda sjósund geta lagst til sunds í víkinni, en þar eru einnig brattir klettir sem strákunum í Gautavík finnst gaman að stökkva af ofan í sjóinn. Þegar ber eru tekin að vaxa á svæðinu er fólki velkomið að tína upp í sig, en eru ekki hugsuð fyrir berjatínslu til að taka með.

Forn verslunarstaður

Gautavík er forn verslunarstaður með fornminjum, en um staðinn má lesa m.a. á vef Þjóðminjasafns Íslands og Wikipedia. Gestum er velkomið að ganga um staðinn eftir merktum gönguleiðum og njóta umhverfisins sem er ægíagurt. Hinn 700 metra hái Búlandstindur, sem margir trúa að sé orkustöð og gnæfir yfir eins og fullkominn píramídi, lætur engan ósnortinn.

Verslun og verkstæði – íslenskt handverk

Pálmi, sem er iðnhönnuður að mennt, hannar og framleiðir gjafavörur, minjagripi og módel-

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



Sævar Kári heilsar upp á kindurnar, sem var haldið eftir heima, þær Betu, Slæðu, Flekku og Láru og lömbin þeirra.

leikföng undir vörumerkinu Geislar Gautavík í skemmu við hlið íbúðarhússins, en vörur Geisla eru seldar í verslunum hringinn í kringum landið. Þær eru einnig seldar í versluninni á bænum sem komið var upp í skemmuni. Í sumar verður einnig boðið upp á heita og kalda drykki, ís- og frostpinna ásamt snarli í lokuðum umbúðum, m.a. frá smáframleiðendum matvæla, en Oddný gegnir meðal annars starfi framkvæmdastjóra Samtaka smáframleiðenda matvæla. Eins



Samrækt (aquaponics). Innst í fræðslusetrinu er innræktun á hampi, jarðarberjum og silungi.

verður boðið upp á takmarkað magn af afurðum af bænum.

Frjálst að njóta alls sem í boði er

Aðgangseyrir verður 1.500 kr. fyrir fullorðna og 750 kr. fyrir börn á aldrinum 6–17 ára. Ókeypis verður fyrir börn yngri en 6 ára. Leiðsögn ábúenda er innifalin og boðið er upp á afslátt fyrir hópa.

„Hugmyndin er að stilla þessu þannig upp að fólk mæti á heila tímanum, þ.e. kl. 11, 12, 13, 14 eða 15 og að leiðsögn um ræktunarsvæðin, fræðslusetrið og að dýrunum hefjist korter yfir og standi í um það bil hálf tíma. Eftir það verður fólki frjálst að njóta alls annars sem í boði er fram að lokun kl. 16,“ segir Oddný að lokum.

Hjónin halda úti Facebook-hópi fyrir þá sem hafa áhuga á að fylgjast með lífi og starfi á bænum, en hann heitir Geislar Gautavík – opið býli – hampur, húsdýr, handverk/snarl, golf o.fl. /MPÞ



Blómlegt dýralíf er í Gautavík.

Lely Center Ísland

Grammer sæti



Reykjavík Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



AKURShús - timbureiningahús

Afhent samsett á byggingarstað eða ósamsett í einingum

- Við allra hæfi -



” Íslensk hönnun & framleiðsla



Kannaðu málið á akur.is og pantaðu frian húsabækling

Margar stærðir og gerðir frá 93-227m²



Smiðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | akur@akur.is



ALLT FYRIR HEYSKAPINN

...og stæðugerðina

Öll verð eru án vsk

Josilac íblöndunarefni
Classic - Ferm
(150g í bréfi)

9.324 kr. pr./bréf

8.542 kr. pr./bréf



72.593 kr.

Josilac úðadæla á sjálfhleðsluvagninn, rúllu- eða stórbaggavélina.



349.000 kr.

Íblöndunardæla - 250L á sjálfhleðsluvagninn, rúllu- eða stórbaggavélina.



Brettatilboð

12.245 kr.

SilaWRAP rúlluplast 75cm*1500m Hvítt - Svart - Grænt

Rúllulímbönd og bætur | Belgplast | Rúllunet | Stæduplast | Stæðuborði
Stæðugrúspokar | Undirplast | Stæðunet | Yfirbreiðslubúnaður

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

K7000 Ring 27cm
Sögunardýpt 27cm



DM400 kjarnaborvél
Hámark: 350mm



Husqvarna

FS400 LV
Sögunardýpt 16,5cm



LF75 LAT
Jarðvegsþjappa
Þjöppuþyngd 97 kg
Plata 50x57cm



Steinsagarblöð
og kjarnaborar



Husqvarna K770
Sögunardýpt 12,5cm



Allt fyrir atvinnumanninn

Steinsagir - Kjarnaborvélar - Gólfsagir

MHG Verslun ehf / Vikurharfi 8 / 203 Kópavogi / S: 544-4656 / mhg.is

FRÉTTASKÝRING

Skýrslur Sameinuðu þjóðanna, OECD og WHO hvetja til minni þéttleika í borgum og meiri áherslu á gróður:

Þétting byggðar úrelt hugsun og talin heilsufarslega og félagslega skaðleg

– Græn svæði og öflug uppbygging vegakerfis í úthverfi nefnt sem einn af lykilþáttum í jákvæðri þróun

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Þétting byggðar hefur verið eins konar töfraorð í íslenskri sveitarstjórnarpólitík í fjölmörg ár og einkum þar sem byggð er þéttust fyrir eins og á höfuðborgarsvæðinu. Byggðapétting hefur átt að leysa úr flestum vanda, eins og húsnæðisvanda, og draga stórlega úr loftmengun og þörfinni á akstri ökutækja.

Þétting byggðar hefur líka sínar neikvæðu hliðar og leiðir óhjákvæmlega til þess að gengið er á græn svæði. Áhugavert er að skoða þetta í ljósi stefnumörkunar úti í hinum stóra heimi á undanföllum árum. Þar hefur þessi umræða blossað upp aftur í skugga Covid-19 þar sem málin eru líka skoðuð út frá faraldsfræðilegum sjónarmiðum.

Fólk farið að flýja úr þéttbýlinu

Velta menn mjög fyrir sér árangrinum, eða öllu heldur göllumum sem fylgja byggðapéttingarstefnu, m.a. á hækun húsnæðisverðs, húsaleigu og neikvæð áhrifin á vistvænt umhverfi sem hverfur undir steinsteypu. Einnig á minnkandi loftgæði með minnkandi súrfnismettun inni í byggðinni vegna minni gróðurs.

Bent er á að of lítið sé hugað að því hvaða áhrif byggðapéttingin hefur á andlega og líkamlega heilsu. Þetta hefur m.a. leitt til fólksflotta úr borgunum. Sama þróun virðist vera að eiga sér stað á Íslandi sé lítið til stóru aukinnar eftirspurnar eftir húsnæði í minni bæjum í kringum höfuðborgarsvæðið.

Íbúum New York hefur fækkað um 200.000 á fjórum árum

Covid-19 faraldurinn virðist líka hafa haft áhrif á breyttan hugsunarhátt fólks. Íbúum New York borgar fækkaði um 90.000 manns á milli árunum 2019 og 2020, eða um 0,8%. Í heil 10 ár þar á undan hafði íbúum borgarinnar aðeins fjölgað um 61.000. Samkvæmt tölum Census Bureau náði íbúatala New York borgar hámarki árið 2016 í 8.469.000. Hefur íbúum borgarinnar síðan fækkað um rúmlega 200.000 á aðeins fjórum árum.

Þá fækkaði t.d. íbúum San Francisco í Bandaríkjunum um 1,4% á síðasta ári. Í þriðju stærstu borginni, Chicago, fækkaði á síðasta ári um 14.000 manns.

Í Los Angeles, þar sem íbúafjöldinn var 2,68 milljónir, fækkaði íbúum um 0,3%, San Jose um 1,3%, Long Beach um 0,8%, svo einhverjar borgir séu nefndar.

Fækkun íbúa er þó ekki algild um bandarískar borgir. Þannig fjölgaði t.d. lítils háttar í Dallas, eða um 74 einstaklinga, og um 400 í Houston, sem er fjórða stærsta borg Bandaríkjanna með rúmlega 2,3 milljónir íbúa.

Mest aðstreymi fólks var hins vegar í Kirkland, sem er úthverfi í Seattle, þar sem íbúum fjölgaði um 2,6%, en þar kom einmitt upp fyrsta hópsmit Covid-19 í Bandaríkjunum.

Skiptar skoðanir og misvísandi gögn

Vissulega eru þó líka til öfl sem hafa



Hjá alþjóðastofnunum er farið að mæla með að skipuleggjendur borga enduskoði afstöðu sína og í stað þéttingar byggðar verði hugað meira að uppbyggingu úthverfa og varðveislu grænna svæða.

Mynd / UN

fyrir græn svæði og gildi þeirra fyrir heilsu og vellíðan.

SP segja að þétt byggð hafi auknið á útbreiðslu Covid-19

Sameinuðu þjóðirnar hafa tekið þessa byggðapéttingaráttu á dagskrá og hafa gefið út sérstaka skýrslu sem kynnt var á fundi í Naíróbí 30. mars síðastliðinn og gefin út í maí. Hún heitir Borgir í heimsfaraldri í átt að réttlátari, grænni og heilbrigðari framtíð, eða „Cities and Pandemics: Towards a More Just, Green and Healthy Future“. Skýrslan sýnir hvernig borgir geta dregið úr áhrifum heimsfaraldra og orðið sanngjarnari, heilbrigðari og umhverfisvænni. Þar segir m.a.:

„Smit í þéttbýli hefur verið afgerandi í Covid-19 faraldurinum, en 95 prósent allra tilfella voru skráð í borgum fyrstu mánuðina. Þéttbýlisstaðir stóðu frammi fyrir hröðum breytingum á lýðheilsu ásamt áskorunum í öruggum almenningssamgöngum, aukinni vatns- og hreinlætisþörf, notkun almenningsrýma og efnahagslegum afleiðingum lokunar.“

Þar segir einnig að stjórnendur borga og skipuleggjendur verði að endurskoða hvernig fólk ferðast um í borgum og nýta þann lærdóm sem fengist hefur af Covid-19. Bent hefur verið á mannmergið í almenningssamgöngukerfum í því sambandi. Misskipting, fátækt og mjög þétt byggð hafi einnig verið gegnumgangandi þættir sem auknið hafi á útbreiðslu Covid-19.

Lausnin talin vera í sjálfbærum hverfum

Tillögur Sameinuðu þjóðanna fela í sér aukna áherslu á staðbundnar

lausnir í skipulagi hverfa og samfélaga sem eru fjölvirk og skilvirk. Hverfin verði sem sjálfbærust og samanstandi hvert um sig af íbúðarhúsnæði, verslun, þjónustu og opnu almenningsrými ásamt húsnæði á „viðráðanlegu verði“. Það voru einmitt sömu rökin og notuð voru þegar ráðist var í uppbyggingu Breiðholtshverfanna í Reykjavík á sínum tíma og virkaði þá vel. Slíkt getur að mati skýrsluhöfundu SP leitt til bættrar lýðheilsu og viðgangs staðbundinna hagkerfa og umhverfis.

Þetta krefst þess að stjórnvöld einbeiti sér að stefnu til að vernda landréttindi, bæta aðgengi að vatni, hreinlætisaðstöðu, almenningssamgöngum, rafmagnni, heilbrigðis- og menntunaraðstöðu og tryggja stafræna tengingu án aðgreiningar.

„Við verðum að taka á kerfislegri fátækt og ójöfnuði í borgum og leggja meiri áherslu á húsnæði, grunnþjónustu, sjálfbærni, hreyfanleika og tengimöguleika,“ sagði Maimunah Mohd Sharif, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna.

Líka á dagskrá hjá OECD

Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin OECD gerði líka skýrslu um þessi mál árið 2018. Þar kemur m.a. fram að þróunin frá árinu 2000 sýni að æ fleira fólk leiti nú út úr þéttbýlum miðborgum og í úthverfin þar sem þrængslin er minni. Þessi þróun var þá samkvæmt skýrslunni að eiga sér stað í að minnsta kosti 20 Evrópulöndum. Yfirvöld á höfuðborgarsvæðinu á Íslandi virðast því vera talsvert langt á eftir tímanum í hugsun og keyra áfram skipulag sem vinnur í þverfuga átt.

Helstu drifkraftarnir til að gera sókn í dreifðari og heilbrigðari byggð eru að mati OECD knúnir áfram af lýðræðislegum, efnahagslegum, landfræðilegum, félagslegum og tæknilegum þáttum.

Stórfelld uppbygging vegakerfis og bifreiðastyrkir stór þáttur í jákvæðri þróun

Mikilvægustu atriðin að mati OECD til að knýja þessa þróun er m.a. að takmarkanir séu settar á þéttleika byggðar, skattkerfi feli í sér að jafna aðstöðu fólks til að geta búið við betri aðstæður í meira strjálbýli, bifreiðakostnaður sé niðurgreiddur og stórfelld fjárfesting sé viðhöfð í uppbyggingu vegakerfis. Þegar lítið er á þróunina á Íslandi hefur greinilega verið unnið af hörku gegn þessari þróun.

Nefndar eru nokkrar borgir þar sem þéttleiki byggðar þykir vel ásætlanlegur og mikið lagt upp úr úthverfum. Þar eru borgir eins og Ottawa í Kanada, Bergen í Noregi, Portland í Oregon-ríki í Bandaríkjunum og Darwin í Ástralíu.

Á móti eru nefndar borgir þar sem staðan er afleit hvað þéttleika varðar, eins og Busan í Kóreu, Osaka í Japan og Napólí í Ítalíu svo dæmi séu tekin. Þá hefur verið nefnd skelfileg afleiðing of þéttar byggðar í indverskum borgum sem sýndi sig vel í mikilli og hraðri úrbreiðslu COVID-19 á undanföllum mánuðum.

haldið því enn fram að aukin þéttleiki byggðar leiði til aukinnar hagkvæmni og bættrar heilsu þar sem fólk í þéttbýlinu hreyfi sig meira á greiðfærum gangstéttum. Á móti er bent á skýrslur sem sýna að slys á fólki á götum í þéttbýli eru mun algengari en í dreifbýli og léleg loftgæði í borgum valdi líka miklum skaða á öndunarfærum sem stytti lífaldur fólks.

Mikilvægi grænna svæða til að styðja við heilbriggt líf

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, lagði einmitt fram skýrslu árið 2016 um áhrif af grænum svæðum í borgum sem hafa óðum verið að hverfa vegna þéttingar byggðar. Skýrslan heitir „Urban green spaces and health – A review and evidence“. Tekur hún til rannsókna sem gerðar voru á 10 ára tímabili á þessum málum. Þar segir m.a.:

„Nýlega hefur áhugi vaknað á mikilvægi grænna svæða til að styðja við heilbriggt líf í þéttbýli. Tengsl milli grænna svæða og heilsu hafa verið viðurkennd í gegnum tíðina og voru einn af drifkröftunum á bak við þéttbýlisgarðahreyfingu 19. aldar í Evrópu og Norður-Ameríku (Schuyler, 1988).“

Vísad er m.a. til skýrslu WHO um borgarskipulag, umhverfi og heilbrigði sem gefin var út árið 2010. Þar segir að græn svæði geti haft jákvæð áhrif á líkamlega hreyfingu, félagslega og sálræna líðan, bætt loftgæði og dragi úr óþægindum af hávaða.

Þá segir að nýlegar rannsóknir hafi gefið vísbendingar um margvíslegan ávinning af grænu svæði í þéttbýli. Faraldsfræðilegar rannsóknir hafa notað fjölmargar aðferðir til að mæla áhrif framboðs af grænu svæði í þéttbýli og aðgengi að heilsuárangri þátttakenda í rannsóknum. Þá er ekki bara verið að tala um skipulagða garða, heldur einnig ræktun grasbala og trjáa í borgum, einkagarða borgarbúa og fleira. Í niðurstöðum skýrslunnar segir m.a.:

„Gögnin sýna að græn svæði í þéttbýli hafa heilsufarslegan ávinning, sérstaklega fyrir efnahagslega illa stað samfélög, börn, barnshafandi konur og eldri borgara. Það er því nauðsynlegt að allir íbúar hafa fullnægjandi aðgang að grænum svæðum, með sérstakri forgangsröðun á slíkt í bágstöddum samfélögum. Þó að smáatriði um hönnun og stjórnun grænna svæða í þéttbýli verði að vera í takt við staðbundna landfræðilega þætti og menningarlegar aðstæður, þá er þörfin ótvíræð

Rafbílavæðingin er keyrð áfram og oft meira af krafti en forsjá:

Forseti Bandaríkjanna kominn með áhyggjur af ónýtum bílrafhlöðum

— Vill setja kraft í endurvinnslu enda er ótti við að milljónir tonna af ónýtum og mengandi rafhlöðum endi í landfyllingum

Rafknúnr bílar seljast nú eins og heitar lummur og flestir eru þeir búnir Líþíum-Ion rafhlöðum. Fullyrt er að rafbílur muni yfirtaka bílamarkað heimsins á næstu 5 til 10 árum. Þetta hefur verið knúid áfram undir slagorðum náttúruverndar og baráttu gegn losun koltvísýrings út í andrúmsloftið. Þetta er þó ekki tekið út með seldinni því farnar eru að hlaðast upp rafhlöður úr ónýtum rafbílum sem fáir hafa áhuga á að endurnýta.

Vegna stöðunnar eru farnar að renna tver grímur á þjóðarleiðtoga á borð við Joe Biden Bandaríkjaforseta. Þeir eru farnir að viðurkenna að námugróftur eftir þeim sjaldgæfu málmum sem þarf í allar bílrafhlöðurnar er bara alls ekkert umhverfisvænn né framleiðslan á rafhlöðunum sjálfum.

Bandaríkjaforseti vill stórauka endurvinnslu á bílrafhlöðum

Þann 5. júní síðastliðinn birti Reuters frétt um að Joe Biden Bandaríkjaforseti hafi sett í gang áætlun sem miðar að því að stórauka endurvinnslu á bílrafhlöðum. Á það að vera hluti af loftslagsmarkmiðum forsetans. Reyndar hafa Demókratar í Bandaríkjunum verið harðir á að hrinda í gang áætlunum um að meirihluti bíla sem bandarískir bílaframleiðendur framleiða 2030 verði rafmagnsbílar og að allir bílar á götum Bandaríkjanna verði orðnir rafmagnsbílar árið 2040.

Endurvinnsla á bílrafhlöðum er hins vegar mjög flókin og kostnaðarsamt er að endurvinnna þungmálmana úr rafhlöðunum. Þá eru rafhlöðurnar mismunandi milli framleiðenda og efnainnihald ólíkt. Þrjár megin gerðir eru til sem byggja á bakskautum úr nickel-kóbalt og áli, í öðru lagi úr járnfosfati og í þriðja lagi á nikkel, magnesíum og kóbalti. Því er hugmyndin líka sú að upphugsleiðir til að minnka umfang sjaldgæfra mála í rafhlöðunum. Þeir bjartsýnustu telja að hægt verði að draga úr námugreftri eftir líþíum árið 2040 um 25% ef það tekst að endurvinnna þann málm úr notuðum rafhlöðum og um 35% er varðar kóbalt. Er bandaríski hluti Energy's Argonne National Laboratory þegar sagður vera á kafi í slíkum rannsóknum. Umhverfismálaráðuneyti Bandaríkjanna hefur þegar sett um 15 milljónir dollara í það sem nefnt hefur verið ReCell Center sem á að

samhæfa rannsóknir vísindamanna og stofnana varðandi endurvinnslu á rafhlöðum. Bretar hafa sett í gang svipaðar aðgerðir sem kallaðar eru ReLiB verkefnið.

Um 8 milljón bílrafhlöður gætu endað á bandarískum ruslahaugum

Á síðasta ári seldust um 2,5 milljónir rafmagnsbíla í heiminum. Búið er við að sú sala aukist um 70% á yfirstandandi ári og haldi síðan stöðugt áfram að aukast til 2040 samkvæmt markaðsspá IHS Markit. Þá spá sérfræðingar á markaði því að 145 milljónir rafbíla verði komnir á göturnar 2030, en þeir voru orðnir um 11 milljónir á árinu 2020.

Til þessa hafa ekki nema um 5% af bílrafhlöðum sem teknar hafa verið úr umferð farið í einhvers konar endurvinnslu. Fréttaveita Bloomberg telur að um ein milljón bílrafhlaða verði komnar úr umferð árið 2027. Þegar eru farnar að hlaðast upp slíkar rafhlöður í stórum stíl með tilheyrandi mengunarhattu. Ef ekki verður gripið til róttækra aðgerða við endurvinnslu bílrafhlaða þá búast bandarísk yfirvöld við að 8 milljónir tonna af ónýtum bílrafhlöðum endi á ruslahaugum eða í landfyllingum í Bandaríkjunum einum árið 2040.

Greenpeace hefur áætlað að 7,05 milljónir tonna af ónýtum Líþíum-Ion bílrafhlöðum muni falla til í Kína á árunum 2021 til 2030. Fjallað var um málið í South China Morning Post þann 19. mars síðastliðinn.

Víðar eru áhyggjur að kvikna vegna óvistvænna bílrafhlaða. Evrópusambandið er þannig sagt vera að „áhuga“ að draga úr útlutningi á málmúrgangi, þar með talið á bílrafhlöðum, og að hvatt verði til endurvinnslu á heimamarkaði.

Vonir standa þó líka til að uppbygging innviða fyrir vetnisvæðingu muni smám saman draga úr þörf á notkun rafhlaða í rafmagnsbílum. Einnig að ný gerð af rafhlöðum innihaldi ekki eins mikið af þungmálum og núverandi rafhlöður og verði jafnframt endingarbetri.

Vill ná forskoti á Kínverja með milljarða dollara innspýtingu

Bandaríkjaforseti hyggst ná forskoti á Kína, bæði í framleiðslu á rafbílum, rafhlöðum í alla rafmagnsbílana sem og endurvinnslu. Kínverjar, með sitt risafyrirtæki í rafhlöðuiðnaði, Gangfeng Lihium Co. Ltd., settu hins



Neytendur hafa tekið rafmagnsbílunum fagnandi. Fjölgar þeim nú mjög ört um allan heim. Flestir þeirra eru búnir rafhlöðum sem illa hefur gengið að endurvinnna þrátt fyrir fögur fyrirheit og hafa menn af því vaxandi áhyggjur.



Bílrafhlöður eru afar mismunandi að gerð og efnasamsetningu sem gerir alla endurvinnslu á þeim mjög erfiða.

vegar í gang svipaða áætlun á síðastliðnu hausti. Hafa Kínverjar mikið forskot á aðrar þjóðir í þessum geira, bæði í rafbílaframleiðslu, rafhlöðuframleiðslu og í námuvinnslunni sjálfri.

Til að mæta þessu lagði Bandaríkjaforseti það til í apríl að dælt yrði 174 milljörðum dollara inn í bandarískan bílaíðnað. Þá hafa 100 milljarðar verið eyrnamerkir í niðurgreiðslu

ur á rafmagnsbílum til neytenda í Bandaríkjunum.

Sjaldgæfum plöntum og dýrum fórnað fyrir bílrafhlöður

Bandaríkjamenn skortir líka aðgang að líþíum og kóbalti til að geta drifið sína rafbílavæðingu áfram. Á námu-svæðum hafa líka komið upp deilumál um umhverfisvernd. Á svæði

í norðanverðu Nevada-ríki fundust t.d. vænlegar líþíum-námur. Vandinn var bara að á yfirborðinu sem þurfti þá að raska, voru plöntur (Tiehm's buckwheat) sem hvergi var annars staðar að finna í heiminum og því ekki hægt að grafa. Í september í fyrra vildi svo til að plönturnar drápuast allt í einu eina nóttina á einhvern dularfullan hátt. Þá var ekkert því til fyrirstöðu að hefja námuvinnsluna.

Greint var frá því hjá fréttastofu Reuters í mars sl. að umhverfisverndarsamtök hygðust lögsækja ástralska námufyrirtækið Loneer Ltd. fyrir plöntudrápið. Þá er talað um að námugrófur á þessum stað muni líka skaða uppeldissvæði villtrar antilópu-tegunda.

Einnig hefur komið til árekstra við frumbyggja Ameríku í Arizona vegna námugraftar. Neyddist ríkisstjórn Joe Biden m.a. til að grípa inn í og banna Rio Tinto námugróft á svæði frumbyggjanna

Friðunarstefna og rafbílavæðing stangast á

Virðist sem umhverfisverndarstefna Joe Biden forseta sé að verða honum til trafala í viðleitninni við að hraða innleiðingu rafbílavæðingar. Að sögn greinarhöfundar Reuters hefur hann viljað vernda að minnsta kosti 30% af því landi sem er í eigu alríkisins og í strandhéruðum og þrefalda þar með verndarsvæði í Bandaríkjunum. Á þessum svæðum eins og í Nevada er einmitt að finna nauðsynleg hráefni eins og líþíum fyrir rafbílavæðinguna.

„Þú getur ekki notið grænnar orku (í bílum) nema að stunda námugróft. Það er bara veruleikinn,“ segir Mark Senti forstjóri Advanced Magnet Lab Inc. /HKr.


FJÓSAINNRETTINGAR



DSD fjósainnréttingar sem framleiddar eru í Hollandi eru sérsmíðaðar fyrir íslenskar kýr og hafa þegar sannað gildi sitt í íslenskum fjósum.

Innréttingararnar eru hannaðar og prófaðar eftir ströngustu gæðakröfum og miða að velferð bæði dýra og manna. Áralöng reynsla hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga nánast öllum þörfum nútímafjósá.

Hafðu samband: bondi@byko.is



Rafbílavæðingin er þrátt fyrir sína galla um margt jákvæð. Hefur hún m.a. fætt af sér margar skemmtilegar hugmyndir, eins og smíði lítilla ökutækja og jafnvel eins manns löggubils eins og hér sést.



byko.is

BYKO
GERUM PETTA SAMAN

„Hjartað slær með landbúnaði og sveitinni“

Erla Hjördís
Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is



Sara Jóna Emilía býr í Skagafirði en er fædd og uppalin í sveit í skosku hálöndunum. Hún er náttúrubarn og ævintýramanneskja af Guðs náð og alltaf með myndavélina við höndina en Sara hefur vakið athygli fyrir fallegar myndir sem hún málar af umhverfinu í Skagafirði þar sem íslensku húsdýrin koma jafnan við sögu.

„Ég kom hingað árið 2004 út af náttúrunni og jarðfræði, ég hafði aldrei séð jökla og eldfjöll, bara lesið um það í jarðfræði og dreyndi um að sjá það með eigin augum.“

Ég hafði verið að vinna í Svíþjóð og var búin að ferðast um öll Norðurlöndin fyrir utan Ísland en draumurinn var að koma hingað til Íslands og sjá landið. Ég sótti um alls konar vinnu og fékk vinnu hjá Flúðasveppum á Flúðum. Ég ætlaði að vera hérna í þrjá mánuði í sumarvinnu og skoða landið en varð fljótlega ástfangin af landinu,“ segir Sara.

Eins og að ganga um í álfasögu

Það er óhætt að segja að Sara hafi lifað ævintýralegu lífi en áður en



Sara Jóna Emilía býr í Skagafirði en er fædd og uppalin í sveit í skosku hálöndunum. Hún gerir ýmislegt í frístundum sínum, eins og að synda út í Drangey, taka ljósmyndir og mála fallegar myndir úr sveitinni.

hún ferðaðist um Norðurlöndin og settist að á Íslandi bjó hún í 16 ár í Suður-Afríku þar sem hún lagði stund á nám við landbúnaðarskóla

með áherslu á ræktun grænmetis og suðrænna ávaxta og segir hún þann tíma hafa verið góðan grunn fyrir ýmislegt í lífinu.

„Ég var að ferðast hringinn í kringum Ísland eitt sumarfríð og langaði að prófa eitthvað annað en að vera á Suðurlandinu. Mig langaði að vera þar sem væru falleg fjöll, náttúra og hestar og þá var mér bent á Skagafjörðinn. Ég kom hér einn brjáláðan veðurdag í mars á Sauðárkrók og fékk fljótlega vinnu í frystihúsinu í fjögur ár, síðan eru liðin 14 ár,“ segir Sara, sem er meðal annars búin að læra ferðamálafræði við Hólaskóla.

Sara er iðin við að mála myndir og lætur framleiða fyrir sig tækifæriskort eftir myndum sínum sem hafa rokið út eins og heitar lummur. Margt af því sem hún málar tengist sveitinni og íslensku húsdýrunum.

„Hjartað slær með landbúnaði, sveitinni og náttúrunni. Það

Sara elskar dýr og hefur oft tekið þátt í sauðburði hjá vinum sínum: „Það er svo gaman að sjá hvernig dýrin haga sér og sjá karakter þeirra, ég er alltaf með myndavélina með mér og reyni að fanga allt sem ég sé.“ Sjá má verk Söru á Facebook-síðu hennar jökulhrafnart.

veitir svo mikinn innblástur. Ég hef alltaf verið listræn en ég byrjaði ekki fyrir alvöru að mála fyrr en ég kom í Skagafjörðinn. Það var eins og að ganga um í álfasögu að vera hérna.

Ég byrjaði að mála á striga og gefa í jólagjafir, því var vel tekið og ég hélt áfram. Síðan hefur þetta þróast og ég byrjaði að gera tækifæriskortin árið 2014.

Ég sel til vina og vandamanna en ég er líka félagi í listamannafélaginu Sólun hér á Sauðárkróki þar sem er sýning einu sinni á ári og þar sel ég líka.

Ég byrjaði á kortunum því mig vantaði jólakort, ég fann bara einhverja fjöldaframleiðslu frá Kína en mér fannst vanta eitthvað íslenskt. Ég byrjaði á að prenta eina hestamynd sem sló í gegn 2014 og árið eftir gerði ég átta myndir saman. Þetta byrjuðu sem jólakort eitt árið en síðan breyttist það fljótt því fólk notar þetta fyrir alls kyns tilefni, skír, afmæli og við önnur tilefni. /ehg



Sara fær margar hugmyndir að myndum sínum á hverjum degi en eitt sinn gaf hún vini sínum sem átti stórafmæli málverk af sveitabænum hans og í kjölfarið kom þöntun frá bróður hans. Myndin er af bænum Dæli í Skagafirði.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VAGNAR HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



„Hjartað slær með landbúnaði, sveitinni og náttúrunni. Það veitir svo mikinn innblástur. Ég hef alltaf verið listræn en ég byrjaði ekki fyrir alvöru að mála fyrr en ég kom í Skagafjörðinn. Það var eins og að ganga um í álfasögu að vera hérna. Ég byrjaði að mála á striga og gefa í jólagjafir, því var vel tekið og ég hélt áfram. Síðan hefur þetta þróast og ég byrjaði að gera tækifæriskortin árið 2014.“



UTAN ÚR HEIMI

Fyrsta asíska „morðvespan“ finnst í Bandaríkjunum

Fyrsta risavespan af asískum uppruna sem kölluð eru „morðvespa“ (murder hornet) fannst í Snohomish-sýslu norður af Seattle-borg í Bandaríkjunum þann 4. júní síðastliðinn. Um var að ræða dauða karlflugu og líklegt talið að hún hafi komið til landsins fyrir ári síðan.

Vespanar, sem eru af tegundinni Asian giant hornet (Vespa mandarinia), geta verið um 5 sentimetrar að lengd og eru taldar sérlega hættulegar fyrir býflugur. Ráðast þær á býflugurnar slíta af þeim hausinn og gjöreyða

búum þeirra á nokkrum klukkutímum.

Samkvæmt frétt Sky News þann 17. júní þá ráðast vespanar venjulega ekki á fólk, en stungur þeirra valda miklum sársauka. Endurteknar stungur í menn geta leitt til dauða.

Talið er að morðvespur í Snohomish-sýslu hafi komið til Bandaríkjanna sem laumufarþegar í flutningaskipi og að þær séu ekkert tengdar morðvespunum sem fundust í Kanada 2019 og 2020.

Dr. Osama El-Lissy, yfirmaður hjá sóttkvíaáætlun bandaríska



Asíska vespanar, Asian giant hornet (Vespa mandarinia), eru sannarlega engin lömb að leika sér við. Stungur þeirra geta banað mönnum.

landbúnaðarráðuneytisins, segist ráðþrota yfir þessum vespufundi.

Það sé of snemmt fyrir karlvespur að vera á sveimi á þessum tíma sumars.

Skordýrafræðingurinn Sven Spichiger segir að nú verði settar upp gildir til að reyna að fanga fleiri morðvespur og eru íbúar í Snohomish- og King-sýslum hvattir til að taka þátt.

Asíska risavespanar eru skilgreindar sem hættulegar umhverfinu, sem þýðir að Washington-ríki mun grípa til allra tiltækra ráðstafana til að uppræta vespanar. /HKr.

LOFTSLAGSVÆNN LANDBÚNAÐUR

Auglýst er eftir nýjum þátttakendum í nautgriparækt

Loftslagsvænn landbúnaður er hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Markmið verkefnisins er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu.

Auglýst er eftir fimmtán þáttökubúum í nautgriparækt, til allt að fimm ára, sem hafa áhuga á að setja sér skriflega aðgerðaáætlun fyrir búreksturinn, hrinda markmiðum í framkvæmd og vera virkir þátttakendur í vegferð landbúnaðarins að loftslagsvænum lausnum.

Verkefnastjórn áskilur sér rétt til að velja þátttakendur, verði umsækjendur fleiri en fimmtán, en öll þáttökubú þurfa að uppfylla lögbundnar skýrsluhaldskröfur sbr. 4. gr. reglugerðar um stuðning við nautgriparækt.

Þátttakendur fá heildstæða ráðgjöf, fræðslu og aðhald frá RML, Landgræðslunni og Skógræktinni. Auk þessa þáttökustyrk, styrk til efnagreininga og þegar líður á verkefnið aðgerða- og árangurstengdar greiðslur.

Verkefnið hefst í september 2021 og er umsóknarfrestur til 8. ágúst n.k. Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu RML, www.rml.is.

Nánari upplýsingar veitir Berglind Ósk Alfreðsdóttir verkefnastjóri, berglind@rml.is og í síma 516-5000.



skógræktin

RML
RÁDGAJAFARMÍÐSTÖÐ
LANDBÚNAÐARINS

Landgræðslan


ÖNNUMST ALLAR ALMENNAR VINNUVÉLAVIDGERÐIR

Vönduð og góð þjónusta

VHE

VHE • Melabraut 27 • Hafnarfjörður • Raun 5 Reyðarfirði
Sími 575 9700 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Lely Center Ísland



6,500 - 9,500
11,000 - 13,500 lítra

HAUGSUGU- DÆLUR

HAUGSUGUHLUTIR
VARAHLUTIR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið

á bbl.is og líka á Facebook

ÖFLUG VÖKVADRIFIN VERKFÆRI FRÁ HYCON

DÖNSK GÆÐASMÍÐI OG ÁRATUGA REYNSLA



Brothamrar



Kjarnaborvélar



Steypusagir



Niðurrekstarhamrar



Vatnsdælur



Glussadælur

Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík / 551 5464 / wendel.is



Við berjumst fyrir frjálslyndi og jafnrétti, réttlátu samfélagi, efnahagslegu jafnvægi og alþjóðlegri samvinnu.



**RÆKTUM
ÍSLAND SAMAN**
VIÐ VILJUM VINNA
MEÐ YKKUR

Frambjóðendur
Viðreisnar til Alþingis



VIÐREISN



Starfsfólk Landgræðslunnar við störf á Geitasandi. F.v.: Anne Bau, Urður Einarsdóttir, Sóldögg Rán Davíðsdóttir, Snorri Björn Magnússon, Elísa Inger Jónsdóttir, Guðný Rut Guðnadóttir, Sigurður Smári Davíðsson og Róbert Ívar Arnarsson. Myndir / Dúi J. Landmark

Sjálfbær áburðarvinnsla:

Tilraunir á Geitasandi með áhrif lífrænna efna á gróðurframvindu

Í byrjun árs var sett af stað samstarfsverkefni um þróun á íslenskum áburði með sjálfbærum framleiðsluaðferðum. Einn angur þess verkefnis er að kortleggja allt lífrænt hráefni sem getur nýst til áburðarframleiðslu. Verkefnisstjórn er í höndum Matís, en samstarfsaðilar eru Atmonia, Landsvirkjun, Landbúnaðarháskóli Íslands og Landgræðslan – sem nýlega setti upp tilraunir á Geitasandi í Rangárvallasýslu þar sem borin eru saman áhrif mismunandi lífrænna efna á gróðurframvindu á rýrum mel.

Samstarfsverkefnið heitir Sjálfbær áburðarvinnsla og fékk tveggja ára styrk frá Markáætlun Rannís. Takmarkið er að finna leiðir til að bæta næringarefnum í lífrænan úrgang og gera þau að verðmætum áburði.

Áhrif sex mismunandi tegunda lífrænna efna

Í tilraun Landgræðslunnar eru borin saman áhrif sex mismunandi tegunda lífrænna efna, með eða án viðbættra næringarefna og sum þeirra í misstórum skömmtum. Allur úrgangur hefur verið meðhöndlaður á þann hátt að leyfilegt er að dreifa honum til uppgræðslu.

Í umfjöllun á vef Landgræðslunnar um tilraunina á Geitasandi kemur fram að hingað til hafi skort leiðir til að endurnýta allan lífrænan úrgang á vistvænan hátt, sérstaklega svokallaðan „vandamálaúrgang“.

Mannaseyra er vandamálaúrgangur

„Vandamálaúrgangur sem hér er notað sem samheiti yfir efni sem eru illa nýtt, s.s. mannaseyra og ýmis úrgangur frá eldisdýrum, er



Loftmyndir af sáningarreitum á Geitasandi.



oft urðaður eða hleypt út í sjó. Hann mætti hins vegar frekar kalla „tækifærisúrgang“.

Þessi tækifærisúrgangur inniheldur mikið magn dýrmætra næringarefna og það er því fullkomin soun að nýta hann ekki, sérstaklega í landi þar sem ástand gróðurs og jarðvegs er svona bágborið. Því er til mikils að vinna að nýta hann sem best og nota í stað tilbúins innflutts áburðar þar sem það er hægt, en tilbúinn áburður hefur margfalt herra kolefnisspor og er dýr í innkaupum. Tækifærisúrgangurinn er hins vegar heimaþinginn og oftast gjaldfrjáls,“ segir í umfjölluninni.


Haft er eftir Magnúsi H. Jóhannessyni, teymisstjóra Landgræðslunnar, að geysilega mikil verðmæti séu fólgin í lífrænum úrgangi, þó flest okkar líti á hann sem vandamál sem best sé að losna við sem fyrst. Hann segir að næringarefnin séu nákvæmlega jafn verðmæt og í tilbúnum áburði, bara aðeins þyngri í notkun.

/smh



Tilraunaverkefni Landgræðslunnar, þar sem mismunandi tegundum af lífrænum áburði er dreift á Geitasandi til að skoða áhrif á gróðurframvindu.

NYTJAR HAFSINS



Tölvugerð mynd af áformuðu landeldi Samherja fiskeldis á Reykjanesi.

Mynd / Samherji.

Samherji:

Áform um 40.000 tonna laxeldisstöð á Reykjanesi

Samherji fiskeldi áformar að byggja allt að 40.000 tonna landeldi á laxi í þremur áföngum á næstu ellefu árum. Landeldisstöðin verður staðsett í Auðlindagarðinum við Reykjanesvirkjun og mun samanstanda af seiðastöð, áframeldisstöð og frumvinnsluhúsi ásamt þjónustubyggingum.

Í tilkynningu vegna áformanna segir að markmiðið með landeldinu sé að framleiða heilnæma gæðavöru með lágu vistspori. Fjöldmörg störf verða til á framkvæmdatímanum og á annað hundrað störf við landeldið þegar vinnsla á afurðum hefst. Framkvæmdin styður við markmið Auðlindagarðsins um nýtingu affallsstrauma frá jarðvarmavirkjunum sem í dag renna að hluta ónýttir til sjávar.

Samningur við HS Orku

Gerður hefur verið samningur við HS Orku um uppbyggingu laxeldis og hefur það tryggt sér aðgang að sjó og raforku til að framleiða allt að 40 þúsund tonn af laxi árlega auk þess sem nýttur verður ylsjór sem er affall frá kælingu Reykjanesvirkjunar. Þá hefur Samherji fiskeldi samið við landeigendur vegna uppbyggingarinnar.

Undirbúningur fyrsta áfanga er hafinn

Vinna við matsferli, leyfismál og hönnun er hafin en ráðgert er að ljúka því ferli á næsta ári. Samkvæmt áætlunum Samherja fiskeldis mun seiðaeldi við fyrsta áfanga hefjast

í upphafi árs 2023 og áframeldi og vinnsla á afurðum á árunum 2024 og 2025.

Í fyrsta áfanga verður framleiðslan 10.000 tonn af laxi og áætluð fjárfesting upp á 17 milljarða króna. Í öðrum áfanga verður bætt við 10.000 tonnum og í þriðja áfanga 20.000 tonnum. Ef allt gengur að óskum verður landeldið í Auðlindagarðinum komið í full afköst á árinu 2032.

Samherji fiskeldi, sem er félag í samstæðu Samherja, er þegar með nokkur umsvif á Suðurnesjum en fyrirtækið rekur frumvinnsluhús og fullvinnslu í Sandgerði, eldisstöð á Stað við Grindavík og eldisstöð á Vatnsleysuströnd. Þar að auki er fyrirtækið með landeldi á laxi á Núpsmýri. *AVH*

Vetrarsól er umboðsaðili



Sláttuvélar & sláttuorf



Gulltryggð gæði



Sláttutraktorar



Snjóblásarar

40 ár á Íslandi



Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is

Lely Center Ísland



STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Til sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda

Sjóðfélagayfirlit fyrir tímabilið október 2020 til maí 2021 hafa verið send öllum greiðandi sjóðfélögum í Lífeyrissjóði bænda og eru jafnframt aðgengileg á sjóðfélagavef, www.lsb.is.

Skorað er á sjóðfélaga að bera yfirlitin saman við launaseðla og gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Jafnframt er sjóðfélögum bent á að hafa tafarlaust samband við sjóðinn, hafi þeir ekki fengið yfirlit frá sjóðnum en telja að vinnuveitandi hafi átt að skila iðgjöldum til sjóðsins.

Hafi athugasemdir á iðgjaldaskilum frá sjóðfélagum, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu þessarar auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum hefur ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjaldaskila að því marki sem iðgjöldin fást greidd.

LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA
Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík
s. 563 1300 - lsb@lsb.is



LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA
Niðurstöður ársreiknings 2020

BREYTING Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS		
í milljónum króna	2020	2019
Iðgjöld	837	760
Lífeyrir	-1.804	-1.710
Hreinar fjárfestingartekjur	4.243	4.337
Rekstrarkostnaður	-139	-128
Breyting á hreinni eign	3.137	3.259
Hrein eign frá fyrra ári	37.241	33.982
Hrein eign til greiðslu lífeyris	40.378	37.241

KENNITÖLUR		
	2020	2019
Nafnávöxtun	11,6%	13,0%
Hrein raunávöxtun	8,3%	9,6%
10 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	5,1%	4,9%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	2.115	2.148
Fjöldi lífeyrisþega	4.005	3.906
Tryggingafræðileg staða, %	-3,6%	-4,8%

EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK		
í milljónum króna	2020	2019
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	17.779	15.531
Skuldabréf og aðrar fjárfestingar	21.874	21.064
Skammtímakröfur og ýmsar eignir	177	190
Handbært fé og ýmsar eignir	572	477
Eignir alls	40.402	37.263
Skuldir	24	22
Hrein eign til greiðslu lífeyris	40.378	37.241

STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRI		
Skúli Bjarnason, formaður		
Erna Bjarnadóttir	Guðrún Lárusdóttir	
Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir	Örn Bergsson	
Ólafur K. Ólafs, framkvæmdastjóri		

LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA - STÓRHÖFÐA 23 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 563 1300 - LSB@LSB.IS - WWW.LSB.IS



Passaðu þrýstinginn - hann þarf nefnilega að vera nægur

NILFISK HÁÞRÝSTIDÆLUR

Alvöru dælur sem vinna verkið á methraða. Þú færð Nilfisk hjá Rekstrarlandi í Vatnagörðum, við Austurveg á Selfossi og í útibúum Olís um land allt.



Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | 515 1100 | Austurvegi 69 | 800 Selfossi | 480 1306 | rekstrarland.is



ISLAND ER LAND PITT

Sumardagskrá með nýrri sýningu á Iðnaðarsafninu á Akureyri:

Minnast 90 ára afmælis frumkvöðuls safnsins

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



Iðnaðarsafnið á Akureyri býður í sumar upp á fyrirlestra og myndbandasýningar sem tengjast iðnaði á Akureyri, fimmtudagsviðburðir nefnast þeir og verða í boði á fimmtudögum. Alls verða haldnir fimm fyrirlestrar, tveir í júlí og þrír í ágúst, en myndasýningar verða alla fimmtudaga bæði kl. 13 og 15. Fyrirlesarar eru þeir Jón Hjaltason, Sigurgeir Guðjónsson, Þórarinn Hjartarson og Jóna Sigurlaug Friðriksdóttir ásamt Ullarvinnslunni Gilhaga.

„Við reynum að bjóða upp á fræðandi og skemmtilega dagskrá, fólk hefur alltaf gaman af því sem gerðist í fyrri tíð og við mætum því með þessari sumardagskrá,“ segir Þorsteinn E. Arnórsson, safnstjóri Iðnaðarsafnsins. Hann hljóp í skarðið í byrjun árs – og ekki í fyrsta sinn þegar svo var komið í rekstri safnsins að segja þurfti safnstjóra upp störfum sökum peningaleysis. Þorsteinn hefur setið í stjórn Iðnaðarsafnsins frá upphafi.

Terra fyrir herra

Auk þess sem Iðnaðarsafnið býður upp á sumardagskrá í formi fyrirlestra og myndasýningar var í liðinni viku opnuð lítil sýning til að minnast Jóns S. Arnþórssonar, frumkvöðuls og stofnanda Iðnaðarsafnsins, en í ár verða liðin 90 ár frá fæðingu hans. Jón lést árið 2011. Hann gegndi ýmsum störfum hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga, var sölustjóri, fulltrúi forstjóra, deildarstjóra, fulltrúi verksmiðjustjóra og markaðsfulltrúi. Jón var framkvæmdastjóri við iðnsýningar samvinnumanna frá 1957 til 1973. Hann sá um verkefnið Handverk heimilanna sem síðar varð að Hugmyndabankanum.

Fálkaorða fyrir framlag við varðveislu íslenskrar verkmenningar

Sýningin, sem opnuð var 17. júní síðastliðinn, sækir nafn sitt í slagorð til saumastofu Gefjunar, Terra



Jakob Tryggvason og Þorsteinn E. Arnórsson, safnstjóri Iðnaðarsafnsins, skoða skrauthefil. Jakob er í hópi virkra Hollvina Iðnaðarsafnsins, en hollvinir leggja að jafnaði fram 1,5 ársverk til safnsins í formi ólaunaðrar vinnu. Myndir / MÞP



Pláss- og peningaleysi Iðnaðarsafnsins birtist m.a. í því að geyma þarf fjölda muna í gámum á útisvæði.



Gulur Bragi þótti nú aldeilis finn hér á árum áður.

Þorsteinn E. Arnórsson: Byrjaði 13 ára gamall í fágunardeildinni

Þorsteinn er öllum hnútum kunnugur á Iðnaðarsafninu og þekkir vel sögu bæði gömlu Sambandsverksmiðjanna og eins líka annars iðnaðar á Akureyri. Sjálfur hóf hann störf í fágunardeild Gefjunar 13 ára gamall, en sú deild lagði lokahönd á framleiðsluvörur verksmiðjunnar áður en þær voru settar inn á lager.

„Þar var þvegið og lítað, ullarband og teppi voru þvegin og ýfð og fataefni, t.d. terlín var lóskorið, pressað og brotið í stranga,“ segir Þorsteinn, sem starfaði á deildinni í fjögur ár áður en hann fór í aðra vinnu um nokkurra ár skeið. Hann hóf svo störf í fataverksmiðjunni Heklu þar sem hann starfaði óslitið í 15 ár, eða þar til Sambandið og Álafoss voru sameinuð í desember 1987 og honum sagt upp störfum.

Fundu vélar á Hvolsvelli

Þorsteinn og félagi hans af Sambandsverksmiðjunum stofnuðu félagið Yrmu og prjónuðu trefla úr gerviefnum. Hekla hætti að nota prjónavélar fyrir fínt garn og



Þorsteinn E. Arnórsson safnstjóri hefur setið í stjórn Iðnaðarsafnsins frá upphafi þess.

föluðust þeir eftir vélunum en var neitað um þær og sagt að hvergi væri slíkar vélar að finna. „Það hljóp smá kergja í okkur og við hóf leit sem endaði með að við fundum sams konar vélar suður á Hvolsvelli sem við keyptum og fluttum norður,“ segir hann. Glófi er einnig annað dæmi um fyrirtæki sem fyrrum starfsmenn á Sambandsverksmiðjum stofnuðu.

„Settu nafnið þitt á blaðið“

Þorsteinn var formaður Iðju,

félags verksmiðjufólks á árunum 1995 til 1999, en það ár voru tvö verkalýðsfélög sameinuð, Eining og Iðja sem nú heitir Eining Iðja.

„Jón Arnþórsson kom til mín og sagði mér frá fyrirhugaðri stofnun Iðnaðarsafnsins og nefndi að það væri mitt fólk sem vann þess störf. Sig vantaði þriðja mann í stjórn, „settu nafnið þitt hérna á blaðið,“ sagði hann og rétti mér blað yfir skrifborðið,“ segir Þorsteinn, sem setið hefur í stjórn Iðnaðarsafnsins frá því það var stofnað. /MÞP



Kökukeflið sem hangir neðst var í eigu bakarans Axels Schiöt sem rak bakarí á Akureyri á árunum frá 1900 til 1930.



Skór sem Pétur skósmiður á Akureyri saumaði á Inga son sinn.

fyrir Herra. Fyrstu störf Jóns fyrir Sambandið voru einmitt á saumastofu Gefjunar. Jón var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 2009 fyrir framlag til varðveislu íslenskrar verkunnáttu og safnamenningar, en hann hóf markvissa söfnun iðnmínja árið 1993. Sambandið var á sinni tíð stór atvinnurekandi á Akureyri, en þegar umsvif þess voru hvað mest voru um eða yfir 1.000 manns á launaskrá við margvísleg störf á verksmiðjunum á Gleráreyrum. Með tímanum fór þó að fjara undan, umsvif minnkuðu og ein og ein deild lagði upp laupana þar til allri starfsemi var hætt árið 2005.



Eitt sinn stóð til að flytja jógursmyrsl á erlenda markað og veltu menn í þeim hugleiðingum fyrir sér heppilega nafni á útflutningsvöruna væntanlegu. Eitt þeirra sem sterklega kom til greina var „Búkolla beauty cream“. Ekkert varð af þessum áformum.



Skósmíðir bæjarins notuðu slöngur úr gömlum bíldekkjum til að búa til gúmmískó.

Báru sjálf hita og þunga af rekstri safnsins

Jón hóf markvisst að safna saman munum sem tengdust verksmíðjurekstrinum árið 1993. Iðnaðarsafnið var stofnað fáum árum síðar, á þjóðhátíðardaginn 17. júní árið 1998. Það var í fyrstu til húsa í fyrrum fataverksmiðju Heklu á Gleráreyrum en flutti síðar í Sjafnarhúsið við Austursíðu þar sem það hafði um 300 fermetra sýningar- og geymsluhúsnæði til umráða. Jón og eiginkona hans, Gisela Rabe-Stephan, báru lengi framan af hita og þunga af rekstri safnsins og ráku það á eigin vegum með styrkjum frá opinberum aðilum, sjóðum, félögum og

fyrirtækjum. Núverandi húsnæði Iðnaðarsafnsins er við Krókeyri 6 þar sem áður var áhaldahús umhverfisdeildar Akureyrarbæjar. Að loknum endurbótum var flutt inn í það húsnæði vorið 2004. Við flutninginn á safnasvæðið á Krókeyri varð safnið gert að sjálfseignarstofnun.

Fjórir salir á tveimur hæðum

Húsnæði Iðnaðarsafnsins er 557 fermetrar að stærð, sýningarpláss- síð nær yfir 467 fermetra. Húsið er á tveimur hæðum og eru sýningar þess settar upp í fjórum sölum. Þar er að finna muni sem tengjast iðnaði og iðnframleiðslu liðinna tíma, smjörlikisgerð, prentvélar,



Rakarastofa Reykis eins og hún var og hét þegar starfsemin var í blóma.



Wathnehúsið, sem tengist atvinnusögu Akureyrar allar götur frá því það var reist árið 1895, stendur ónotað við Iðnaðarsafnið. Þar hefur það verið í tæpa tvo áratugi, ekki á sökli, óupphitað og án rafmagns. Þess biður að grotna í rölegheitum niður.



Niðursoðið nautgripakjöt frá Pylsugerð KEA – ómissandi í útileguna.

rennibekki og saumavélar af ýmsu tagi, áhöld til úrsmíði og lyfjagerðar, matvælaframleiðslu margs konar, líkón af bátum og skipum, umfangsmiklum fataiðnaði um árin eru gerð skil, líta má augum rómaða náttkjóla frá Fatagerðinni Írisi, Duffys gallabuxur, Skinnu mokkajakka og Iðunnar skó. Fjölda sýnishorna um öflugan húsgagnaíðnað er að finna á safninu. Þar eru líka tæki og vélar sem notuð voru til að framleiða Saxbauta, Santonskaffi og Flórusmjörliki.

„Iðnaður af nánast öllu tagi kemur hér við sögu,“ segir Þorsteinn, en

– Framhald á næstu síðu.

RANDEX

RANDEX - VAGNAR AF VÖNDUÐUSTU GERÐ

- Við bjóðum margar stærðir og útfærslur af **RANDEX** vögnum
- **Hardox 450** stál með allt að **80% meiri endingu**
- **Hagstætt verð**



Gerðu kröfur - hafðu samband við Snorra Árnason í síma **590 5130** og kynntu þér þína möguleika

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR

ÍSLAND ER LAND PITT



Þorsteinn með jakka úr Gefjunarefni sem Elín Sigríður Axelsdóttir frá Ásláksstöðum í Hörgársveit saumaði á Þórð Ingimarsson son sinn þegar hann var þriggja ára árið 1952. Jakkinn er nú til sýnis á sérsýningunni Terra fyrir herra til heiðurs Jóni E. Arnþórssyni.

þætir við að gullsmíði og tannsmíði hafi þó orðið útundan.

Munir geymdir í gámum

Þorsteinn segir að vissulega hrjái plássleysi starfsemi safnsins. „Þó við fengjum helmingi meira pláss yrðum við fljót að fylla það.“ segir hann. Akureyrarbær á húsnæðið og greiðir að auki hita og rafmagn. Iðnaðarsafnið er löggilt safn og fær styrki en þeir eru það naumt skammtaðir að þeir duga hvergi nærri til. Sem dæmi um pláss- og peningaleysi safnsins má nefna að fjöldi muna er í geymslu í gámum á útsvæði við Iðnaðarsafnið.

Þá hefur svonefnt Wathnehús staðið í nær tvo áratugi án sökkuls á lóð við Iðnaðarsafnið. Húsið á sér ríka sögu og hefur sterka skírskotun til atvinnulífs á Akureyri, en Otto Wathne lét byggja það árið 1895 sem síldartökuhús. Hann varð fyrstur til að taka á móti síld sem veiddist allt frá Pollinum við Akureyri og út á Grímseyjarsund og flytja hana með gufuskipum í land. Erfingjar Ottos tóku við



Mokkajakki sem sr. Pálmi Matthíasson lét sauma á sig hjá Skinna saumastofu áður en hann bauð sig fram til sóknarprests í Glerárkirkju á sínum tíma.



Töflugerðarvél sem eins og nafnið gefur til kynna var notuð til að búa til og móta töflur í apóteki.



Milda barnasápan frá Sjöfn. Fyrirsætan á myndinni er hinn góðkunnni tónlistarmaður Eyþór Ingi, greinilega að stíga fyrstu skrefin á framabrautinni.

húsinu eftir lát hans 1898, þeir byggðu við og buðu bæjarbúum að geyma þar matvæli. Húsið komst í eigu Hafnarsjóðs Akureyrar árið 1928, KEA eignaðist húsið 1940 og starfrækti þar skipasmíðastöð sína til ársins 1974 þegar hún var lögð niður. Norðlenska eignaðist húsið árið 2000, en tveimur árum síðar var það flutt inn á Krókeyri, einkum til að forða því frá glötun þar sem hlutverki þess á Oddeyri var lokið og það átti illa heima þar lengur. Til hefur staðið að það yrði hluti af starfsemi Iðnaðarsafnsins.

Grottar niður verði ekki neitt gert

„Það yrði til mikilla bóta ef húsinu væri komið niður á grunn, það er



Mjólkuriðnaði eru gerð góð skil á Iðnaðarsafninu. Hér er safnstjórinn með gamla mjólkurflösku frá Korpúlfsstöðum.



Í eina tíð var mjólk keypt inn á heimili landsmanna í 10 lítra „beljum“ sem var kassi utan um plastpoka með stút sem handhægt var að hella mjólkinni úr.



Öflugur húsgagnaiðnaður var í höfuðstað Norðurlands á árum áður. Hér eru nokkur sýnishorn, skápar, borð og stólar.



Símastólar voru mesta þarfþing á heimilum fyrri tíma. Valbjörk framleiddi þennan fina símastól fremst á myndinni, við hlið hans er stóll sem var á Skíðastöðum í Hlíðarfjalli, þá sigildur stóll einnig frá Valbjörk og loks lengst til hægri má sjá í stól sem Ágúst Jónsson á Akureyri framleiddi með norsku leyfi.



fyrsta versió og í framhaldinu mætti vinna að endurbótum á því í rólegheitum og eftir því sem fjárráð leyfa,“ segir Þorsteinn. Ekki er rafmagn í húsinu og það ekki hitað upp. Þess bíður að óbreyttu ekki annað en að grotta niður. Ráð var fyrir því gert að Wathnehúsið yrði nýtt í þágu Iðnaðarsafnsins og telur Þorsteinn upplagt að koma þar fyrir hluta af safnmunum þess. Hugmyndir voru uppi um að gera fallett útsvæði við húsið og útbúa

tjörn framan við það þar sem koma mætti fyrir munum tengdum báta- og skipasmíði.

Í mörg horn að líta

„Þetta eru okkar draumar, en óvíst hvort þeir rætist á meðan staðan er sú að við höfum ekki efni á að hafa safnstjóra á launum, eins brýnt og það er fyrir starfseminu að hafa starfsfólk hér. Það er í mörg horn að líta, margt sem þarf að gera t.d. við skráningar og annað sem er okkar skylda. Sem betur fer erum við með hóp af ungmennum úr vinnuskólanum sem leggja okkur lið. Þau sjá um umhirðu ýmiss konar á útsvæði og þá er heimikið verkefni fólgið í því að þurrka af og halda í horfinu hér innandyrá,“ segir Þorsteinn.



Tunnugerð var stunduð á Akureyri og svoltið upp og niður hvað var að gera í þeim iðnaði, fór eftir duttlungum síldarinnar.



Pétur Magnússon og dóttir hans, Vera. Myndir / Anna Englund

Myndlist á landsbyggðinni: Forystufé á listsýningu

Pétur Magnússon ljósmyndari sýnir í sumar ljósmyndir í Fræðasetri um forystufé og stendur sýningin til 31. ágúst. Listsýningar eru hluti af starfi fræðasetursins og er þar haldin ein sýning á ári og búið er að bóka sýningar til ársins 2032.

Við undirbúning sýningarinnar segist Pétur hafa velt fyrir sér margs konar möguleikum. „Hugmyndin sem varð ofan á var að gera ekki sýningu um forystufé, heldur fyrir forystufé. Ég bjó til litla skúlptúra og hélt sýningu fyrir forystufé Önnu og Gunnars í Sandfellshaga í Öxarfirði í mars á þessu ári. Ég tók svo myndir af sýningunni og viðbrögð áhorfendanna og er afraksturinn til sýnis fyrir mannfolkíð.“



Pétur segist hafa þjófstartað hugmyndinni og haldið sýningu fyrir venjulegt fé Arna í Sveinungsvík í Þistilfirði og afrakstur þeirrar sýningar sýndi hann í Listasal Mosfellsbæjar árið 2019.

Misjafn áhugi fjárens

Að sögn Péturs var talsverður munur á áhuga venjulegs fjár og forystufjár á að njóta listarinnar.

„Forystuféð er mun áhugasamara, virðir skúlptúrana fyrir sér, þefar af þeim og stangar þá sem þeim list ekki vel á. Venjulegt fé virðist aftur á móti vera fremur áhugalaust fyrir skúlptúrum. Það sama má segja um ljósmyndarann, forystuféð hafði mikinn áhuga á honum og fylgdist með öllum hans hreyfingum en hitt féð virti hann lítið.“

Pétur ákvað að hafa skúlptúrana óhlutbundna, abstrakt, og hafði að fyrirmynd listaverk sem hann sá stundum áður fyrir í skopmyndateikningum dagblaða þar sem gert var grín að listamanninum á vinnustofu sinni. „Skopmyndateiknarinn gerði þá mynd af abstrakt listaverkum eins og hann ímyndaði sér þau, án þess að vera sjálfur að reyna að búa til listaverk og ég reyndi að forðast alla hugsun og meiningar við gerð þeirra og lét bara hendurnar um vinnuna.“ /VH

RAFVER
síðan 1956

- Iðnaður
- Aukahlutir
- Verkstæði
- Þjónusta

HDS Gufudælur Öflugar hreinsivélur

NT Ryksuger fyrir blautt & þurrt Margar stærðir

KÄRCHER

HD Háþrýstidælur

Skeifan 3 • 108 Reykjavík • Sími 581 2333 • rafver.is • rafver@rafver.is

Traktor TC238T
Hestöfl: 18hp

550 XP MKII
Hestöfl: 4,2hp

LC353AWD
Hestöfl: 4,8hp

Slátturóbot 315X
Slær allt að 1500m2

545RX
Hestöfl: 3hp

Fatnaður og aukahlutir

Allt fyrir garðsláttinn

Sláttutraktorar, sláttuvélar, slátturóbotar og margt fleira

MHG Verslun ehf / Vikurharfi 8 / 203 Kópavogi / S: 544-4656 / mhg.is

Bændablaðið Auglýsingasíminn er 56-30-300
Næsta blað kemur út 8. júlí

Lely Center Ísland

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR FRÁBÆR VERÐ

John Deere	Ford
Zetor	Fiat
Case IH	New Holland
McCormick	Deutz-Fahr
Steyr	Massey Ferguson
Claas	

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur limdar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringas ehf.

Savage Arms

ACCUTRIGGER ACCUSTOCK **SONIC** SONIC hljóðdeyfa á alla riffla **SONIC** ACCUTRIGGER ACCUSTOCK

Savage B22 Precision cal. 22 Lr. og 17 HMR
Með sjónauka Pro target 4-16x40 **kr. 149.900**
kr. 129.900

Savage B17 FXPNS-SR cal 17 HMR, snittaður, sjónauki Weaver 3-9x49 **kr. 83.900**

Savage AXIS II XP cal. 223, 243 og 270 Bushnell sjónauki 3-9x40 stillanlegur gikkur **kr. 99.900**

MarkII FVXP með 3-9x49 Mark II FVXP, 22 cal með þungu hlaupi sjónauki 3-9x40 Bushnell, cal. 22 LR **kr. 75.900**

110 APEX PRETATOR XP cal 204, 223, 243, 6,5 Creedmoor sjónauki 4-12x44 Vortex. Þungt snittað fluttet hlaup **Kr 154.900**
Með hljóðdeyfi **kr. 189.900**

Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturroost.is

Tveggja ára jarðræktartilraunir með lífrænan „vandamálaúrgang“:

Nýta „fiskeldismykju“, mannaseyru, moltu, brennistein og fleira sem áburð

Á dögnum fór fram undirbúningur og hráefnaöflun fyrir fyrstu jarðræktartilraunir hjá Landgræðslunni og Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnið er til tveggja ára en jarðræktartilraunir verða endurskoðaðar og endurteknar næsta sumar. Að verkefninu koma Matís, Atmonia, Landbúnaðarháskóli Íslands, Landgræðslan, Hafró og Landsvirkjun.

Starfsmenn Matís hafa staðið í ströngu við að safna hráefnum og útbúa áburðarblöndur fyrir verkefnið Sjálfbær áburðarvinnsla sem styrkt var af Markáætlun Rannís. Í verkefninu er unnið að því að kortleggja magn lífrænna auka hráefna og vandamálaúrgangs sem fellur til á Íslandi með það í huga að nýta hann í landgræðslu og til jarðræktar.

Nýsköpunarfyrirtækið Atmonia tekur einnig þátt í verkefninu en fyrirtækið þróa umhverfisvænan framleiðsluferil fyrir köfnunarefnisáburð.

Nýting á lífrænu hráefni sem til fellur hjá íslenskum iðnaði

Með aukinni nýtingu þess lífræna hráefnis sem til fellur hjá íslenskum iðnaði og blöndun þess við mikilvæg næringarefni, svo sem köfnunarefni og brennistein, er hægt að draga verulega úr innflutningi á tilbúnum áburði. Um leið er hægt að loka hringrásinni og minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Meðhöndlun og notkun lífrænna hráefna í áburð fylgir oft mikið umstang auk þess sem slík meðhöndlun er kostnaðarsöm. Mikið magn hráefna þarf jafnan til að uppfylla næringarþörf í landbúnaði og landgræðslu auk þess að næringarsamsetningin er ekki alltaf eins og



Jónas Baldursson og Ragnhildur Friðriksdóttir, starfsmenn Matís, að vinna með moltu. Matís fékk þrjár tegundir af moltu til að prófa, m.a. frá gas- og jarðgerðarstöðinni GAJA sem er í eigu Sorpu. Sú molta reyndist ónothæf vegna aukaeftna sem í henni eru. Þurfti reyndar undanþágu frá reglum til að gera prófanir með notkun hennar á afmörkuðu svæði.

best verður á kosið. Í verkefninu verður því leitast við að finna leiðir til að bæta lífræn áburðarefni og draga um leið úr flutningskostnaði og útblæstri.

Unnið úr „vandamálaúrgangi“

Í tilraunum sumarsins er áhersla lögð á hráefni sem unnin hafa verið úr „vandamálaúrgangi“, þ.e.

sláturúrgangi, matarleifum og seyru. Gerðar verða prófanir með „fiskeldismykju“, mannaseyru, þrjár moltutegundir, kjötmjöl, bokashi, kúamykju og kjúklinga-

skít. Hráefnin verða borin á jarðræktarsvæði í vor, annars vegar óblönduð og hins vegar með viðbættu köfnunarefni og brennistein.

Seyran kalkblönduð

Marvin Ingi Einarsson er tengiliður verkefnisins hjá Matís. Hann segir að seyran sem fengin var komi frá Hveragerði. Er hún skilin úr skólpinu og ekki meðhöndluð að öðru



Úrgangi safnað fyrir jarðgerðartilraunina.

leyti en því að í hana er bætt kalki til að hún standist reglugerð.

Úr þessari jarðgerðartilraun vonast menn til að fá mikilvægan samanburð á efnum sem notuð eru, auk samanburðar við tilbúinn áburð. Niðurstöðurnar munu varpa ljósi á gæði þessara hráefna, hvort hægt sé að nota minna hráefni ef næringarsamsetningin er stillt af og hvort þau séu fýsilegur kostur í landbúnaði og landgræðslu.

/HKr.

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIDANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

N1 kaupir 20 öflugar hraðhleðslustöðvar

N1 hefur skrifað undir samning við Öskju um kaup á 20 hraðhleðslustöðvum en þær eru allt að 400 kW og eru því öflugustu hraðhleðslustöðvar landsins. Með kaupnum fjölga hraðhleðslustöðvum N1 á lykilstaðsetningum um þjóðvegi landsins á næstu mánuðum.

„Já, við ætlum okkur að halda áfram á þeirri vegferð að vera leiðandi í orkuskiptum í samgöngum á Íslandi og halda áfram að veita viðskiptavinum okkar bestu mögulegu þjónustu. Við höfum metnaðarfull markmið sem krefjast mikilla fjárfestinga en þéttum með þessu net hraðhleðslustöðva verulega, viðskiptavinum okkar til hagsbóta,“ segir Hinrik Örn Bjarnason, framkvæmdastjóri N1.

Sex stöðvar í Staðarskála

Fljótlega verður hafist handa við að setja upp 400kW hraðhleðslustöðvar í Staðarskála, en þar verða allt að 6 stöðvar settar upp í sumar. Í kjölfarið bætast við tvær stöðvar til viðbótar við þær tvær sem nú þegar eru í Borgarnesi og að því loknu verður hafist handa við upp-



Við undirskrift samningsins, frá vinstri, Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju, Magnús Júlíusson, forstöðumaður Orkusviðs N1, Hinrik Örn Bjarnason, framkvæmdastjóri N1, Berglind Bergþórsdóttir, mannauðsstjóri Öskju og Jónas Kári Eiríksson, forstöðumaður vörustýringar.

setningu á Suðurlandi. Þannig blasir við að á næstunni bætast við öflugar hraðhleðslustöðvar á þjónustustöðum N1 í Vík og á Egilsstöðum, en nú þegar eru stöðvar í Lindum í Kópavogi, Mosfellsbæ, Borgarnesi, Blönduósi, Staðarskála, Hvolsvelli og á Akureyri.

„Það er okkur ánægja að N1 hafi valið að ganga til samstarfs við Öskju í þessu metnaðarfulla verkefni en hleðslustöðvarnar frá Innogy eru áreiðanlegar og hafa reynst mjög vel víðs vegar um heiminn. Við fögnum aukinni þjónustu við rafblaeigendur um allt land og óskum N1 til hamingju með áfangann,“ segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju.

/MHH

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Markaðsstofa Suðurlands, Árborgar og Ölfuss:

Búið að opna Vitaleiðina þar sem gengið er framhjá þremur vitum

„Vitaleiðin“ svonefnda var formlega opnuð laugardaginn 12. júní með borðaklippingu en um er að ræða verkefni á vegum Markaðsstofu Suðurlands í samstarfi við sveitarfélögin Árborg og Ölfus.

Nafngiftin kemur vegna vitanna, Selvogsvita og Knarrarósvita, sem marka upphaf og enda leiðarinnar, að auki er þriðji vitinn á leiðinni en það er Hafnamesviti í Þorlákshöfn. Vitaleiðin er tæplega 50 km leið sem liggur frá Selvogsvita í vestri að Knarrarósvita í austri.

Leiðin býður upp á fjölbreyttan ferðamáta meðfram strandlínunni, heimsóknir inn í Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri, auk vitanna þriggja. Fjölbreyttir afþreyingarmöguleikar eru á leiðinni eins og sundlaugar, kajakróður, hestaleigur, hesthúsa-



Vitaleiðin er skemmtileg gönguleið á milli þriggja víta við suðurströndina. Mynd / Markaðsstofa Suðurlands

heimsóknir, söfn, gallerí, rib-bátar og fjórhjól svo að dæmi séu nefnd. Veitingastaðir eru í öllum þorpunum. /MHH

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga:

Landsbyggðin.is verður nýr vefur á vegum samtakanna

Landsbyggðin.is er vefur, sem Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) vinnur nú að að setja upp, en fjórar milljónir fengust í styrk vegna verkefnisins.

„Landsbyggðin.is hefur það markmið að verða vandað vefsvæði sem kynnir tækifæri og auðlindir á Suðurlandi, veitir frumkvöðlum innblástur og leiðbeinir um vistkerfi nýsköpunar. Markmiðið er að fjölga nýsköpunarverkefnum og efla klasaupbyggingu á landsbyggðinni með öflugri ímyndarsköpun og aðgengilegu stuðningsneti. Ávinning hafa frumkvöðlar og nýsköpunarfyrirtæki, fjárfestar sem og eigendur og umsjónar-



menn auðlinda. Unnt er að yfirfæra verkefnið á alla landsbyggðina í framtíðinni, í samstarfi við önnur landshlutasamtök,“ segir Bjarni



Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS.

Þróunarvið SASS mun sjá um verkefnið og leiða það í samstarfi við samstarfsaðila s.s. þekkingarsetur á Suðurlandi og aðra hagaðila í landshlutanum. /MHH

NÝ MASSEY FERGUSON DRÁTTARVÉL EINFALDLEIKI. ÁREIÐANLEIKI. 100% SKÝTENGING.

red dot winner 2021 TRACTOR OF THE YEAR 2021

MASSEY FERGUSON 8S | 205-265 HP

MASSEY FERGUSON
EXPERIENCE

MASSEY FERGUSON® is a global brand of AGCO Corporation.

MASSEY FERGUSON

BÚVÉLAR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími 480 0080
buvelar.is

Husqvarna Construction Products

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegspjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ
VERSLUN

Víkurharfi 4
203 Kópavogur
Opíð mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun.is

BIRCHMEIER

SMART UND SWISS SEIT 1876

Bakúðadæla með rafhlöðu

Ný týpa - REA 15

- Rafeindastýrð
- Vinnuþægindi
- CAS samhæft



Svissnesk framleiðsla
CAS

STREYMI
heildverslun

Streymi heildverslun ehf. | Sími: 588 2544 | streymi@streymi.is | www.streymi.is

GAS LYKKJUBYSSA

Hentar einkar vel fyrir girðingavinnu og aðrar framkvæmdir



Frekari upplýsingar má sjá á S-J.IS

SKÚLASON & JÓNSSON
SKÚLUVÖG 6 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI 568 6544

Bændablaðið
á bbLis og líka á Facebook



Kotbýli kuklarans, áður en þakið var tekið af og ráðist í endurbætur.

Myndir / Galdrasýning á Ströndum

Vaskir sjálfboðaliðar í viðgerðum á Kotbýli kuklarans í Bjarnarfirði


— Veglegur styrkur úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða dugur fyrir nauðsynlegum lagfæringum

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is




Vaskir sjálfboðaliðar tóku á dögnum þátt í viðgerð á Kotbýli kuklarans í Bjarnarfirði. Kotbýlið er hluti af Galdrasýningunni á Hólmavík. Það hefur verið lokað undanfarnin tvö ár þar sem yfir vofði hætta á að þak þess myndi hrynja.

Anna Björg Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri Galdrasýningarinnar, segir að viðgerðir muni standa yfir í sumar. Nú þegar búið er að laga þakið verður hafist handa við að lagfæra timburgrindina sem er byrjuð að gefa sig. Þá verður tyrft yfir á ný og sýningin endurnýjuð. Stefnt er að því að framkvæmdum ljúki í sumar. Galdrasýningin er eitt helsta aðdráttarafur ferðamanna á Ströndum og sækja það árlega heim um 16 þúsund manns.




Galdrastafur til að fé verði tvílembt. Rist þennan staf á sauðataði með músarrífi úr hrafnsblóði og brenni í stekkjardyrum á blágrýtishellu og lát reykin leggja framan í féð á Jónsmessu gömlu.



Ef ólán er á fénaði. Rist þennan staf á eik og graf í gólfið og lát féð ganga þar yfir.



Vaskir sjálfboðaliðar tóku á dögnum þátt í viðgerð á Kotbýli kuklarans í Bjarnarfirði. Kotbýlið er hluti af Galdrasýningunni á Hólmavík. Það hefur verið lokað undanfarnin tvö ár þar sem yfir vofði hætta á að þak þess myndi hrynja.



Sláttustafir. Þessa stafi skal rista á efri orfhælinn og bera í þá blóð úr lífæð á vinstri hendi.

Sjálfseignarstofnunin Strandagaldur rekur Galdrasýninguna á Ströndum og er Kotbýli kuklarans annar áfangi hennar. Galdrasýningin var opnuð á Hólmavík sumarið 2000

en ári síðar hófst vinna við gerð Kotbýlisins sem var opnað við hátíðlega athöfn 23. júlí árið 2005. Anna segir að Kotbýli kuklarans sýni við hvaða aðstæður fátækir leiguliðar bjuggu á Íslandi á 17. öld þegar galdrafárið reið yfir landið og sýni einnig hvernig kuklið var hluti af lífsbaráttunni.

„Langflestir þeirra sem ákærðir voru fyrir galdrá voru af lægstu stéttum landsins og þótt einstaka yfirstéttarmaður væri ákærður er ekki vitað til þess að neinn þeirra hafi verið brenndur eða hýddur eins og algengt var um almúgafólkið,“ segir hún.

Opinn og ókeypis aðgangur fyrir alla

Kotbýlið er torfhús sem hleðslumeistarinn Guðjón Kristinsson frá Dröngum hafði yfirumsjón með að byggja og heimamenn hjálpuðu til eftir fremsta megni. Í húsinu er grjótt notað í undirstöður, en veggir hlaðnir úr klömbru og streng. Grindin er gerð úr ósöguðum rekavið og áreftri ýmist klofið í sprek, reisifjalir úr bökum eða stuttir, breiðir kubbar sem teknir voru í sneidar og lagðir á langbönd. Anna segir að fyrstu árin eftir opnun hafi verið sumarstarfsmaður í Kotbýlinu en því var



Anna Björg Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri Galdrasýningarinnar á Ströndum, með tilbera sem er hluti af þeirri sýningu.



Torfhús þurfa reglulegt viðhald og Kotbýlið er engin undantekning á því.

hátt árið 2010 þar sem það stóð ekki undir sér.

„Í staðinn var ákveðið að hafa opinn og ókeypis aðgang fyrir alla, en fólki bauðst að kaupa bækling á Hótel Laugarhóli með nánari upplýsingum um sýninguna. Þegar lokið verður við að laga húsið munum við einnig endurskoða og lagfæra sýninguna m.a. út frá framförum í tækni og ljósum,“ segir Anna og bætir við að erfitt sé að giska á hversu margir leggi leið sína að Kotbýlinu þar sem enginn starfsmaður sé þar. Hún nefnir að á liðnu ári hafi um 10 þúsund gestir komið á Galdrasýninguna á Hólmavík þrátt fyrir kórónuveirufaraldur.

Veglegur styrkur til viðgerða

Torfhús þurfa reglulegt viðhald og Kotbýlið er engin undantekning á því en Anna segir að ráð sér gert fyrir að það þurfi að gera við og viðhalda torfhúsum á 10-15 ára fresti. Í sumar verða 16 ár liðin frá því Kotbýlið var formlega opnað og því sé eðlilegt að kominn sé tími á stórar viðhaldsaðgerðir.

„Raki hefur farið illa með timbur í grind og þaki, auk þess sem snjóþyngsla til viðbótar við þungann af torfinu hafa skekkt húsgrindina,“ segir Anna.

Galdrasýningin fékk veglegan styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannaástaða til að laga Kotbýlið svo hægt verði að opna aftur fyrir aðgang gesta að húsinu og sýningunni þar inni. Í lok sumars 2018 var Kotbýlinu lokað fyrir aðgangi gesta enda talin hætta á að þaki myndi hrynja. Styrkurinn úr sjóðnum nemur 4,6 milljónir og mun að sögn Önnu duga til að gera nauðsynlegar lagfæringar á húsinu sjálftu.

Skemmtileg stemning í vinnuhópnum

Verkefnið við lagfæringar er stórt, en sjálfboðaliðar fjarlægðu allt torf



Guðjón Kristinsson, handverksmaður og hleðslumeistari.

af Kotbýlinu svo hægt væri að vinna í timburverkinu. Þetta er mikið verk þar sem ekki er hægt að komast með vinnuvélar að byggingunni. Því þurfti að stinga allt upp í höndum og mikið fjarlægð á hjólbörum en eitthvað með kerru og beltahjólbörum.

„Það skapaðist skemmtileg stemning hjá vinnuhópnum enda gott veður og allir lögðu sig fram. Á eftir gátu sjálfboðaliðar farið í sund í Gvendarlaug við hliðina á Kotbýlinu en svo skemmtilega vill til að lagfæringar á umhverfi laugarinnar fengu líka styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannaástaða til að bæta og auka öryggi,“ segir Anna. Um kvöldið var svo veisla fyrir þátttakendur á Hótel Laugarhóli og segir hún að þeir hafi allt gott átt skilið fyrir dýramæta aðstoð og velvilja.

Eitt helsta aðdráttaraflíð á Ströndum

Galdrasýningin er eitt helsta aðal-aðdráttarafl ferðamanna á Ströndum og á venjulegu ári hafa gestir verið yfir 16 þúsund manns, en sýningin er opin allt árið. Veitingasala er í



Af sýningunni inn í Kotbýlinu þegar það var opnað 2005.



Ástand Kotbýlisins fyrir viðgerðir. Þakið var hrunið að hluta og trégrind hafði skekkt vegna snjóþyngsla.

sömu byggingu á Hólmavík sem styður við rekstur safnsins. Á Galdrasýningunni eru fjölbreyttir menningarviðburðir allt árið auk þess sem sýningin heldur úti vefverslun þar sem seldar eru bækur um galdra, rúnir og íslenska þjóðtrú á erlenda markað.

Þurfti ekki stór áföll til að hungurvofan berði að dyrum

„Meirihluti alþýðufólks fyrr á öldum voru leiguliðar sem bjuggu á kotjörðum eða vinnufólk og kjör þeirra hafa ekki verið góð. Fjölmargar jarðir báru mjög lítinn bústofn og ekki hefur þurft stór

áföll til að hungurvofan berði að dyrum. Það er því ekki undarlegt að baráttu um jarðnæði bregði fyrir í galdramálum og búandakarlakukl sé algengt í galdrasögum og þjóðtrú, jafnvel meingaldrar til að gera nágrannanum erfitt fyrir. Tilgangurinn með galdrastöfunum segir okkur mikið um amstur, áhyggjur og erfiði alþýðufólks. Mikið af galdrastöfum í galdraskræðum sem hafa varðveist er ætlað að notast við í búskap,“ segir Anna.

Til að búskaparbaslið gengi betur

Hún segir að vinnuaðferðir hafi fram eftir öldum verið frumstæðar

og mesta furða hvað fólk afrekaði með líkamann sem aðalverkfærið, t.d. við að bera tað á tún eða flytja mó heim að bæ. „Sumt af því sem þurfti að gera var hrein púlvinna, eins og að mala taðköggla á tún með kláru. Til aðstoðar við það greip fólk til ólöglegra aðferða svo lengi sem það trúði á töframátt tungunnar og nytsemi galdrastafa. Sláttur var auðveldari ef ljárin beit vel og þá ekki úr vegi að nota stafi, galdravers og særingar, til að létta sér lífið og búskaparbaslið gengi betur.“

Hægt er að kynna sér Galdrasýninguna á Ströndum nánar á vefsíðunni galdrasýning.is. /MPP

TUDOR RAFGEYMAR

Rafgeymirinn í dráttarvélinni orðinn gamall og lúinn ?



Vertu tilbúin í vorverkin með **TUDOR**

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Lely Center Ísland



Baggaspjót

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

EYJALIND

Varahlutir í VOLVO Vinnutæki



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

SAGA MATAR & DRYKKJA



Napólí-pítsa af bestu gerð.

Svellþykktar pönnukökur

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Öllum eða nánast öllum þykja pítsur góðar og þær eru fyrir löngu orðnar hluti af matarhefð Íslendinga. Pítsur eins og við þekkjum þær í dag eru upprunnar á Ítalíu en saga flatbakaðs brauðs nær langt aftur í forneskju.

Margir tengja pítsur við Ítalíu en raunin er sú að forn hefð er fyrir bakstri á flatbrauði eða flatbökum í löndunum allt í kringum Miðjarðarhaf. Jafnvel er talið að bakstur á slíku brauði hafi verið kynntur fyrir íbúum suðurhluta Ítalíu af grískum nýlenduherrum og vel mögulegt að flatbökur eigi uppruna sinn að rekja til Persíu til forna.

Gróflega má skilgreina pítsu sem flatan brauðbotn sem oftast er kringlóttur og smurður með tómamatmaki sem á er settur ostur og ýmiss konar álegg eftir smekk sem bakaður er í ofni við háan hita.

Uppruni og saga

Flatbrauð, sem er forveri pítsunnar eins og við þekkjum hana í dag, hefur líklega verið á boðstólum allt frá því að maðurinn fór að baka brauð. Heimildir um notkun á kryddi til að auka bragðgæði brauðsins þekkjast langt aftur í forneskju. Til eru lýsingar frá sjöttu öld fyrir Krist sem segja frá hermönnum Daríusar I Persakonungs sem eru að baka flatbrauð með osti og döðlu. Brauðið var bakað á skildi eins hermanna sem lagður var yfir opinn eld. Grikkir til forna drýgðu og bragðbættu brauð með ólífuolíu, kryddi og osti.

Ein af elstu skráðu heimildum um pítsulegan mat er að finna í Eneasarkviðu sem er eitt af kvæðum Virgils og ritað á latínu 29 til 19 fyrir Krist. Kviðan segir frá kappanum



Deigið er undirstaðan í góðri pítsu.

Allir vilja **PIZZA PIE**

NÝJAR GERÐIR DAGLEGA

M.A. Spaghetti PIZZA Hamborgara PIZZA
Ananas PIZZA Kabarett PIZZA
með 4 teg.

ALLTAF NÝBAKAÐ OG HEITT
LYSTUGT — LJUFFENGT og FALLEGT
til framreiðslu

SMÁRAKAFFI
Laugavegi 178, sími 34780

Auglýsing frá Smáarakaffi í Vísi 4. nóvember 1971.

Eneasi sem kemst undan þegar Grikkir leggja Trójuborg í rúst og er förlinn, samkvæmt æðra valdi, heitið til Ítalíu að stofna borg og ættir Latverja. Örlögin hafa ætlað honum að stofna þar völdugt ríki. Á milli falls Tróju og komuna til Ítalíu lendir Eneas í ýmsum ævintýrum, á t.d. í stuttu ástarsambandi við drottninguna Dídó, stofnar borg, Akestu, og fer til undirheima ásamt völvunni Síbyllu á fund hinna látnu og sér framtíð þess lands sem hann á eftir að stofna.

Í kvæðinu segir meðal annars að Calaneo, drottning goðsagnalandsins Harpy, upplýsi að Trójumenn muni ekki finna frið fyrr en þeir neyðist til að leggja sér borð til munns vegna hungurs. Þegar líður á kvæðið er Eneas og mönnum hans borinn matur og meðal annars lítið hringlaga flatbrauð með bökuðu grænmeti. Þegar þeir borðuðu brauðið rann upp fyrir þeim að umrædd borð voru myndlíkingar fyrir flatbrauðið.

Í sögu Rómar, eftir lögspekinginn og sagnfræðingi Cató eldri, er sagt frá flatri deigskífu með ólífuolíu, jurtum og hunangi, sem bökuð var á steinum. Einnig hafa fundist vísbendingar og í rústum borgarinnar Pompei sem grófst í ösku eldfjallsins Vesúvíus árinu 79 eftir Krist.

Pítsusagnfræðingar eru sammála um að forveri pítsunnar eins og við þekkjum hana í dag sé í Napólí á Ítalíu á 18. og 19. öld. Áður en tómatar, sem í fyrstu voru taldir eitradir, bárust til Evrópu frá Suður-Ameríku var algengt að smyrja flatbökuna með dýrafitu eða ólífuolíu og setja hvítlauk og ost ofan á fyrir bakstur.

Pítsur voru lengi alþýðlegur matur fátæklinga og verkamanna þar sem afgangar voru nýttir. Yfirstéttin leit niður á pítsuát og á einum stað er því lýst sem ógeðlegu þar sem alþýðan træði pítsu í kjaftinn á sér með guðsgöflunum.



San Marzano og Pomodoro del Piennolo del Vesuvio tómatar.

Ekki er vitað fyrir víst hvar og hvenær fyrst var farið að setja tómamatmaki á pítsur og margir sem vilja eigna sér þann heildur. Lengi vel voru pítsur götumatur sem var seldur beint úr ofnum eða pítsubakaríum.

Samkvæmt vinsælli nútímaþjóðsögu segir að grunnurinn að nútímapítsunni, margarita, hafi verið fundinn upp árið 1889 þegar aðallinn í Capodimonta-höllinni í Napólí bað kokkinn og pítsugerðarmeistarann Raffaella Esposito að sérbaka pítsu til heiðurs heimsókn Margherita Ítalíudrottningar. Esposito bakaði þrens konar pítsur fyrir drottninguna og segir sagan að henni hafi þótt sú best sem var skreytt ítölsku fánalitunum. Rauðum tómötum, grænni basilíku og hvítum mozzarella-osti og sagt er að pítsan sé nefnd eftir drottningunni.

Pítsur bárust til Bandaríkja Norður-Ameríku með ítölskum innflytjendum seint á 19. öld og opnaði fyrsti pítsustaðurinn vestanhafs í Litlu Ítalíu í New York árið 1905. Eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar nutu pítsur mikilla vinsælda meðal hermanna sem dvalið höfðu á Ítalíu í stríðinu og kynnst ítalskri matarhefð.



Pítsa margaríta heitir í höfuðið á Margherita, sem var drottning Ítalíu í kringum aldamótin 1900.

Heitið pizza

Fyrsta skráða notkun á heitinu pizza er að finna í latnesku 10. aldar handriti frá borginni Gaeta á Ítalíu, sem var á þeim tíma hluti af býsanska heimsveldinu. Í textanum segir að leigjandi ákveðins húsnæðis eigi meðal annars að greiða biskupnum í Gaeta tólf pizze í leigu hvern jóladag og aðrar tólf hvern páskadag.

Nokkrar vangaveltur eru um uppruna heitisins. Ein er sú að gríska orðið pitta hafi breyst í framburði í pizza. Uppruni pitta mun vera pikta sem er súrdeigsbrauð og kallaðist picta á latínu. Önnur tilgáta segir að orðið pizza sé komið af bizzo eða pizzo sem komið er úr máli Lombarða, sem höfðu Ítalíu á sínu valdi á sjöttu og fram á miðja áttundu öld, og þýðir munnbiti.

Pítsan sigraði heiminn

Pítsur eru með vinsælustu skyndiréttum í heimi auk þess sem hægt er að fá þær á mörgum góðum veitingahúsum sem sérhæfa sig í ítalskri matargerð. Pítsur má einnig fá frosnar í matvöruverslunum.

Þær eru annaðhvort með þunnum botni, á ítalska vísu, eða með þykkum botni og kallast þá pönnupítsa. Á Ítalíu er hefð fyrir því að skera ekki pítsur sem bornar eru fram á veitingahúsum og ætlast til að þær séu borðaðar með hniði og gaffli. Við óformlegri aðstæður þykir aftur á móti sjálfsagt að skera þær og borða með höndunum.

Frá 2009 hefur Napólí-pítsan verið skráð og notið verndar innan Evrópusambandsins sem vöruefni vegna hefð og árið 2017 var pítsa hluti af heimsminjaskrá UNESCO um verndum menningar- og náttúruarfleifar heimansins.


Deigið í Napólí-pítsu er gert úr próteinríku hveiti, geri og vatni. Deigið skal hnoða í höndunum eða þar til gerðri og samþyktri vél. Eftir að deigið hefur hefast á að forma það í höndunum og án kökueflis eða annarra hjálpartækja. Áleggjið á hefðbundna Napólí-pítsu er mozzarella-ostur sem gerður er úr vísundamjólk og tómatar sem eru annaðhvort yrkið San Marzano eða Pomodoro del Piennolo del Vesuvio. Napólí-pítsur á að baka í bjöllulaga steinofni sem kyntur er með eldiviði. Hiti ofnsins á að vera á bilinu 400° til 450° á Celsíus og skal baka pítsuna í um það bil tvær mínútur. Þegar pítsan er tekin úr ofninum á hún að vera mjúk, vel bökud, ilmandi og með mjúka skorpu allan hringinn.

Aðrar ítalskar pítsur eru til dæmis pizza alla marinara sem sem bökud er með hvítlaug, basilíku, oregano og matlaug auk kapes, ólífum og söltuðum þistilhjörtum. Pizza capricciosa er gerð úr mozzarella-osti, skinku, sveppum, þistilhjörtum og tómötum en pizza pugliese er með tómötum, mozzarella-osti og lauk.

Síkileysk pítsa, eða sfincione á ítölsku, er upphaflega 17. aldar

THE WHITE FALCON

Pizza in Iceland



Pizza Pie normally not found this close to the Arctic Circle, is a Tuesday night favorite at the Keflavik NCO Open Mess. So are the Icelandic hot-house-grown chrysanthemums in the foreground. Volunteer Tuesday night Chef, T/Sgt. Donald M. Roof, 2948 Rumson Drive, Harrisburg, Pa., gives service with another one of the hundreds of the Pizzas he has baked in his weekly stint to S/Sgt. Raymond L. Downard, Pikeston, Ohio. M/Sgt. William A. Iliff, 930 North 20th St., Waco, Texas, has already made considerable head way with the giant size, two-foot delicacy.

Pítsa borin fram í mótuneyti setuliðsins í Keflavík.



Pítsusneið með ananas. Á sínum tíma þótti talsvert fréttæmt þegar Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, svaraði spurningu um hver væri afstaða hans til ananas á pítsu með þeim orðum að hann væri alfarið á móti ananas á pítsum.



Lombardis pítsustaðurinn í New York er fyrsti og elsti starfrækti pítsustaðurinn í Bandaríkjum Norður-Ameríku og var stofnaður árið 1905.

brauðréttur frá Sikiley sem kallast focaccia og var hitaður í ofni. Botninn á Sikileyjar-pítsunni er þykkari en almennt gerist með ítalskar pítsur og áleggjið fjölbreyttara.

Í Bandaríkjum Norður-Ameríku eru ansjósar algengt álegg á pítsum auk nautahakks, skinku, sveppa, pepperóní, ólífa, lauks, ananas, pylsna, spínats og tómatu



Kvikmyndirnar um Teenage Mutant Ninja Turtles eru eins og löng pítsuauglýsing.



Samantrotin Calsone pítsa.

og eru vinsældir áleggsgins og sósa misjafnar eftir ríkjum. Talið er að um 13% Bandaríkjamanna borði pítsu á hverjum degi og pítsukeðjur eins og Dominos og Pizza Hut upprunnar þar.

Í lok 19. og við upphaf 20. aldar tók fjöldi Evrópumanna sig upp og flutti til Ameríku. Meðal þeirra var fjöldi Ítala frá Napólí og Genoa á Ítalíu sem settist að í Argentínu. Innflytjendunum fylgdu síðir og áður en leið á löngu spratt upp fjöldi pítsustaða í landinu. Auk hefðbundins ítalsks hræfnis einkennir þykkur botn, eldþipar og baunir pítsur í Argentínu.

Hawaii-pítsa með ananas kemur frá Kanada og áleggjið á henni er yfirleitt tómatsósa, ostur, skinka og ananas. Til eru þær sem segja að ananas eigi ekki heima á pítsum og fúlfa við hawaii-pítsum. Þær sem það gera eru líklega þær sömu og fussa við pítsum með banánaáleggji eins og vinsælt er í Skandinavíu og jafnvel hér á landi.

Á Indlandi njóta pítsur með tófu, lamba- eða geitakjötshakki og þekluðum engifer mikilla vinsælda.

Í seinni tíð hafa vinsældir grænmetisþítsa farið vaxandi á Vesturlöndum.

Pítsur í kvikmyndum

Aðdáendur kvikmynda hafa án efa tekið eftir því að pítsur eru oft hluti af leikmunum myndanna. Oft er um hreina auglýsingu að ræða þar sem nafn einhverrar pítsukeðjunnar kemur greinilega fram eins og til dæmis í myndinni Wayne's World. Pítsur eru einnig hluti af framtíðarsýninni í Back To The Future II, í Home Alone 2: Í Lost in New York er sena sem sýnir söguhetjuna Kevin borða pítsu í glæsikerru.

Ekki má gleyma pítsuáti skjaldbakanna í myndunum um Teenage Mutant Ninja Turtles en myndirnar eru nánast eins og ein löng pítsuauglýsing. Hver og ein af skjaldbökuðum stökkbreyttu, sem allar bera nafn erkiengils, á sína uppáhaldspítsu. Uppáhaldspítsa Danotello er með kjúklingi, sveppum, grænum pipar og tómötum, Leonardo vill sína með lauk, svörtum ólífum, grænum pipar og sveppum, Michelangelo er hrifinn af pepperóní, skinku, ananas og jalapenó og Rafael vill sína pítsu með pepperóní, ítalskri sósu, nautahakki og beikoni.

Pítsumet

Samkvæmt heimsmetabók Guinness var stærsta pítsa sem bökud hefur verið bökud í Róm í desember 2012. Pítsan, sem var glútenfrí, mældist 1261 fermetri að stærð og nefnd í höfuðið á Oktavíusi Ágústusi, fyrsta keisara Rómur. Lengsta pítsa sem bökud hefur verið var 1930 metrar og 39 sentimetrar að lengd og var

bökud í Kaliforníuríki í Norður-Ameríku árið 2017.

Verð á pítsum á veitingahúsum er mismunandi eftir áleggji. Á veitingahúsinu Maze í London var og er kannski enn hægt að fá pítsu sem kostar 100 pund, eða rúmar 17 þúsund krónur íslenskar. Pítsan sú er bökud við viðareld og smurð með lauk- og trufflupúrre, áleggji er franskur fontina og ferskur mozzarella-ostur, ítölsk svínaskinka, kóngasveppir og villt mizuna-salat. Auk þess sem yfir álegginn er þunnt lag af hvítum trufflusveppum.

Á veitingahúsi í Skotlandi var um tíma hægt að fá fiskréttapítsu sem kostaði 4.200 pund, eða tæpar 720 þúsund krónur. Álegg pítsunnar sem kallaðist Pizza Royal 007 var Beluga kaviar og humar sem var skreyttur með gullflögum.

Almennt eru pítsur sem gerðar eru úr góðu hræfni taldar hollur matur en fólk er almennt varað við að borða mikið af fjöldaframleiddum pítsum sem oft innihalda mikið af fitu, salti og sykri og geta því aukid líkur á æða- og hjartasjúkdómum.

Pítsa á Íslandi

Árið 1954 birtist mynd í The White Falcon, sem var blað bandaríska setuliðsins hér á landi. Í myndatexta segir meðal annars í grófri þýðingu:

„Pítsur eru venjulega ekki á boðstólum svona nærri heimskaupsbaug en á þriðjudagskvöldum eru þær vinsælar í NCO matsalnum í Keflavík. Í forgrunni má sjá íslenskt gróðurhúsaræktað tryggðarblóm.

Í íslensku er fyrst talað um pítsu í Fálkanum í ferðasögu frá Róm sem ber fyrirsögnina „Allar leiðir liggja til Rómur“ og þar segir:

„Sums staðar í Róm rekst maður líka á staði, sem heita pizzeria, þar er sérstaklega framreiddur neapolítanskur matur, sem nefnist pizza, en það er eins konar sveillþykk pönnukaka, með ansjósnum, olívu, rifnum osti og tómötum.“

Hinn 1. apríl 1960 bauð Naustið í Reykjavík upp á ítalskan matsæðil með Pizza a la maison og er það hugsanlega í fyrsta skiptið sem pítsa er í boði á íslensku veitingahúsi. Fljótlega eftir það fara að birtast uppskriftir að pítsum í blöðum og vinsældir heimapítsunnar jukust hratt eftir það. Smárákaffi við Laugaveg var fyrsti matsölustaðurinn á landinu sem var með pítsur að staðaldri í matseðlinum og bauð meðal annars upp á spaghettipizzu, hamborgarapizzu, ananaspizzu og sígaunapizzu.

Hornið í Hafnarstræti, sem var opnað 1979, var án efa vinsælasti pítsustaður landsins í mörg ár. Í kjölfarið opnaði fjöldi pítsustaða sem bauð upp á heimsendingu og um tíma var samkeppnin svo mikil að ef ekki tókst að afhenda pítsuna innan ákveðins tíma þurfti ekki að greiða fyrir hana.

Árið 2017 þótti talsvert fréttæmt þegar Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, svaraði spurningu um hver væri afstaða hans til ananas á pítsu með þeim orðum að hann væri alfarið á móti ananas á pítsum og bætti við að gæti hann sett lög um það myndi hann banna ananas á flatbökur.

Í dag er hægt að fá pítsur á fjölda veitingahúsa um allt land, fá þær sendar tilbúnar heim eða kaupa þær frosnar í verslunum enda pítsur gríðarlega vinsælar hér á landi.



Keldnalandið.

Mynd / Jenna Film

Keldnalandið og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði – framtíð rannsókna á dýrasjúkdómum

Á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hefur verið unnið að rannsóknum á dýrasjúkdómum frá því um miðja síðustu öld. Tilraunastöðin hefur því lengi gegnt mikilvægu hlutverki í þjónustu við landbúnað og fiskeldi hérlendis. Sérfræðingar hennar hafa staðið í stafni við rannsóknir á

smitsjúkdómafaraöldrum í búfé, oft af völdum áður óþekktra smitefna. Auk þessa hafa á Keldum verið stundaðar öflugar grunnrannsóknir á sviði dýraheilbrigðis.

Tilraunastöðin hefur skapað sér nafn erlendis, sérstaklega fyrir rannsóknir á mæðiveirunni. Mæðiveiran var einangruð á Keldum

á sjötta áratug síðustu aldar, sú fyrsta í flokki lentiveira. Rannsóknir Keldnafólks á mæðiveirunni lögðu stóran hluta af þeim grunni sem byggt var á þegar lentiveira í mönnum þ.e. eyðniveiran (HIV), greindist tveimur áratugum síðar. Blikur eru nú á lofti um framtíð Tilraunastöðvarinnar á Keldum og þess kröftuga rannsóknastarfs sem þar fer fram því áætlanir eru um að land stofnunarinnar renni inn í félagið Betri samgöngur ohf. sem hluti af framlagi ríkisins við lagningu Borgarlínu.

Í samþykktum fyrir hlutafélagið Betri samgöngur ohf., kemur m.a. fram að félagið skal með sérstökum samningi við fjármála- og efnahagsráðuneytið taka við landi í eigu ríkisins við Keldur í Reykjavík. Allur ábati af þróun og sölu landsins skal renna óskertur til verkefnisins um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Í þessu sambandi hefur lítið verið rætt eða ritað um þá stofnun og starfsemi sem er á Keldnalandinu og hefur verið þar um langt árabil.

Keldnalandið og Tilraunastöðin

Tilraunastöð H.Í. í meinafræði hefur verið staðsett á Keldum frá árinu 1948. Þá hafði ríkið nokkru áður keypt Keldur og eyðibýlið Keldnaholt og lagt undir Tilraunastöðina. Styrkur frá Rockefellerstjóðnum í Bandaríkjunum 1945 var notaður til uppbyggingar á staðnum. Á næstu áratugum þar á eftir var mikil uppbygging í rannsóknum og aðstöðu á Keldum. Fjármagn var fyrir utan fé af fjárlögum, sjálfsaflafé sem m.a. var aflað með á sölu ormalyfja og bóluafna til notkunar í búfé sem stöðin hafði á þeim tíma einkasöluleyfi á. Árið 1951 keypti Tilraunastöðin 16 hektara úr landi Grafarholts fyrir sjálfsaflafé. Á níunda áratugi síðustu aldar fór hluti af landi sem þá tilheyrði Tilraunastöðinni undir byggðina í Grafarvogi samkvæmt samningi ríks og borgar frá árinu 1983. Þann 26. maí 1983 (í kjölfar samninga við Reykavíkurborg) fól



Hryssan Brynja og folaldið Lilja frá Keldum vorið 2021. Mynd / Charlotta Oddsdóttir

þáverandi menntamálaráðherra Tilraunastöðinni umsjón og forræði allra landsvæða í eigu ríkisins á Keldum, utan lands umhverfis rannsóknarstofnanir atvinnuveganna á Keldnaholti. Tilraunastöðin er starfrækt samkvæmt sérlögum nr. 67/1990 og lögum nr. 50/1986 um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

Dýrasjúkdómastofnun: rannsóknir, vöktun og þjónusta

Tilraunastöð H.Í. í meinafræði er eina dýrasjúkdómastofnun landsins og hefur starfað sem slík í rúm 70 ár. Þar hefur því byggst upp áratuga

sérþekking í dýrasjúkdómum og dýraheilbrigði. Stofnunin sér um rannsóknir, ráðgjöf og þjónustu í þágu heilbrigðisefirlits, sjúkdómagreininga og sjúkdóma-varna fyrir búfé, eldisfisk og önnur dýr. Undan þessum skyldum verður ekki komist ef stunda á arðvænlegan ábyrgan landbúnað og fiskeldi. Aukning og efling matvælaframleiðslu og útflutnings matvæla, meiri kröfur um eftirlit og gæðastjórnun kallar á stöðuga þróun í rannsóknum og aðferðafræði. Sem dæmi má nefna:

- gríðarlega framleiðsluaukningu í fiskeldi en umfang þjónustu

Nokkrar staðreyndir um starfsemi Tilraunastöðvarinnar á Keldum

- Sinnir rannsóknum, þjónustu og vöktun á sviði dýrasjúkdóma.
- Tengist læknadeild Háskóla Íslands, hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag.
- Rannsakaðir eru sjúkdómar í spendýrum, fuglum, fiskum og skeldýrum. Tilgangur rannsókna er að efla skilning á eðli sjúkdóma og skapa nýja þekkingu.
- Þjónustuskýldur eru greiningar og vöktun á dýrasjúkdómum
- Er innlend tilvísunarrannsóknastofa á nokkrum sviðum, unnið er eftir gæðakerfi og faggilding er á völdum prófunaraðferðum samkvæmt alþjóðlegum faggildingarstaðli.
- Helstu fræðasvið eru príónfræði, veirufræði, bakteríufræði, sníkjudýrafræði, meinafræði, ónæmisfræði, sameindalíffræði og tilraunadýrafræði.
- Framleidd eru bóluafni og mótefnablóðvökvar og tekið er blóð úr hestum og kindum til notkunar á rannsóknastofum sjúkrahúsanna.
- Stofnunin er þátttakandi í Lífvisindasetri HÍ og þar eru háskólanemar í rannsóknarverkefnum bæði í grunn- og framhaldsnámi.
- Árið 2020 unnu 50 manns um 43 ársverk á Keldum. Flestir starfsmenn eru háskólamenntaðir, 15 með doktorspróf, 9 með meistaraþróf.



við það hefur nær tífaldast síðastliðna tvo áratugi. Hluti af þessu eru veiru- og bakteríuskimanir vegna mikils hrognáttflutnings til ýmissa landa;

- aukningu í sýklalyfjaónæmi hjá bakteríum og sníkjudýrum sem kallar á auknið eftirlit, rannsóknir og prófanir;
- sýkla sem smitast úr dýrum í fólk en margir af varasömstu smitsjúkdómum í mönnum, svokallaðar súnur (zoonosis), eru sýklar sem smitast úr dýrum í fólk. Nærtækast er að nefna kórónaveiruna sem veldur covid og er upprunnin í leðurblökum en auk hennar má nefna fuglaflensu, svínaflensu, ebola-, SARS-, hendra- og nipaveirur;
- faraldra af landlægum sjúkdómum sem blossað geta upp líkt og riðuveikin síðasta haust, þegar skera varð niður fé á 5 bæjum;
- áður óþekkt sjúkdóma í landinu sem koma upp t.d. svínainflúensa 2009, smitandi hósti í hrossum 2010, smitandi barkabólga í kúm 2012, fjóltaugakvilli í hrossum 2019 og veirusýkingar í eldisfiski sem hafa verið greindar á síðustu 10 árum.

Með vaxandi innflutningi, hnattvæðingu og hlýnandi loftlagi má gera ráð fyrir að aukning verði í nýjum smitsjúkdómum sem hingað berast og sumir þeirra gætu valdið verulegum fjárhagslegum skakkaföllum og jafnvel sjúkdómum í fólk ef ekki er brugðist rétt við. Í landinu verður á öllum tímum að vera viðbúnaður, viðbragðsflýtir og verkferlar til að bregðast við dýrasmitsjúkdómum. Það þarf að vera uppsett aðferðafræði sem er í stöðugri notkun og fólk til staðar sem kann að beita henni.

Húsakostur og landrými

Á Tilraunastöðinni hefur verið byggður upp sérhæfður húsakostur um 5.000 m².

Þar eru þrjú rannsóknahús þar sem mest af starfsemi fer fram, öryggisrannsóknahús (biosafety level 3+) sem er það fullkomnasta á landinu, tekið í notkun 2009 í kjölfar fuglaflensufaraldurs, krufningshús þar sem framkvæmdir eru krufningar og sýnatoka. Einnig er hesthús fyrir um 50 hross, fjárhús með innréttadri aðstöðu til þjálfunar og kennslu lækna á Landspítala í skurð- og bráðalækningum, hús fyrir tilraunir með fisk í kerjum og gömul dýrahús. Á Keldum stendur gamli Keldnabærinn byggður 1916, steinhláðinn sem og hlaða við bæinn. Þessi hús eru friðuð vegna aldurs. Yraborð og fastar innréttingar á bókasafni og hringstigi í elsta rannsóknahúsinu var friðlýst árið 1999.

Landið á Keldum er um 85 ha, þar af eru 17 ha ræktuð tún. Hey-skapur var aflagður fyrir fáum árum síðan, en túnin hafa verið nýtt áfram til hrossa- og sauðfjárbæitar. Annað beutiland, um 15-20 ha í landi Keldna er nýtt til hrossabæitar en síðustu áratugin hafa verið um 40-60 hross haldin á Keldum, tekið er úr þeim blóð fyrir bakteríurannsóknastofur hirlendis, þau notuð í mótefnasermisframleiðslu og í rannsóknarverkefni t.d. í tengslum við þróun á bóluefni gegn sumarexemi í hrossum.

Hver verður svo framtíðin?

Í nýlegri stefnumótunarvinnu á Tilraunastöðinni þar sem ýmsir valmöguleikar voru skoðaðir hvað varðar staðsetningu og



Á Keldum hefur ætíð verið unnið þverfaglega. Starfsmenn rannsóknadeildar dýrasjúkdóma, Guðmundur Gíslason læknir og Halldór Vigfússon rannsóknamaður við heyskap 1963 á Keldum.

Mynd / Óþekktur höfundur

hlutverk var niðurstaðan að Keldur væri ákjósanlegasti kosturinn til framtíðar. Sú staðsetning hentaði best varðandi nauðsynlega framþróun og vöxt starfseminnar. Auk möguleika á viðbótarhúsnæði og landrými fyrir ný svið s.s. tilraunadýrahald til kennslu og þjálfunar í skurð- og bráðalækningum.

Tilraunastöðin á Keldum hefur nýtt um helming lands síns undir byggingar og búfjárhald. Ljóst er að með áætlunum um að leggja land Keldna sem hlutfjárframlag ríkisins til félagsins Betri samgöngur ohf. verður þrengt að starfsemi Tilraunastöðvarinnar hvað varðar núverandi dýrahald sem og stækkunarmöguleika til framtíðar. Birtingarmynd þessara áforma kom fram nýlega í umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar vegna umsóknar stofnunarinnar um leyfi til byggingar nýs húss fyrir rannsóknir á fisksjúkdómum. Byggingarleyfi var veitt en gerð sú athugasemd að í ljósi framtíðaruppbyggingar væri starfsemi vijkjandi og fjarlægja þyrfti bygginguna á kostnað umsækjanda þegar borgin krefðist þess.

Tilraunastöðin hefur látið gera áætlun um rými sem stofnunin þarf af landinu á Keldum til að geta áfram uppfyllt skyldur sínar, byggt upp og þróast eðlilega. Sú áætlun gerir ráð fyrir að um 12 ha þurfi að lágmarki en einnig að leigja eða kaupa þurfi land í nágrenni stöðvarinnar fyrir það beutiland sem færi undir byggð.

Einnig má benda á að Keldur eru síðasta landið með landbúnaðarásýnd innan borgarmarkanna og verðmætt sem slíkt. Fallegur og veðursæll opinn reitur í borgarlandinu kær þeim sem svæðið þekkja. Land sem að hluta mætti nýta sem útivistar og andrými fyrir almenning. Í því sambandi má nefna Kálfamóa sem er fagur 3,5 ha gróðurreitir í holtinu fyrir ofan heimreiðina að Keldum. Þar er að finna á litlu svæði einn mesta tegundafjölbreytileika plantna á Íslandi en þar vaxa vel á sjötta hundrað tegundir. Reiturinn er mjög merkilegt framlag Jóhanns Pálssonar fyrrverandi garðyrkjustjóra Reykjavíkur til uppgræðslu á landi og dæmi um þróun á búsetulandslagi við breytta landnýtingu. Það er því margt fleira

sem hægt væri að gera með Keldnalandið bæði til eflingar vísindastarfs á Íslandi sem og betra mannlífs en að leggja það undir þetta byggð og dimm stræti.

Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, hefur tekið undir þessa sýn Keldnamanna í nýlegu blaðaviðtali og segir að sér hugnist ekki hugmyndir um nýtingu alls landsins í þágu Betri samgangna ohf. „enda er starfsemi á Keldum stórmerkileg og mikilvæg. Þar er unnið mikið starf sem ekki fer fram annars staðar á landinu og saga svæðisins er merkileg fyrir margra hluta sakir. Keldur eru hluti af Háskóla Íslands, vísindasamfélaginu, og staðsetningin hentar starfsemi.“ (mbl.is 15.5.)

Niðurlag:

Íslenskir búfjár- og fiskeldisstofnar eru lausir við stóran hluta þeirra smitefna sem landlæg eru víða erlendis og geta valdið skaða á heilsu dýra og manna.

Góð smitsjúkdómastaða hirlendis hefur mikla þýðingu fyrir velferð dýra á Íslandi, vernd íslensku landnámskynjanna og mikla fjárhagslega þýðingu fyrir íslenskan landbúnað og fiskeldi.

Almenningur í landinu nýtur þessarar góðu smitsjúkdómastöðu íslensks búfjár og eldisfisks í formi heilnæmra afurða og betri lýðheilsu.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hefur í áranna rás verið burðarásinn í rannsóknum á smitsjúkdómum og faröldrum í búfé og eldisfiski hirlendis.

Sérfræðingar stöðvarinnar og Rannsóknadeildar dýrasjúkdóma meðan hún var starfandi á Keldum (lögð niður 2006) voru og eru þeir sem hvað mesta yfirsýn hafa um smitefni í dýrum hér á landi. Sá mannauður, þekking og reynsla sem fyrir er á Tilraunastöðinni verður ekki svo auðveldlega endurheimtur verði mikið rót eða truflun á starfsemi með tilheyrandi manna-breytingum. Það væri mjög misráðið af ráðamönnum og ógnun við dýraheilbrigði í landinu að vega að þessari grónu og mikilvægu stofnun.

Sigurbjörg Þorsteinsdóttir,
ónæmisfræðingur, Keldum
Vilhjálmur Svansson, dýra-
læknir og veirufræðingur,
Keldum

Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð

• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar

• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð

• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti

• Engir hreyfanlegir hlutir

• Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



wpl
Diamond



IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Bútækni á horfinni öld

Á tuttugustu öld varð sú breyting að flest búverk sem í aldanna rás höfðu ýmist verið unnin með höndunum einum eða þá með einföldum handverkfærum voru nú unnin með verkfærum. Plóga, herfi, sláttuvélar og flest af þeim toga kölluðu menn verkfæri. Það hugtak hefur á seinni árum þokað fyrir orðinu búvélar en það er núorðið notað um flest það tæknikyns er snertir bústörf.

Þegar búverkfæri tóku að ryðja sér til rúms, svo að einhverju nam, urðu landbúnaðarsýningar afar vinsæll og áhrifamikill kynningarvettvangur fyrir þær. Sögur fara af merkilegum sýningum á 19. öld, svo sem á Bretlandseyjum og Norðurlöndum. Vitað er um Íslendinga sem þessar sýningar sóttu og urðu fyrir áhrifum af þeim.

Upphaf búvélaprófana

Fljótlega kom í ljós að búverkfærin, sem kynnt voru, reyndust notendum sínum misjafnlega. Þá vaknaði þörfin fyrir einhvers konar mat á notagildi verkfæruna. Settar voru nefndir til þess að meta notagildið og fella dóma um það, svipaðar þeirri sem sagt var frá í fyrri pistlum hér í blaðinu um Búsáhalðasýninguna 1921. Starfið formgerðist og í flestum nágrannalöndum urðu til sérstakar prófunarstofnanir fyrir búverkfæri; þær fyrstu á ofanverðri 19. öld. Verkfærin voru reynd með skipulegum hætti og skýrslur birtar um niðurstöðurnar. Með árunum voru ýmsar verkfæraprófanir samræmdar á milli landa, og staðlar settir um framkvæmd þeirra fyrir tilstilli OECD. Hvað þekktust prófunarstöðva á heimsvísu hefur orðið Nebraska Tractor Test Laboratory sem prófað hefur dráttarvélar í meira en eina öld.

Formlegt mat og prófun á búverkfærunum, sem sýnd voru á Búsáhalðasýningunni 1921, var því verklag sem vel þekkt var orðið í nágrannalöndum. Raunar má nefna eldri vísa að slíku starfi hérlendis, svo sem hjá Ræktunarfélagi Norðurlands sem keypti um skeið í byrjum tuttugustu aldar allmikið af verkfærum og reyndi sjálfst meira eða minna í starfi sínu. Birtar voru stuttar umsagnir um nokkra plóga og herfi í ársriti félagsins 1904 og 1905. Um sama leyti gerði



Þyril- og kastdreifarar fyrir tilbúinn áburð tóku að berast til landsins upp úr miðri síðustu öld. Þótt afkastamiklir væru kom þeim misvel saman við áburðartegundirnar sem þá var völ á og dreifðu eins misjafnt og tegundirnar voru margar. Notagildi flestra sem til landsins bárust var mælt í opinberum prófunum, þar á meðal þessarar, „The Webb Quick-Spread“, í Laugardælum vorið 1955. Mynd / Ólafur Guðmundsson



Bútæknimenn á Hvanneyri reyndu niðurfellingu mykju í ýmsum tilraunum en merkilegar tilraunir í þá veru höfðu m.a. verið gerðar í Eyjafirði um og fyrir miðja síðustu öld. Hér er mykja úr Bauer-haugsgugu felld í gróinn túnsvörð með Alfa-Laval mykjufellibúnaði laust fyrir síðustu aldamót. Mynd / Grétar Einarsson

Búnaðarfélag Íslands athuganir á sláttuvélum í Reykjavík og birti umsagnir um þær.

Í ljósi reynslu og þarfa samþykkti Búnaðarþing 1927 að heimila stjórn Búnaðarfélags Íslands að skipa þriggja manna nefnd til þess „að sjá um útvegum og tilraunir með verkfæri hér á landi.“ Nefndin varð til sem gerði þegar allmargar og merkilegar



Þegar rafgirðingatekni barst til landsins fyrir alvöru á áttunda tug síðustu aldar hóf Bútæknideild Rala á Hvanneyri ýmsar prófanir og rannsóknir sem lögðu grunn að innlendri verkþekkingu á henni. Mynd / Grétar Einarsson

tilraunir með búverkfæri, einkum til jarðvinnslu og heyskapar. Síðan dofnaði yfir starfinu.

Skipuð Verkfæranefnd ríkisins

Með setningu laga um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins árið 1940 var m.a. mælt fyrir um að ríkisstjórnin skildi skipa Verkfæranefnd til þess að reyna ný verkfæri og breytingar á eldri verkfærum. Af ýmsum ástæðum var starf nefndarinnar lítið í fyrstu. Skýrslu birti hún um starfið 1946, sem fólst í prófun nokkurra tækninýjunga, m.a. skurðsprengiefnis, kíllpógs og súgþurrkunar. Í fang sitt hafði nefndin þá fengið útvegum og rekstur skurðgrafa ríkisins er varð brátt að sjálfstæðu og mjög umfangsmiklu verkefni undir nafni Vélanefndar ríkisins – Vélasjóðs. Prófun búverkfæra og verktæknitilraunir

sátu hins vegar á hakanum og árin 1950-1953 lá sú starfsemi niðri enda ekkert fé ætlað til þeirrar starfsemi.

Vorið 1954 var Verkfæranefnd ríkisins svo endurskipuð og henni ráðinn starfsmaður, Jón Ólafur Guðmundsson, sem hófst þegar handa við ýmsar bútæknitilraunir og athuganir. Árlega var birt skýrsla um niðurstöður þeirra. Með nýjum lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna 1965 var Verkfæranefnd sett undir Rannsóknastofnun landbúnaðarins – og á árinu 1966 varð þar til Bútæknideild sem tók við bútæknitilraunum og búvélaprófunum. Hést sú skipan til ársloka 2004 að Rannsóknastofnunin rann inn undir Landbúnaðarháskóla Íslands. Búvélaprófanir voru þá nær horfnar af heimi. Síðasta skýrsla um þær kom út á árinu 2005. Hún var nr. 707. Gefur talan hugmynd um fjölda einstakra

búverkfæraprófana og -athugana á tímabilinu 1954-2005.

Hér er ekki rými til þess að rekja í smærri atriðum merkilega sögu verkfæra- og búvélaprófana hérlendis eða tilrauna- og rannsóknastarfs á sviðum sem þeim tengdust. Hins vegar má nefna nokkra þætti sem einkenna starfsemina og áhrif hennar, eins og sezt hafa að í huga skrifarans, sem varla telst þó með öllu óháður sögumaður.

Verkfæraprófanir spöruðu bændum fjármuni

Upp úr síðari heimsstyrjöldinni óx framboð landbúnaðarverkfæra, einkum verkfæra fyrir heimilisdráttarvélar sem urðu brátt almenn eign bændna. Samkeppni um vinnuaflið knúði á um vélvæðingu flestra búverka. Verkfærin reyndust hins vegar afar misjöfn að gæðum og gerð enda forsendar búvélasmiðanna breytilegar. Opinbert prófunarstarf hjálpaði til við að síða út nothæf verkfæri og það sparaði bændum oft mikið fé og fyrirhöfn. Skrifaranum koma í hug nokkur verkfæri á síðustu öld sem ekki stóðust mál og fóru því aldrei á hérlendan markað.

Hérlendis urðu til nokkur afar öflug innflutningsfyrirtæki búvéla sem mikil áhrif höfðu á tæknipróun landbúnaðarins. Í þorra tilvika varð samstarf Verkfæranefndar ríkisins og síðar Bútæknideildar og þessara fyrirtækja farsælt og gagnlegt bændum. Það varð einnig í raun leiðbeiningaþjónusta við bændur á sviði verkfæra, véla og bútækni. Héraðsráðunautar sinntu öðrum verkum, mest búfjárrækt, jarðabótum og matsverkum fyrir ríkisvaldið.

Á fyrstu árum skipulegra verkfæraprófana og þá einkum á sjötta áratug síðustu aldar fór töluvert fyrir prófun innlendra verkfæra. Þau voru ýmist frumsmíði íslenskra hugvitsmanna eða verkfæri sem áttu sér misaugljósar erlendar fyrirmyndir. Síðari árin hurfu þau nær alveg, enda hefur búvélasmiði ekki þróast hérlendis til langframa. Íslenskur landbúnaður hefur því að langmestu leyti reitt sig á erlendar tæknilausnir og hinn alþjóðlega búvélamarkað.

Líðin tíð – Framtíðarþarfir

Þörfin fyrir tæknilegar prófanir landbúnaðarverkfæra og -véla er nú stórum minni en áður. Því valda ný og betri smíðafni, meiri verkfræðisþekking og betri hönnun. Búvélar standast því yfirleitt ætlaða áraun og endast eðlilega. Kunnátta í meðferð þeirra er líka einnig oftast næg og eðlilegri hluti af tilverunni en var á fyrstu árum búvéllanna.

Öðru máli gægnir hins vegar um samspil verkfæruna/búvéllanna við lifandi náttúru – umhverfið – svo sem jarðveg, gróður, fóður, velferð og aðbúnað búfjárens, þætti sem hvað Ísland snertir eru sumir all ólíkir því sem gerist í erlendum „hönnunarhéruðum“ búvéllanna. Á því sviði er nú síst minni þörf „prófana“ tæknibúnaðarins en áður. Vanmáttur okkar til rannsókna og ráðgjafar á því sviði er þó bagalegur. Það sama á einnig við um rannsóknir varðandi búvélaarekstur og –kostnað. Gagnrýnislítið höfum við lotið og lútum alheimsþróun bútækninnar og tæknistraumum hvers tíma – tíðskunni.

Bjarni Guðmundsson
Hvanneyri



Með samvinnu ýmissa aðila varð til visir að tilrauna- og rannsóknastarfi varðandi byggingar útihúsa, svo sem votheysturna, flatgryfja, fjárhúsa og innréttingar í fjósum. Rimlafórar að hugmynd Gunnars Bjarnasonar kennara voru reyndir í Hvanneyrarfjósi 1955. Þarna eru þeir við athuganir á árangrinum, f.v. Gunnar Bjarnason, Pétur Gunnarsson fódurfræðingur og síðar forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, og Ólafur E. Stefánsson nautgripæræktarráðunautur. Mynd / Ólafur Guðmundsson

SAMFÉLAGSRÝNI

Stofnanavæðing hálandisins stöðvuð

Þegar nálgadist þinglok blasti við flestum að frumvarp umhverfisráðherra um stofnun þjóðgarðs á hálandi Íslands myndi daga uppi. Málið var illa unnið í ósátt við sveitarfélögin og flesta hagaðila og átti ekkert annað eftir en að daga uppi og deyjja.

Á elleftu stundu ákváðu stjórnarflokkarnir þrír að halda málinu á lífi og leggja fram nýtt frumvarp á næsta kjörtímabili. Hálandisþjóðgarðurinn, eins og umhverfisráðherra sér hann fyrir sér, yrði að veruleika, bara á næsta kjörtímabili.

Meirihlutinn samþykkti að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar og að fela ráðherra að leggja fram nýtt frumvarp um sama efni.

Bindur næstu ríkisstjórn

Alla jafna bindur slík samþykkt ekki næstu ríkisstjórn, en ef hún verður samsett eins og sú sem nú situr, þá er illt í efni. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnarinnar stóð:

„Stofnaður verður þjóðgarður á miðhálandinu í samráði þverpólitískrar þingmannanefndar, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sveitarfélaga, náttúruverndar- og útivistarsamtaka og annarra hagsmunaaðila.“

Þarna eru engir fyrirvarar settir af samstarfsflokkum VG í ríkisstjórn, þó að ýmsir framámenn stjórnarinnar hafi á seinni stigum viljað flagga fyrirvörum.

Samstaða eða sýndarsamráð

Brýnt er, þegar slíkt stórmál er til umfjöllunar að það sé gert í samfélaginu. Sér í lagi á það við þegar meira en þriðjungur landsins er tekinn undir þjóðgarð í ósátt við flest sveitarfélög sem land eiga á hinu fyrirhugaða svæði sem þjóðgarðurinn á að ná yfir. Sveitarstjórnir sem fara með skipulagsvald á svæðinu voru lítið með í ráðum og gegndu einungis því hlutverki að vera áheyrendur að ráðagerðum ríkisstjórnarinnar. Rétt er að minna á að fulltrúi Miðflokksins í þverpólitískum undirbúningshópi sem vann skýrslu, sem sögð er vera grundvöllur málsins, sagði sig frá þeirri vinnu á lokametrum hennar, m.a. vegna þess að honum þótti ekki tekið tillit til athugasemda hagaðila með forsvaranlegum hætti. Fjölmargir hafa lýst því samráði sem umhverfisráðherra viðhafði sem sýndarsamráði. Þegar hagaðilar lýsa sig sem fullbólusetta fyrir fagurgala um samráð og víðtæka sátt, þá hefur eitthvað misfarist í ferlinu.

Hvort viljum við færri eða fleiri á hálandi?

Bent hefur verið á að mörg efnisatriði málsins séu óljós, ekki nægjanlega vel unnin eða beinlínis ósamrýmanleg markmiðum frumvarpsins. Þannig virðist til dæmis ekki ljóst hvort markmið frumvarpsins sé að ferðamönnum á svæðinu fjölgi eða fækki.

Stóra stoppið í nýting orkuauðlinda

Stofnun hálandisþjóðgarðs, eins og ráðgert var, setur í fullkomið uppnám



Bergþór Ólason.

ýmsa hagkvæma orkunýtingarkosti á svæðinu. Á sama tíma og stjórnvöld, og raunar landsmenn allir, virðast áhugasöm um orkuskipti, þá eru það skilaboð í þveröfuga átt að þrengja jafn mikið að orkuvinnslu og flutningskerfi raforku og í stefndi. Umræður um nýtingu grænnar orku, sem óvída eru í jafn miklum mæli og hálendis verða afkáralegar í þessu samhengi.

Valdið fært frá kjörnum fulltrúum

Skipulag og stjórnsýsla alls svæðisins átti að færast frá lýðræðislega kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna til fulltrúa annarra sveitarfélaga, félagasamtaka og embættismanna. Það sama má segja um umsjón, rekstur og ákvarðanatöku sem flytja átti frá réttkjörnum fulltrúum til þessara aðila.

Þjóðlendur og þjóðgarðar

Benda má á að engin tilraun var gerð til að greina eða bera saman rekstur þjóðgarða annars vegar og þjóðlendna hins vegar, til að mynda hvaða vankantar eru í núverandi kerfi þjóðlendulaga, sem hugsanlega mætti sníða af til að ná fram mörgum af þeim markmiðum sem þjóðgarðinum var ætlað að ná fram. Stjórnfrýrkomulag þjóðlendna er einfalt og skilvirkt. Það stjórnfrýrkomulag sem lagt var til með hálandishugmyndinni var flókið og boðleiðir langar

Víðtækar heimildir ráðherra

Frumvarpið gerði ráð fyrir að færa ráðherra málaflokksins nánast alræðisvald. Þannig var gert ráð fyrir því í frumvarpinu að ráðherra geti ákveðið stækkun Hálandisþjóðgarðs og friðlýsingu landsvæða með reglugerð. Einnig er gert ráð fyrir að ráðherra gæti gert breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun ef hann teldi áætlunina fara í bága við lögin eða reglugerð, sem hann reyndar setur sjálfur. Valdreiðing var í skötulíki í frumvarpinu og margt fleira mætti tyna til í þeim efnunum.

Hefðbundin landnýting

Landsmenn hafa, mann fram af manni nýtt hálandið fyrir bústofn sinn til beitar, veiða og nú síðast til ferða- og náttúruupplifunar. Óræfin voru um aldir svipuð dulúð og leyndardómum. Að vissu leyti má segja að landsmenn allir hafi átt þá sameiginlegu hugmynd,



Karl Gauti Hjaltason.

hver fyrir sig, að eiga hlutdeild í landsvæðinu. Ekki hefur heldur tekist að sannfæra bændur um að ævafornt réttur þeirra til að nýta svæðið til beitar yrði tryggður. Þessum eignaréttindum þeirra yrði stefnt í hættu. Með frumvarpinu var verið að gera víðtækar breytingar í þá átt að hefðbundin landnýting sem landsmenn hafa átt rétt til frá öröfi alda, svo sem búfjárbreit, fjallagrasatekja, fuglaveiði, hreindýraveiði og veiði í ám og vötnum, verði sett í sífellt meira mæli sett undir reglugerðarvald eins ráðherra. Betur er heima setið en af stað farið í þessu tilliti.

Við erum öll umhverfissinnar

Flestir eru sammála um að ganga vel um landið og vernda náttúruverulur. Staðreyndin er að ef fjárveitingar

hætta skyndilega að vera fyrirstaða er fátt í núverandi fyrirkomulagi mála sem hindrar að markmiðsákvæðin frumvarpsins náist. Það er okkar mat að málum sé í meginatriðum best fyrir komið eins og nú er, þar sem bændur, vörslumenn landsins, gegna lykilhlutverki, þar sem rekstraráðilar sem hafa byggt upp starfsemi innan þjóðgarðsálfunnar, eins og hún var lögð til, geta starfað við forsvaranlegt rekstrarumhverfi.

Sjálfstæðisflokkur og Framsókn skuldbundin

Í ljósi þess hvernig mál þróuðust við þinglok er ljóst við hverju fólk má búast ef Sjálfstæðisflokkurinn, Framsókn og Vinstri-grænir halda ríkisstjórnarsamstarfi sínu áfram. Stofnanavæðing hálandisins. Hálandisþjóðgarður í þeirri mynd sem umhverfisráðherra hefur teiknað svo skýrlega upp. Þessir tveir flokkar hafa gefið upp boltann og munu ekki verða fyrirstaða í

vegferð Vinstri-grænna að leggja þriðjung alls landsins undir þjóðgarð. Það stefnir því í sama graut í sömu skál, haldi núverandi stjórnarflokkar samstarfi sínu áfram.

Miðflokkurinn eina fyrirstaðan

Eina vörmin fyrir stofnanavæðingu hálandisins er Miðflokkurinn, sem allan tímann hefur staðið vörð um skipulagsvald og sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna og verið á móti alræðisvaldi miðstýringar.

Bergþór Ólason, form. umhverfis- og samgöngunefndar

Karl Gauti Hjaltason, nefndarmaður í umhverfis- og samgöngunefnd Höfundar eru þingmenn Miðflokksins

Magnús Leópolðsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

CAT[®]

ALLAR STÆRÐIR AF CAT RAFSTÖÐVUM

Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi

Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | Öflug og góð þjónusta

Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl í síma 590 5125 og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

KLETTUR

Lely Center Ísland



STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

GARÐYRKJUSKÓLINN Á REYKJUM



Heimilishænsnin að hvíla sig.

Mynd / Steinunn Aðalsteinsdóttir

Matjurtirnar í heimilisgarðinum

Þótt vorkoman og byrjun sumars hafi verið heldur hæg víðast hvar á landinu eru garðeigendur bjartsýnir á að enn geti komið ágætis vaxarskeið fyrir matjurtirnar sem settar voru niður eða sáð til þeirra í heimilisgarðinn.

Margar þeirra eiga enn eftir talsverðan hluta vaxtartímans og hægt er að búast við góðri uppskeru, ef plöntunum er vel sinnt.

Flestir kaupa kálplöntur, gulrófnaplöntur og margar aðrar matjurtategundir í garðplöntustöðvum sem hafa þær til sölu í miklu úrvali víða um land. Algengast er að miða við gróðursetningu um mánaðamótin maí-júní, eðað jafnvel nokkru fyrir. Hins vegar er vel hægt að gróðursetja flestar tegundir þótt komið sé fram undir júnílok. Þá er garðurinn orðinn hlýr og nægur tími hefur gefist til að vinna jarðveginn, stínga niður grunnáburði og útbúa það.

Þeir sem hafa lent í því að gróðursettar plöntur hafi skaðast eða jafnvel drepist í vorfrostum hafa enn kost á að gróðursetja hreinlega nýjar plöntur í þeirra stað.

Næringargjöf skiptir máli fram eftir sumri

Á vaxtartíma matjurtanna þarf að fylgjast með þrifum þeirra og meta þörf á áburðargjöf. Hafi verið gefinn áburður fyrir gróðursetningu má búast við að hann dugi plöntunum í a.m.k. einn mánuð. Að þeim tíma liðnum ætti að huga að viðbótaráburði. Þá eru plönturnar farnar að stálpast og rætturnar farnar að vaxa verulega. Lífrænn áburður, t.d. safnhaugamold, er afbragðs næringarauki. Safnhaugamoldinni er dreift í þunnu lagi, t.d. 3-5 sentimetra yfir beðið á milli plantanna. Þá er hún klóruð lauslega niður í efsta lag jarðvegsins og vökvað að því loknu. Í stað safnhaugamoldar er hægt að nota gamlan húsdýraáburð eða þunnt lag af hænsnaskí. Tilbúinn áburður kemur líka til greina, þá er hægt að gefa um það bil hálf kíló af niturríkum áburði á hverja 10 fermetra í matjurtagarðinum um þetta leyti, til að tryggja nægilegan aðgang að helstu næringarefnum. Almenn er ekki talin þörf á að gefa aukagjöf af áburði eftir að kemur fram í ágúst mánuð. Þá ættu rætturnar að taka upp þá næringu sem fyrir er í jarðveginum. Káltegundir og gulrófur eru næringarfrekari en t.d. gulrætur og margar salattegundir.

Enn er hægt að gróðursetja og sá

Nokkrar ágætir matjurtir eru fljótsprottnar og ætti að vera hægt að sá til þeirra beint í garðinn þótt komið sé fram yfir Jónsmessu. Fljótvöxnustu salattegundirnar, radísur, næpur og spinat, ná ágætum þroska fyrir haustið. Hentar t.d. ágætlega að sá til spinats um þetta leyti, þegar daglengdin hættir að hafa áhrif til ótímabærrar blómmyndunar. Sama gildir um

kínakál, klettasalat, kóríander og mizunakál, í góðum garði ætti það að ná ágætum þroska. Fljótvaxin yrki káltegunda og sömuleiðis gulrófur geta líka náð þroska þótt þær séu gróðursettar þetta seint.

Kálmaðkurinn

Kálflugan er komin á kreik um þetta leyti. Til að koma í veg fyrir skaða af hennar völdum er gott ráð að gróðursetja aðeins vel þroskaðar unglöntur sem hafa innbyggðar varnir gegn ágangi kálmaðksins og ætti að vera vandalaust að nálgast þær í garðplöntustöðvunum enn þá. Ágætt er að setja nýjan gróðurduk yfir kál- og rófnabed fyrstu vikurnar til að halda aftur af kálflugunni. Þá er gengið þannig frá jöðrunum að flugan finni hvergi leið að plöntunum. Dreifing safnhaugamoldar eða annars lífræns áburðar við stofn matjurtanna ásamt tilheyrandi moldarlosun getur líka truflað varp hennar.

Huga þarf að illgresinu

Þegar ræktað er í smáum stíl eins og venjan er í matjurtahorni heimilisgarðsins er langbesta ráðið að reyta allt illgresi um leið og til þess sést. Það tekur til sín næringu sem ætluð er grænmetinu og getur kæft smáar plöntur. Þegar notaður er búfjáráburður má alltaf búast við að með honum berist talsvert illgresisfræ. Þegar það er nýspírað er gott ráð að fara út í garð á sólríkum, hlýjum og þurrum sumardegum og hræra í allra efsta jarðveglaginu þar sem fræið er að spíra. Þá drepast plönturnar af hita sólargeislanna og minnkar það vöxt illgresis verulega og auðveldar hreinsunina. Öðru máli gegnir um fjölrætt illgresi með djúpstætt rötarkerfi eins og húsapunt, skriðsóley og þess háttar. Það þarf að taka upp með rötum, helst áður en ræktun hefst að vori.

Vökvun og önnur umhirða

Yfir hásumarið getur þurft að vökva plönturnar, og eins að lokinni gróðursetningu og sáningu, ekki þarf að fjölyrða um það. Sérstaklega mætti huga að vökvun eftir að gefinn hefur verið viðbótaráburður til að hann nái fyrir til rötanna þar sem hans er mest þörf. Gróðurduk ætti að taka af ekki síðar en um miðjan júlí því það getur hitnað verulega undir honum og jafnvel valdið skaða. Ágætt er að hreykja mold að plöntunum og losa um jarðveginn öðru hvoru til að auka loftstreymi í jarðveginn.

Uppskera

Í sólreitum með plast- eða glerloki gerast hlutirnir hratt. Nú þegar eru sumir ræktendur farnir að gæða sér á fyrstu grænmetisuppskerunni þaðan og síðan tekur hvað við af öðru sem verðlaunar þá sem sinna matjurtaræktinni, langt fram á haust.

Ingólfur Guðnason

Á FAGLEGUM NÓTUM



Ófengnar kvígur þarf að setja á orkuríka beit snemmsumars.

Mynd / Baldur Helgi Benjamínsson

Arðsemi fylgir réttu kvígueldi

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

Nú þegar margir kúabændur hafa sett kvígurnar sínar út er mikilvægt að minna á að standa þarf vel að fódru þeirra eigi að ná sem mestu út úr bæði vaxtar- og þroskamöguleikum kvígnanna yfir sumartímann. Þekkt er að ef kvígurnar bera 22-24 mánaða gamlar þá munu þær skila búinu mestri hagkvæmni að teknu tilliti til æviafurfurðu og uppeldiskostnaðar en til að ná þeim árangri, þ.e. réttum burðaraldri, þarf að standa rétt að kvígueldinu svo arðsemin verði sem mest.

Fyrstu vikurnar

Það hefur margoft komið fram bæði hér í Bændablaðinu og víðar að með réttu eldi á kvígum má stórbæta árangur kúabúanna og raunar að fyrstu vikurnar í lífi þeirra móti í raun að stærstum hluta hvernig kýr þær verða þegar að þeim tímamarki kemur. Þetta kann að virka hálf óraunverulegt á marga, en tilfellið er að ef líkami kvígunnar fær þau skilaboð strax í upphafi að gnótt sé af næringarefnum, steinefnum og vítamínum, í réttum hlutföllum í umhverfinu þá setur hann strax mikinn kraft í vöxt og þroska. Aftur á móti ef með einhverjum hætti er dregið úr eða kvígurnar fá ekki fóðurefni í réttum hlutföllum fær líkaminn í raun skilaboð um annað og aðlagar sig að þeim aðstæðum. Þess vegna þarf strax frá fyrsta degi að sinna kvígum þannig að verið sé að ala þær til að verða afburða kýr.

Vigtun nauðsynleg

Svo unnt sé að fylgjast almennilega með því að þær vaxi hratt og vel er nauðsynlegt að vigta kvígurnar reglulega. Mælt er með því að þetta sé gert við fæðingu, þegar vanið er af mjólk, í kringum 3ja mánaða aldurinn, fyrir og eftir sumarreit, við fyrstu sæðingu og svo við burð. Sé vigt ekki til er best að nota þar til gert líffþungamálband. Séu þessar mælingar til staðar má reikna út þungaukninguna á degi hverjum en setja ætti markmið um ákveðinn meðal lágmarksvöxt. Hver hann er, fer eftir því eftir hverju er verið að sækjast en eigi að miða við að ná góðum vexti í kvígurnar fram að fyrstu sæðingu þurfa þær að vaxa vel og a.m.k. í kringum 600 grömm á dag að jafnaði fyrstu 13 mánuði ævinnar. Ég nota oft flugelda til útskýringar á vexti á kvígum en til þess að ná að njóta þeirra sem best þarf að koma þeim vel upp frá jörðu og eigi það að gerast þarf að vera kraftur í skotinu sjálfu. Þetta er eins

með kvígurnar og til að ná þeim vel á flug þurfa þær strax frá fyrsta degi að taka vel við sér í vexti. Erlendis er miðað við að kvígur skuli tvöfalda fæðingarþunga sinn fyrstu 56 daga ævinnar, þ.e. fyrstu átta vikurnar, og ef kvígan hefur ekki náð þessum árangri í vexti er harla ólíklegt að hún nái nokkurn tímann að verða afburða kýr.

Kjarn- og gróffóður auk vatns

Flestir kúabændur hér á landi standa vel að mjólkurgjöfni og gefa kvígum gott atlæti en mjólkinn ein og sér er ekki nóg. Kvígurnar þurfa einnig að fá aðgengi að góðu gróf- og kjarnfóðri sem er sérstaklega hannað og samansett til þess að kvígurnar geti þroskast hratt og vel. Hér þarf sérstaklega að huga að efnainnihaldi kjarnfóðursins og gerð þess svo það örvi vambarþroskann sem best. Bændum er ráðlagt að hafa samband við fóðurráðgjafa til þess að fá frekari upplýsingar um þær kröfur sem gera þarf til kjarnfóðurs fyrir gripi á þessum aldri. Þá er rétt að minna á að afar mikilvægt er að kvígurnar hafi alltaf aðgengi að fersku vatni.

Að hætta á mjólk

Þegar kemur að því að hætta mjólkurgjöf miða alltaf margir bændur, um allan heim, við ákveðinn aldur. Þetta er ákveðinn misskilningur en í dag byggja allar ráðleggingar um þetta efni á því að miða við át en ekki aldur. Sé kvígan farin að éta vel af bæði kjarn- og gróffóðrinu er hún í raun að gefa merki um að vambarstarfsemi hennar sé komin vel af stað og að mjólkurgjöfin sé orðin óþörf. Hvenær þessu stigi er náð er einstaklingsbundnið og víða ná kvígur þessu allt niður í sex vikna aldur en líklega oftast í kringum sjöundu til áttundu viku. Erlendis er miðað við, fyrir kvígur af Holstein kyni, að þær éti að lágmarki 1,3 kg af kjarnfóðri þrjú daga í röð og að þá megi hætta með þær á mjólkurgjöf. Fyrir íslenskar kvígur er miðað við 1,0 kg át á kjarnfóðri þrjú daga í röð.

Kynþroski

Í rannsókn sem gerð var hér á landi fyrir nokkrum árum kom í ljós að kvígur voru að meðaltali 28 mánaða gamlar þegar þær báru sem bendir til þess að gríðarleg tækifæri til aukinnar arðsemi megi ná á Íslandi með því að bæta eldi á kvígum.

Eigi kvígan að bera 22ja mánaða þarf að sæða hana þegar hún er 13 mánaða en þó ekki fyrir en hún nær tilætluðum þunga. Kvígurnar verða í raun kynþroska mun yngri en eru þá of smáar til að geta náð tilætluðum þunga við burð. Hérlandis er miðað

við að kvígurnar hafi náð um 55% af þyngd fullorðinna kúa þegar þær eru sæddar. Ef miðað er við að fullorðnar kýr hér á landi séu um 470 kíló, sem er reyndar allbreytilegt, ætti kvígan því að vera um 260 kíló á fæti þegar hún er sædd. Hér þarf vissulega hver og einn að nota eigin tölur en hlutfallið heldur, þ.e. 55% af þunga fullorðinna kúa er viðmið sem bæði er notað hér á landi og erlendis fyrir önnur kúakyn.

Sumarreit

Til þess að ná þessu þarf fóðrið að vera kraftmikið og ólíklegt er að það náist t.d. með úthagabeit eins og oft tíðkaðist hér áður fyrir og gerir jafnvel enn í einstaka tilfellum. Reyndar er alþekkt erlendis að beit á ófengnum kvígum krefst gríðarlegar nákvæmi og góðrar bústjórnar eigi ekki að koma afturkippur í vöxtinn og allar líkur eru á því að svo sé einnig hér á landi. Því þarf að setja kvígurnar á orkuríka beit snemmsumars, bæta við þær viðbótarfóðri þegar líður á og taka þær snemma af beitinni þegar orkugildi grasanna fellur.

Kvígur búa reyndar yfir þeim hæfileika að geta bætt sér upp vöxtinn upp að ákveðnu marki, hafi t.d. eitthvað brugðist í bústjórninni og komið afturkippur í vöxtinn. Þetta geta þær gert eftir að búíð er að hýsa og tíminn sem gefst í þetta ferli er þó stuttur. Í Noregi hafa mælingar sýnt að kvígur geta bætt sér upp smá afturkippur í vexti fyrstu tvo mánuðina eftir hýsingu, en eftir það verður vöxturinn jafn á ný. Það er því mikilvægt að hafa þetta hugfast að hægt er að draga úr skaðanum, sem mögulega hefur orðið, sé korrétt staðið að eldinu við hýsingu en tíminn til þess er þó knappur.

Fósturþroskinn

Eftir að kvígan hefur fest fang má í raun slaka aðeins á eldinu, enda er þá gengið út frá því að hún hafi náð tilætluðum þunga við fyrstu sæðingu. Nú tekur við tímabil hjá kvígum sem bæði fer í áframhaldandi vöxt hennar en einnig fósturþroska og þegar hún ber þarf þungi hennar að hafa náð 85% af endanlegum þunga fullorðinna kúa, þ.e. um 400 kg þunga sé miðað við að meðalþungi kúna sé 470 kg. Á þessu tímabili er þyngingarkraftur því rúmlega 500 grömm á dag sem ætti að vera nokkuð auðvelt að ná með þökkalegri fóðrun eða beit. Nú á að leggja áherslu á að ná upp átgetu á gróffóðri og því má í raun draga úr orkuinnihaldi þess en bæta það upp með magninu.

Síðustu 60 dagarnir

Fullyrða má að flestir ef ekki allir

kúabændur sinni nú orðið geldkúnum sérstaklega, með þar til gerðu fóðri, steinefnum og vítamínum. Það er aftur á móti allt of algengt að þetta sé ekki gert fyrir kvígurnar síðustu 60 dagana fyrir burð. Þá er fósturþroskinn mikill og tekur á kvíguna enda er hún sjálf enn að vaxa. Þær þurfa því sérstaklega gott eftirlit og rétt fóður svo þær nái að byggja sig rétt og vel undir burðinn og upphaf mjaltaskeiðsins. Þegar þær bera ætti holdastig þeirra að vera 3,5 svo þær hafi af nægu að taka þegar mjólkurframleiðslan hefst en samhlíða henni eru þær enn að vaxa og þyngjast þessi

síðustu 15% af ætluðum líffþunga fullorðinna kúa.

Ítarefni:

- „Fóðrun nautgripa á mismunandi skeiðum“ eftir Berglindi Ósk Óðinsdóttur í bókinni Nautgriparekt, sem hægt er að nálgast á vef LK: www.naut.is
- „Fyrstu 8 vikurnar ráða miklu um örlög kýrinnar“ eftir greinarhöfund, sjá 13. tbl. Bændablaðsins 2019.
- „Þungar kvígur endast lengur“ eftir greinarhöfund, sjá 14. tbl. Bændablaðsins 2020.

Garðar og gróður:

Aðeins af fjörlæringum

Nú er tíminn til að huga að beðunum í garðinum og ekki úr vegi að skoða aðeins hvaða plöntur eru vinsælar eða jafnvel líklegar til vinsælda í garða landsins. Ótal möguleikar eru fyrir garðeigendur þegar kemur að fjörlæringum og þá sérstaklega þá sem þurfa litla umhirdu.

Má þar nefna brúskur af ýmsum yrkjum, burnirót, frúarlykil, postulínsblóm, nálapúða að ógleymdum húslaukum. Í blómstrandi deildinni eru laukar vinsælir hjá landanum sem koma upp ár eftir ár án nokkurrar fyrirhafnar. Túlípanar, páskaliljur og krókusar sjást gjarnan í gördum á vorin og fram í sumarbyrjun og koma þeir sannarlega með lit í lífið eftir veturinn.



Burnirótin (Sedum rosea).
Myndir / Guðrún Birna Brynjarsdóttir.

Húslaukar eru sígrænir

Sumir fjörlæringar geta verið sígrænir við góð skilyrði og er fallett að sjá græna litinn lífga upp á lífið yfir veturinn. Svokallaðir húslaukar, eða Sempervivum sp. upp á latneskuna, eru skemmtilegir og þrátt fyrir nafnið eru þeir ekkert skyldir lauknum sem við notum til matargerðar heldur er hann af helluhnoðraettinni.

Sagan segir að fólk hafi sett húslauka, sem eru með safarík blöð, á torfbök hjá sér til að ekki myndi kvikna í ef eldingu skyldi slá niður á húsið. Húslaukar eiga það sameiginlegt að þola mikinn þurrk, þeir mynda hvelfingar og breiða úr sér um beðið og má í raun segja að þeir séu þykkblöðungar garðsins.

Ræktuð vegna blaðanna

Brúskur (Hosta) eru blaðhvilfingar sem eru ræktaðar vegna fallegra blaða. Þær eru til í fjölmörgum litum; einlitar, dröfnóttar eða tvílitar. Skemmtileg útgáfa af brúskum eru þær sem hafa bláleit blöð og gefa garðinum þannig skemmtilegan blæ. Plönturnar eru auðveldar í



Postulínsblóm (Saxifraga x urbium) og Brúskur (Hosta sp.).

ræktun og harðgerðari en margan grunar. Þær vilja sól part úr degi og venjulegan garðajarðveg en einnig má rækta brúskur í pottum og kerum. Gróðrarstöðvar eru með ótal yrki af brúskum og er lítið mál að spyrjast fyrir um úrvalið hjá viðkomandi stöð.

Gömul garðjurt

Frúarlykill (Primula x pubescens) hefur lengi fundist í gördum landsins. Hún er harðgerð og auðræktuð planta sem hefur mörg litaafbrigði og blómgast í júní og júlí. Hún kys helst rakan jarðveg og líður betur í skugga heldur en í beinni sól allan daginn. Frúarlykill er þekjandi, blómin óvenjustór fyrir svo lágvaxna jurt og því virkilega falleg planta í sígræna flóru garðsins. Svo skemmir heldur ekki fyrir að hún ilmar.

Íslenska burnirótin

Ekki má gleyma íslensku burnirótinni (Sedum rosea) sem er harðgerð og falleg planta sem blómstrar ýmist gulum eða rauðum blómum. Burnirótin er sérbylisplanta sem þýðir að hún er ýmist annaðhvort karl- eða kvenkyns. Algengast er að gróðrarstöðvar selji karlkyns plöntur, en þær blómstra gulum blómum. Ef kvenkyns planta er í nánd fjölga þær sér mikið og er því best að hafa karlkyns í garðinum hjá sér. Burnirótin blómgast í júní og fer vel í beðum og í steinhæðum.

Í gróðrarstöðvum er að finna úrval af ofangreindum plöntum og mörgum fleirum og ef eitthvað af þeim vekur áhuga lesenda er best að spyrjast fyrir um þær og hvort þær henti aðstæðunum í garðinum þínum.

Guðrún Birna Brynjarsdóttir, garðyrkjunemi.


Lífraen hreinsun skólps

ANAEROBIX HREINSIVIRKI
með síu yfir 90% hreinsun



- Verð frá: 250.000 m/vsk.
- Stærðir 3-600 persónueiningar
- Ekkert rafmagn
- Meira en 2ja þrepa hreinsun

ONE2CLEAN HREINSISTÖÐ
allt að 99% hreinsun



- Verð frá 510.000 m/vsk.
- Stærðir 3-1500 persónueiningar
- Rafræn vöktun (valkvæmt)
- Getur hreinsað eColi allt að 99,9%

- Þægilegar í uppsetningu og lítið viðhald
- Fyrir sumarhús, heilsárhús, hótél o.fl.
- Engar siturlagnir – fyrirferðarlítill
- Mikið pláss fyrir seyru
- CE vottað
- Uppfylla kröfur til hreinsunar á viðkvæmum svæðum t.d við Þingvallavatn

INNIFALID Í VERDI

- Afhending á verkstað innan 100km frá Reykjavík
- Drengöng með gátlúgu sem tryggja að vökvi komist óhindrað út í jarðveg



HVAMMSHÓLAR



SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
líka hægt að lesa á bbl.is og Facebook



HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS <https://www.bbl.is/hladan>



SPECTRA
BYGGINGALASERAR Í ÚRVALI
VAL FAGMANNA


Við erum flutt á Dalveg 10-14 Kópavogi



...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ BESTA

Lely Center Ísland

**TINDAR OG
HNÍFAR
GOTT ÚRVAL**



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

DALVEGI 10-14 | KÓPAVOGI | SÍMI 510 5100 | ISMAR.IS





PINN GARÐUR þín kolefnisbinding



Glæný sumarblóm í ker

Svalir og sólpallar fyllast einstökum ævintýraljóma þegar búid er að koma þar fyrir smekklefum og sumarlegum blómakerjum og pottum, stútfullum af glóðvolgum og glænýjum sumarblómum.

ræða stóra potta eða ker er ágætt að setja góðan slurk af vikri eða grófri mól neðst í pottinn og fylla svo upp með góðri pottamold. Plönturnar eru svo teknar úr pottunum og þeim ræðað í pottinn í þeirri uppsetningu sem þykir falleg, oft er heldur minna bil á milli plantna í pottum en í beðum. Fyllt er upp í bilið á milli plantnanna með gróðurmoldinni og passað upp á að moldaryfirborðið sé 2-3 cm fyrir neðan pottbrúnina, þá er auðvelt að vökva ofan í pottinn án þess að mold og vatn sullist yfir brúnina.



Fjöldinn allur af sumarblóma- tegundum þrífst vel við íslenskar aðstæður og hægt að finna blóm fyrir hvers manns ker, alla mögulega og ómögulega líti, stór eða lítil blóm, hávaxin og lágvaxin, hangandi, upprétt, breið- eða grannvaxin og þannig mætti lengi telja.

Mikilvægt að hafa göt í botni ílátanna

Við val á kerjum og pottum til ræktunar er nauðsynlegt að hafa göt á botni ílátanna til að tryggja að vatn sitji ekki á rótum plantnanna. Þegar kemur að gróðursetningunni er gott að setja bút af jarðvegsdúk eða gamalli tusku yfir götin, áður en jarðvegur er settur í ílátin, er það gert til að tryggja að fína efnið úr moldinni skolist ekki út úr pottinum og valdi óþrífum í grennd. Ef um er að

Uppáhaldspottarnir með í fríð

Eftir gróðursetningu er vökvað yfir pottinn og hann settur á sinn stað. Plöntur í pottum og kerjum þarf að vökva eftir þörfum allt sumarið og ágætt að gefa þeim venjulegan pottablómaáburð með vökvunarvatninu 1-2 sinnum í viku allt sumarið. Þó er óþarfi að gefa áburð fyrstu tvær til þrjár vikurnar eftir gróðursetningu því pottamoldin inniheldur að jafnaði áburð sem dugar í þann tíma. Yfir sumarið er ágætt að fjarlægja visin blóm eftir þörfum til að halda kerinu fallegu og endurnýja plöntur ef þær verða fyrir skakkaföllum. Þegar farið er í frí er alveg tilvalið að taka með sér uppáhaldspottana og stilla þeim upp við hjólhýsið eða tjaldvagninn, það sýnir að fólki er full alvara í ræktuninni. /gh



Lely Center Ísland

HAUGHRAERUR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

SAMFÉLAGSRÝNI

Samningur Noregs og Bretlands um viðskipti með landbúnaðarvörur

Nú í byrjun júní voru undirritaðir samningar um viðskipti milli Bretlands annars vegar og Noregs, Íslands og Lichtenstein hins vegar. Samningurinn við Ísland hefur víða verið til umræðu en fróðlegt er að taka samninginn við Noreg líka til skoðunar.

Í fréttatilkynningu frá norskum stjórnvöldum þann 4. júní sl. eru helstu atriði samningsins reifuð. Í henni er greint frá því að samningurinn feli ekki í sér neina nýja tollkvóta fyrir ost, nautakjöt og kindakjöt. Þar er m.a. haft eftir Olaug V. Bollestad, landbúnaðar- og matvælaráðherra Noregs, að í þessum mikilvæga fríverslunarsamningi hafi tekist að gæta hagsmuna landbúnaðar sem stundaður er á landsbyggðinni og sem byggir á grasnyttum.

Enn fremur er haft eftir Bollestad að þrátt fyrir móðgandi (offensive) kröfur frá bresku samninganefndinni hafi engir nýir kvótar verið veittir fyrir innflutningi á viðkvæmum afurðum eins og nautakjöti, kindakjöti og mjólkurafurðum. Þetta sé sú framleiðsla sem skiptir sköpum til að ná markmiði stjórnvalda um að landbúnaður sé stundaður um allt land.

<https://www.regjeringen.no/no/aktuelt/ny-frihandelsavtale-med-storbritannia-gir-avklarung-om-handel-med-landbruksprodukter/id2857118/>

Þetta er framleiðsla sem veitir ekki aðeins mikilvæg störf í landbúnaði, heldur stuðlar einnig að atvinnu í matvælaíðnaði og öðrum fyrirtækjum sem háð eru greininni, segir ráðherra enn fremur.

Gert var ítarlegt mat á áhrifum veittra innflutningskvóta á landbúnað og matvælaíðnað segir



Erna Bjarnadóttir.

Bollestad. Útgangspunkturinn var að veita innflutningskvóta fyrir vörur þar sem Noregur hefur þegar innflutningsþörf eða þar sem kvótinn er á tímabilum utan þess sem norsk framleiðsla annar eftirspurninni. Bretland fékk aðeins kvóta sem ESB hefur nú þegar. Sumir kvótanna sem Bretum eru veittir eru kvótar sem ESB nýtir nú að litlu leyti vegna takmarkaðs áhuga á norska markaðnum.

Verður að gefa eitthvað til að fá samning

Svo er það í öllum viðræðum að við verðum að gefa eitthvað til að ná samkomulagi, segir ráðherra síðan. Kvótar voru veittir fyrir 100 tonn af svínakjöti og 100 tonn af skinku. (Hér má skjóta inn að Norðmenn eru 15x fleiri en Íslendingar.) Að auki voru veitt 50 tonn af svínarifjum fyrir Desembermánuð þegar venjulega er um innflutning að ræða. Einnig 120 tonn af pylsum og 158 tonn af alifuglum. Alls nemur þessi kvóti innan við tveimur þrúmillum af norski kjötfraðleiðslu.

Við gerð bráðabirgðasamningsins við Noreg fengu Bretar 299 tonna ostakvóta gegn samsvarandi samdrætti í ostakvóta ESB. Þessum kvóta verður haldið áfram í fasta samningnum. Samningurinn við Bretland þýðir einnig að fjórir breskir ostar með landfræðilega upprunamerkingu bætast á listann yfir fasta osta með krónutollum. Á móti fá Norðmenn tollfrjálsa kvóta fyrir fjórar afurðir, þar á meðal 513 tonn af osti.

Erna Bjarnadóttir
verkefnisstjóri og
hagfræðingur hjá MS

Réttlát græn umskipti

Ef fólk þarf að taka á sig óhóflegar byrðar í baráttunni við loftslagsbreytingar og sumir meiri en aðrir, mun það leiða til andstöðu við nauðsynlegar aðgerðir. Og það verður til þess að við náum ekki árangri í að vinna gegn þeirri ógn sem loftslagsvá af mannavöldum er.

Í haust lagði Samfylkingin til aðgerðaráætlun til þess að fjölga störfum, örva eftirspurn og styðja við loftslagsvæna verðmætasköpun á Íslandi. Tillagan var lögð fram með tilliti til alþjóðlegra loftslagskuldbindinga Íslands á tímum hamfarahlýnunar og í ljósi efnahagssamdráttar, sögulegs fjöldaatvinnuleysis og framleiðslulaka vegna kórónuveirufaraldursins. Tillögunni var vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari vinnslu með samþykkt Alþingis við þinglok 12. maí.

Með grænu atvinnubyltingunni lögðum við meðal annars til að stofnaður verði grænn fjárfestingasjóður með fimm milljarða í stofnfé, sem styðji við loftslagsvæna atvinnuuppbyggingu og grænan hátækniíðnað. Orkuskiptum verði hraðað, ráðist verði í kraftmikið skógræktaráttak, stuðning við grænmetisframleiðslu, skipulega uppbyggingu iðngarða og störeflingu almenningsamgangna um allt land. Með þessu er hægt að slá tvær flugar í einu höggi – örva eftirspurn og atvinnu en um leið skapa grænna samfélag á Íslandi og auðvelda okkur að ná metnaðarfyllri loftslagsmarkmiðum á næstu árum.



Oddný G. Harðardóttir.

Samvinna innanlands og yfir landamæri

Líffræðilegur fjölbreytileiki hafsins skiptir okkur hér á Íslandi miklu máli og verði þróunin þar ekki stöðvuð mun hún hafa slæm áhrif á fiskimiðin okkar og stórkostleg neikvæð efnahagsleg áhrif um leið.

Réttlát umskipti í átt að kolefnishlutlausri framtíð er eitt brýnasta umhverfis-, samfélags- og efnahagsmál samtímans. En það kallar á samvinnu þvert á flokka og á milli landa. Samræma þarf aðgerðir í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og tryggja mannsæmandi störf og lífskjör.

Við jafnaðarmenn viljum leggja okkar af mörkum þannig að grænu umskiptin verði sanngjörn og að allir fái að vera með. Á endanum verða allir að leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn

loftslagsbreytingum. Við verðum að tryggja að kostnaðurinn lendi ekki þyngst á þeim sem minnst hafa milli handanna. Raunar gætu grænu umskiptin leitt af sér sanngjarnari skiptingu gæða en við þekkjum í dag.

Jöfnuður og hagsæld

Við í Samfylkingunni ætlum að taka forystu og leiða grænu umskiptin í samvinnu við atvinnurekendur, vinnandi fólk og samfélagið allt.

Tæknibyltingin opnar á fjölmörg tækifæri. Sama gildir um tæknibyltinguna og græn umskipti að það þarf að koma í veg fyrir að þróunin auki ójöfnuð. Hún þarf þvert á móti að auka jöfnuð. Við jafnaðarmenn óttumst ekki nýja tækni. En við óttumst hins vegar að hið gamla og úrelta fái að ráða.

Græn umbylting á vinnu- markaðnum er hafin en spurningin er hvernig við látum þessa umbyltingu gerast á réttlátan hátt. Hvernig forðumst við atvinnuleysi og að þau sem hafa minnst á milli handanna nú þegar verði illa úti?

Markaðurinn einn mun aldrei leysa þetta stóra vandamál sem við stöndum frammi fyrir vegna hlýnunar jarðar. Það þarf pólitíska forystu og sameiginlegt áttak verkalyðshreyfinganna og stjórnvalda til að tryggja réttlát græn umskipti.

Oddný G. Harðardóttir,
oddviti Samfylkingarinnar í
Suðurkjördæmi

SAMFÉLAGSRÝNI

Er lífrænn landbúnaður framtíðin?

Nýlega kom út umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland og var almenningi gefinn kostur á að leggja inn skriflegar athugasemdir. Mér finnst margt ágætt í þessu skjali en sá þó ástæðu til að koma með athugasemdir vegna kaflans um lífrænan landbúnað.

Þessar athugasemdir og athugasemdir starfsfélaga míns um sama efni urðu tilefni greinaskrifa í síðasta Bændablaði. Þar sem lesendur Bændablaðsins hafa ekki séð ábendingar mínar óska ég eftir því að þær verði birtar í texta hér á eftir til hliðsjónar við skrifin í Bændablaðinu. Ég hef, ásamt fleirum, áður fjallað um þessi mál í blaðagreinum og fræðigreinum og er tilbúinn til að gera ítarlegri grein fyrir athugasemdum mínum ef þess verður óskað. Það verður að vera svigrúm til að ræða þessi mál frá öllum sjónarhornum. Talsmenn lífræns landbúnaðar gagnrýna t.d. gjarnan hefðbundinn landbúnað. Landbúnaðar- og umhverfismál framtíðarinnar eru svo mikil áskorun að við þurfum á allri vísindalegri tækni og þekkingu að halda til að leysa þau.

Athugasemdirnar voru þessar:

Ég vil byrja á að þakka fyrir áhugaverða og aðgengilega skýrslu. Ég get tekið undir margt sem þar stendur. Mér finnst þó rétt að gera athugasemd við 7. kafla þar sem fjallað er um lífrænan landbúnað. Þetta er viðfangsefni sem ég hef kynnt mér töluvert, bæði uppruna þessarar hugmyndafræði og framkvæmd nú á dögum. Margir halda að þessi hugmyndafræði sé niðurstaða vísindasamfélagsins á því hvernig beri að stunda landbúnað á umhverfisvænan hátt og hvernig beri að framleiða holl matvæli, en svo er ekki.

Það eru um 100 ár síðan Rudolf Steiner og fleiri kynntu hugmyndir sínar um lífrænan landbúnað sem andsvar við tækniþróun í upphafi 20. aldarinnar. Þær byggðust ekki á vísindalegum niðurstöðum heldur áttu sér heimspekilegar og andlegar rætur. Ýmislegt í regluverki lífræns landbúnaðar stenst ekki vísindalega skoðun okkar tíma en samt er því enn haldið inni í hugmyndafræðinni. Þetta gerir það að verkum að ýmsar góðar lausnir eru bannaðar án þess að það sé stutt vísindalegum rökum. Sem dæmi um þetta má nefna tilbúinn áburð og tilbúin varnarefni gegn illgresi, sjúkdómum og meindýrum. Einnig má í þessu sambandi nefna lyf fyrir búfé.

Þegar uppskera er fjarlægð af túnum eða ökrum fara næringarefni úr jarðveginum með uppskerunni. Vegna þessarar tilfærslu næringarefna frá túnum og ökrum verður að bæta næringarefnum í jarðvegin í staðinn til að ekki gangi mikið á forða jarðvegsins. Tilbúinn áburður inniheldur næringarefni á aðgengilegu formi fyrir plöntur og oft í miklum styrkleika þannig að kostnaður við flutning og dreifingu verður í lágmarki. Hann er því mjög hentugur áburðargjafi en mikilvægt að miða skammtastærð við aðstæður á hverjum stað. Hann er mikilvæg viðbót við belgjurtir, búfjáráburð og annan úrgang sem verður til á hverjum stað.

Illgresi, sjúkdómar og meindýr valda miklu tjóni á uppskeru um allan heim. Það er sjálfsagt að standa þannig að ræktun að tjón af völdum þessa verði sem minnst. Stundum er ræktunartæknin ein og sér ekki næg og þá getur þurft að grípa til varnarefna. Hvort er þá betra að nota tilbúin varnarefni með sérhæfða virkni eða nota lífrænt vottuð náttúruleg efni þar sem virkinn er ekki aðlöguð viðfangsefninu? Hið sama má segja um dýralyf. Er það veikum dýrum fyrir bestu

að gefa þeim annað hvort engin lyf eða lífrænt vottuð efni sem ekki eru þróuð sérstaklega gegn viðkomandi sjúkdómi? Myndum við vilja hafa þetta þannig í okkar heilbrigðiskerfi?

Það er vandasamt að setja fram ábendingar og gagnrýni um lífrænan landbúnað eins og svo margt annað sem fólki er hugleikið og kært. Ég hef litið svo á að það sé skylda fræðimanna að benda á það ef verið er að markaðssetja vörur eða hugmyndafræði sem stangast á við þekkingu okkar á viðkomandi sviði. Þetta gildir ekki bara um

landbúnaðinn. Læknisfræðin, lyfjafræðin, matvælafræðin og fleiri fræðasvið þurfa stöðugt að upplýsa fólk um það sem boðið er upp á en á sér ekki faglegan grundvöll. Að þessu sögðu, þurfum við líka að hafa auðmýkt gagnvart því hvað þekking okkar er takmörkuð og það sem við teljum rétt í dag getur verið talið rangt á morgun. Þekking okkar á hverjum tíma þarf þó að vera útgangspunkturinn en við þurfum að hafa hana í stöðugri endurskoðun. Við þurfum jafnframt að sýna fólki og skoðunum þeirra virðingu.

Þó að ég telji það skyldu fræði-

manna að upplýsa samfélagið hafa þeir ekki rétt til að taka fram fyrir hendurnar á fólki. Ég virði rétt fólks til að velja sinn lífsstíl og vörur. Þegar kemur að því að móta stefnu samfélags á einhverju sviði, t.d. landbúnaði, tel ég að vísindaleg þekking þurfi að ráða för. Ég skil það sjónarmið að vilja uppfylla óskir neytenda og þá einnig óskir um lífræna vöru. Ég held hins vegar að margir neytendur séu ekki endilega að biðja um lífrænar vörur heldur hollar vörur og umhverfisvænar en hvorugt er tryggt með lífrænni vottun. Slík vottun tryggir ákveðnar

framleiðsluáferðir sem alls ekki þurfa að skila betri niðurstöðum í þessum atriðum. Lífrænar vörur eru hins vegar jafnan kynntar sem betri vörur.

Það er hægt að blekkja neytendur um tíma en fyrir eða síðar átta þeir sig á því ef vörurnar standa ekki undir því sem sagt er. Þess vegna er svo mikilvægt fyrir bændur að byggja framleiðsluáferðir sínar á bestu þekkingu á hverjum tíma og landbúnaðarstefna þjóðarinnar þarf einnig að gera það.

Guðni Þorvaldsson

Snorrastaðir



Branddís Margrét Hauksdóttir, Kristján Ágúst Magnússon og Magnús Kristjánsson

1. Vesturlandi, Kolbeinsstaðarhreppur hinum forna.
2. Rúmir 1600 ha.
3. Nýlegt fjós með Delaval róbót, nautaupveldi, sauðfé, hestar, geitur og ferðamenn.
4. Sigra að sjálfsögðu en úrvals fóður fyrir veturinn er loka takmarkið alltaf.
5. Veðurfar. Það er alltaf það sem hefur stærsta breytileikann ár frá ári, dag frá degi jafnvel.
6. Aftur er það veðrið. Akkúrat núna verður engin uppskera nema það rigni.
7. Heyfengur, grasfræ blanda frá fóðurblöndunni.
8. Reyna allt til að heyja meira af öflugra og lystugra fóðri ár frá ári fyrir kýrnar og nautin. Því fylgir jarðvinnsla og góð umhirða túna ár frá ári. Ásamt því þurfum við að auka breytileika í fóðrinu. Við höfum alltaf heyjað allt hey eins kröftugt og við höfum getað. Það hefur bitið okkur í rassinn með of stórum kálfum og lömbum. Við þurfum að skipuleggja heyöflun þannig að hægt sé að fódra öll dýr á þann hátt sem þau þurfa hverju sinni hvort sem það er á lok meðgöngu, toppnum á mjaltarskeiðinu eða síðasta hjallanum í nautaldinu.
9. Það jafnast fátt á við að renna í gegnum huppu, fjarvis og jord.is. Eina sem kemst nálægt er að spila og horfa á körfubolta. Hjá foreldrum mínum er það söngur hjá báðum og útivist hjá mömmu.

Innri-Kleif



Gunnlaugur Ingólfsson og Þóra M. Aradóttir

1. Breiddal á austfjörðum.
2. 1300 ha.
3. Kúabú.
4. Vera með og gera sitt besta.
5. Að afla góðra heyja með háu efnainnihaldi.
6. Ná góðu heggi á réttum tíma miðað við sprettu.
7. Vallarfoxgras Tukka 50%, Tenho 20% og vallarsveifgras Baron 30%.
8. Rækta meira, kalka og auka fjölbreytni í grænófóðri.
9. Ferðast um landið okkar.

Spurningalistinn

1. Hvar er bærinn?
2. Stærð jarðar?
3. Gerð bú?
4. Hvaða markmið hefur þú sett þér í keppninni?
5. Hvað telur þú vera stærsta áskorunin í keppninni?
6. Hvaða þáttur er mikilvægast að heppnist?
7. Hvert er sáðgresi keppnisspildunnar?
8. Hvaða framtíðar áform hefur þú varðandi gróffóðuröflun á þínu búi?
9. Áhugamál

VÉLABÁSINN

Nýr SsangYong Rexton með nýja og kraftmeiri vél

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Laugardaginn 11. júní frumsýndi Bílabúð Benna nýjasta SsangYong Rexton bílinn. Nokkrum dögum fyrir frumsýninguna kom ég við í Bílabúð Benna og sá þennan nýja bíl tilsýndar, það fyrsta sem ég tók eftir var breytingin á „grillinu“ á bílnum og hugsaði að þessi bíll væri að segja: „I look like the Bentley at front.“ Í þessari ferð samdi ég um að fá bílinn til prufuaksturs að lokinni frumsýningu.

Einhver best hljóðeinangraði jeppi á markaðnum

Þessi nýi Rexton er með 8 þrepa sjálfskiptingu, hátt og lágt drif og sjálfvirka driflæsi á afturdrif (prófaði þessa læsi sérstaklega og hún virkar fínt). 202 hestafla dísilvél og dráttargetan er á bílinu 2.700 kg upp í 3.000 kg. (Skrítið að dráttargeta sé svona lág hér á Íslandi, þegar maður skoðar erlendar síður þá er þar uppgefin dráttargeta 3.500 kg.)

Eins og alla bíla sem ég prófa þá hávaðamældi ég bílinn á 90 (á sama stað og aðra bíla). Það er mér óskiljanlegt hvað SsangYong Rexton fær alltaf lága mælingu. Árgerð 2019 mældist 64,7db. en þessi mældist 63,6db. Það er besta mæling á bíl sem ekki er knúin af rafmagnsvél. Ástæðan er væntanlega margþætt, vel hljóðeinangraður, mótörpúðarnir undir vélinni eru olíufylltir og dempa betur hljóð og titing fyrir vikið og að bíllinn var á fínmunstruðum hjólbörðum.

Ánægður með eyðsluna miðað við þungan bíl og stóra vél

Í fyrstu prófaði ég bílinn innanbæjar á malbiki eingöngu og eftir um 50 km akstur sagði aksturstölvan mér að ég hefði verið að eyða 9,8 lítrum á hundraðið í innanbæjarakstrinum, næst var það malarvegurinn og langkeyrslan.

Renndi mér inn á byrjunina á Djúpvatnsleið þar sem ég vissi að væri töluvert laust yfirborð vegna rallýkeppni skömmu áður. Strax og ég kom inn á mölina fann ég að bíllinn var ekki að svara rétt í beygjum og hann virtist vera að berjast meira á lausu grjótinu hægra megin að aftan. Stoppaði og fór að fikta í aksturstölvunni, eftir smá stund fann ég skjámyndina af loftþrýstingi í öllum hjólbörðum, engin furða að bíllinn væri óstöðugur því að í hægra afturdekki voru 38psi., en ekki 30 eins og átti að vera. Þetta var lagað og eftir það var bíllinn hreint frábær á mölinni. Ég mæli ekki með að spólvörnin sé tekin af á



SsangYong Rexton Ultimate.

Myndir /HLJ

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	2.180 kg
Hæð	1.825 mm
Breidd	1.960 mm
Lengd	4.850 mm



Þegar ég sá þetta grill datt mér í hug eðalbíllinn Bentley.



Hliðarspeglarnir stórir með blindhornsvaryljósum.



Engin furða að bíllinn hagaði sér undarlega á lausum malarvegnum.



Lukkulegur með eyðsluna í langkeyrslunni.

malarvegi þar sem að bíllinn er mjög kraftmikill og snöggur á snúning

sem hæglega getur sett mann út fyrir veg. Spól- og skriðvörnin kemur mátulega seint inn þannig að hægt er að keyra malarvegi ansi létt.

Eftir langkeyrsluna var eyðslan hjá mér í henni 7,7 lítrar á hundraðið, en uppgefin meðaleyðsla er 8,2 á hundraðið samkvæmt sölubæklingi.

Kostir margir, en fáir gallar

Það virðist alltaf vera hægt að betrubæta bíla og setja í öryggis- og aukabúnað eins og hita í stýri, blindhornsvara, fjarlægðarskynjara gagnvart bíli á milli bíla, en allt ofantalið er í nýjasta Rexton bílnum



Gott pláss í miðjusætunum, en öftustu tvö eru varla fyrir eldri en 10 ára.

og meira til. Það er samt einn stór mínus í þessum bíl (eins og 2019 árgerðinni), það vantar varadekkið.

Benni í Bílabúð Benna hringdi í mig og „telur sig þekka mig það mikið að hann viti hvað ég set út á í bílnum“. Hann þóttist vita að ég myndi setja út á hvað götin í grillinu væru stór og að kælinn fyrir skiptinguna væri í hættu gagnvart grjóti á íslenskum malarvegum. Sagðist hann vera búinn að setja í gang hönnun á hlíf fyrir innan grillið til að verja kælinn.

Þessu var ég búinn að taka eftir strax og ég sá bílinn fyrst og hugsaði að þetta væri möguleiki þó hverfandi væri.

Fyrir utan mínusana sem ég gef fyrir varadekkið og stór göt í grillinu eru plúsarnir svo miklu fleiri að það er nánast ranglæti að gefa þessa tvo mínusa.

Gott verð fyrir sjö manna bíl

Rextonbílnarnir eru í boði í þrem útgáfum, Premium (tau áklæði),



Besta mæling á hávaða inni í bíl í þessum stærðarflokki.

Adventure (vegan/leður) og Ultimate (leðuráklæði) og er verðið frá 8.490.000 upp í 10.990.000, allir skráðir 7 manna, 5 ára ábyrgð, byggðir á grind, millikassi með læsi og lágu drifi, í boði eru 17 og 18 tommu felgur (prufubíllinn var á 17 tommu felgum sem komu mjög vel út bæði á mól og malbiki).

Lely Center Ísland



EURO - TRIMA - ALÖ
Ásuðufestingar

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Ryðgað „drasl“ er fyrir sumum gull en flestum lítið augnayndi

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Þegar maður ferðast um landið ber stundum fyrir augu manns af þjóðveginum löngu aflögð landbúnaðartæki, bílar, dráttarvélar og vinnuvélar af ýmsu tagi á stöðum sem oft eru nefndir „bílakirkjugarðar“. Vissulega má sjá í sumum af þessum „kirkjugörðum“ vel upp raðaðar fornminjar um ýmiss konar vinnutæki fyrir ára, en því miður er oftast ekki þarna drasl sem engum er til sóma og er bara að grotna niður.

Af þeim „bílakirkjugörðum“ sem ég hef gengið um og skoðað vil ég meina að á bílinu 80-90% sé ónýtt drasl sem ekki verður bjargað og væri betur komið í endurvinnslu mála. Nokkur samgöngusöfn, búnaðarsöfn og dráttarvélasöfn af ýmsu tagi má finna víða á landsbyggðinni, söfn sem mikið er lagt í að laða að gesti. Við sum af þessum söfnum mætti taka hressilega til í næsta nágrenni. Víða er þar „drasl sem aldrei verður bjargað“ og söfnunum ekki til sóma.

Að hægja á niðurbroti er hægt með umhverfissvænum efnum

Suma hluti þarf einfaldlega að varðveita og ótrúlegustu ryðhrúgur er hægt að gera upp þannig að þeir líti út nánast eins og nýir. Þangað til að tími gefst til að fara í að gera upp gamla ryðgaða hlutinn þarf að verja hann gagnvart áframhaldandi niðurbroti.

Til eru efni sem eru minna skaðleg náttúrunni en önnur sem unnin og gerð eru úr náttúrulegum efnun samanber efni sem er gott ryðvarnarefni og er unnið úr ullarfitu úr sauðfé.

Þarna er ég að vísa til smurefnis sem nefnist Fluid Film (hef skrifað



Hilmar Lútersson, Snigill 1, við opnun sýningarinnar á verkum sínum á Mótórhjólafasafninu á Akureyri.

áður um þetta efni hér sem gott smurefni og ryðvarnarefni). Sjálfur nota ég þetta efni mikið og hef góða reynslu af efninu, bæði sem smurefni og til að ryðverja hluti.

Sem dæmi þá setti ég Fluid Film efni á helming af ómáluðu járnstykki sem stóð úti og ári seinna mátti greinilega sjá hvar efnið var og hvar ekki.

Gamli bíllinn þarf ryðvörn, ást og umhyggju

Því miður fyrir okkur sem búum í þéttbýliskjörnum þá eru götur saltaðar meira en góðu hófi gegnir í hálkutið á veturna og saltið verður af saltþækli sem smygur inn um allt á bílunum þegar við keyrum þá á veturna. Þetta er ekki til að auka endinguna á gömlum bílum, sérstaklega þeim bílum sem ekki eru ryðvarðir þegar þeir eru nýir.

Marga nýja bíla þarf sá sem þá kaupir að ryðverja sjálfur og

endurryðverja eftir nokkurra ára notkun. Mörg dæmi hef ég séð á tiltölulega nýjum bílum (3-7 ára bílum) að undirvagninn sérstaklega er svo ryðgaður að skipta þarf út nánast öllu sem kemur að bremsubúnaði. Bremsubúnaður í flestum bílum er sérstaklega viðkvæmur fyrir salti þar sem bremsur hitna og kólna á víxl og það eru kjöraðstæður fyrir ryðmyndun.

Fyrir rúmum fjórum árum keypti ég 2003 árgerðina af sendibíl sem var að hálfu búið að breyta í húsbíl. Ég kláraði breytinguna og skráði bíllinn sem húsbíl, en nota hann nánast daglega til og frá vinnu. Til að halda bílnum „þokkalega“ útlítandi þarf ég að bletta hann reglulega og alltaf að vera á verði gagnvart ryðmyndun. Með því að þússa, grunna og bletta í lakkið og mála yfir með glæru er hægt að halda þessum 18 ára bíl „fjarskafríðum“ í einhver ár í viðbót og undirvagninn fær reglulega Fluid Film.



Þússa, grunna, mála.



Ætti að vera til fríðs næstu 6 mánuði.

Mörg söfn gamla hluta fyllilega þess virði að heimsækja og skoða

Samgöngusöfn á borð við Ystafellssafnið, safnið í Skagafirði, Skógum, Hvanneyri og fleiri eru fyllilega þess virði að skoða, en á flestum þessum söfnum má finna hluti sem voru ein ryðhrúga fyrir uppgerð, en eru nú flottir sýningar-gripir.

Nýlega opnaði Mótórhjólafasnið á Akureyri sýningu um Snigil #1, Hilmar Lútersson, sem hefur gert upp tugi mótórhjóla. Flest þessara uppgerðu mótórhjóla og skellinaðra sem hann hefur gert upp síðustu 35 árin voru svo miklar ryðhrúgur þegar hann fékk gripina að ekki nokkrum manni hefði dottið í hug að reyna uppgerð. Þetta eru flottir sýningar-gripir í dag.

Husqvarna Construction Products

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjoppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Þjónustuverkstæði og varahlutir



Víkurhvarfi 4
203 Kópavogur
Opíð mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun.is

KROSSGÁTA Bændablaðsins

	154	SKÁI	STREYMI ATLÖGU	RASK	PYLSA	GÓLA SAM- PYKKJA	ERFIDI
	HJÁL- RÆÐI						VADALL
	MÁL- MUR				AUKASÓL		
	EY- GIR				UM- KRINGJA ÓSKUNDI		
	KRA- ÐAK		TRUFLA				VERK- FALL
	YFIR- BRAGÐ		FYRIRBODI				
VOPN	EYJA Í ASÍU	SENDIST VITLEYSU		MIS- VIRÐING		TVEIR EINS ÓNÁÐA	
			NÓTA NÁLEGA	DÖKKT			VESSA
LEIKUR			TÍÐKA			REIDI VISTA	
MÖK SÓMI			SAMTÖK	HUGSÝNN HNÍFUR			
		SPLÆST	ÚTSTÁELSI UNDIREINS		BORG SLEPPA		
	PANTA YFIRTAKA			SKAMMA EFTIRSÓKN			HYGGJA
ÞJAPPA			FRÁBÆR VÍK			TVEIR EINS ÞEI	
STÚTUR EIN- HVERJIR			STREÐ		FORIR TVEIR EINS		
			GEP- VONSKA			FÝLDUR	
SKIPAST				JURT			

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

	153	LEIKA	BEYÐU BUNGA	V	SJÓNOP	ALLUR	Ó	FLEKJA DYGGUR	R	LITPROTA					
	HÁUR	S	K	I	L	Y	R	T	U	R	FRÍR				
	SKJÓBA ÓLAG	P	O	K	I	HAR- MÓNÍUM	O	R	G	E	L				
		B	I	L	U	N	ÚLDNA OMÉFA	F	Ú	L	N				
	TVEIR EINS DANGL	L	L	EINBLINA UM- HYRFIS	S	T	A	R	A	PÁLL	U				
DILLA	G	GJÓSA	DUN- DAR AFBROT	B	A	U	K	A	R	ROSI	TVEIR EINS FÍNIRÍ	S			
H	O	S	S	A	TVEIR EINS RÍKI Í AFRIKU	R	R	S	Y	Ó	H	A	P	P	ILSKÖR
KAMBUR	S	P	Ö	N	G	GJALDA	I	N	N	A	GÁLEYSI SPOTTAR	R	A	S	
LEIKFANG VEGSEMD	D	Ú	K	K	A	KLÍÐUR	N	SKRRELA BYLJAN	A	F	H	Ý	Ð	A	
Æ	R	A	ÞRAUT- SEIGJU	KORN HÖRFT	B	Y	G	G	MÁLREIF DIORAST	R	Æ	Ð	I	N	
	Y	VELUR GEVAST	F	L	O	S	EFTIR- TEKJA SKARK	Á	G	Ó	Ð	I	D	KRÓSI- DULLUR	
EMJAN	K	V	E	I	N	PARTI ÖHLJÓBI	B	R	O	T	I	F	A	TÖNN RENGJA	
VARP	K	A	S	T	Ó	R	A	R	A	R	KEIP	R	E	L	L
RIBBALDI	R	U	S	T	I	BÓKA	P	A	N	T	A	ROTA	F	Ú	I
TRÉ	R	A	U	Ð	E	I	K	VESELAR	A	U	M	A	R		

Bændablaðið
kemur næst út 8. júlí
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Jörðin hefur verið í eigu sömu fjölskyldu síðan 1946 en þá keyptu þau Óskar Jóhannesson og Hildur Guðmundsdóttir jörðina. Þau fluttu frá Reykjavík ásamt Jóhannesi Guðlaugssyni, föður Óskars. Þegar þau fluttu að Brekku var enginn vegur að bænum, sem var torfbær með moldargólfi, enginn sími, það var ekki komið veiturafmagn en það var rafstöð í læknum svo þau höfðu það umfram nágrannabæina.

Þau tóku við því búi sem var á Brekku, nokkrar kýr og kindur en þau voru líka brautryðjendur í vélaverktöku í jarðvinnslu og vörubílaakstri fyrstu árin og hefur sú starfsemi verið rekin á Brekku síðan. Síðar fóru þau einnig út í ferðaþjónustu sem ekki var mikið um á þessum árum, margir þekkja eflaust orlofssvæðið í Brekkuskógi en það stofnuðu þau í kringum árið 1973.

Árið 2004 keyptu Jóhannes Helgason, dóttursonur Óskars og Hildar, og eiginkona hans, Helga María Jónsdóttir, jörðina. Óskar og Hildur bjuggu ásamt þeim Jóhannesi, Helgu Maríu og börnum þeirra fjórum, á Brekku svo lengi sem þau lifðu.

Byli: Brekka.

Staðsett í sveit: Biskupstungum í Bláskógabyggð.



Ábúendur: Jóhannes Helgason og Helga María Jónsdóttir ásamt börnum sínum og tengdadóttur.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Jóhannes og Helga María eiga fjögur börn, þau Jón Óskar, Valdís Björk (tengdadóttir), Finn, Rósu Kristínu og Hildi Maríu en þau eru öll búsett á Brekku, ásamt þeim búa þar líka tveir íslenskir fjárhundar, þær Díva og Perla og Chiwawa hundarnir Fróði og Tobba.


Stærð jarðar? 670 ha.

Gerð bú? Jarðvinnuverktaka, sumarbústaðalönd, ferðaþjónusta

og tamningastöð/hrossarækt en Finnur, Jón Óskar og Valdís Björk eru öll menntaðir reiðkennarar og tamningamenn.

Fjöldi búfjár og tegundir? Hrossarækt og nokkrar kindur til yndisauka.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Jóhannes er í verktökunni þar sem engir tveir dagar eru eins. Helga María sér um bókhaldið, ferðaþjónustuna, þ.e. gistinguna sem hefur verið róleg undanfarið, og ýmislegt sem til fellur, börnin



Brekka

sjá um hesthúsið og þann rekstur sem því tilheyrir.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Í vinnuvélunum er skemmtilegast að vera með ný/nýleg góð tæki en leiðinlegast ef bílar á versta tíma.

Í hestunum er mjög gaman á vorin að sjá folöldin koma í heiminn og þegar vel gengur bæði í kynbótadómum og keppni. Leiðinlegast er þegar hross slasast sem gerist sem betur fer ekki oft.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm

ár? Meiri ferðaþjónustu og góða hrossarækt.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Rjómi, mjólk, smjör og ostur.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Grillað lambafilé með tilheyrandi.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Byggingin á hesthúsinu og reiðskemmuni, fyrsta skóflustungan var tekin í ágúst 2019 og það var virkilega gaman að taka þessa aðstöðu í notkun.

MATARKRÓKURINN

Íslenskir tómatar eru frábærir

Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari
bjarnigk@gmail.com



Íslensku tómatararnir eru frábærir og oft marglitir í ýmsum stærðum, mikið hefur aukist úrvalið af íslenskum tómtötum og gætum við tekið Ítali okkur til fyrirmyndar að setja aðeins fullproskaða tómat á markað, sem eru rauðir innan sem utan.

Svo má leika sér með sósar og sultur þegar þeir eru of linir og of proskaðir fyrir skurð.

Tómatsalsa eða góð pitsusósa

- › 12 stk. þroskaðir tómatar
- › 1 chili, sneiddur og fræhreinsaður
- › 1-2 msk. flögusalt
- › edik (5 prósent) af heildarþyngd
- › 100-200 g sykur
- › 1/2 tsk. pipar (cayenne)
- › 2 tsk. paprikuduft
- › 2 tsk. sinnepsduft
- › 1/2 msk. heil piparkorn
- › 1 tsk. sinnepsfræ
- › 1 stk. lárviðarlauf

Dýfið tómtötunum í sjóðandi vatn í 30 til 60 sekúndur, eða þangað til skinnið fer að flagna af.

Dýfið í kalt vatn, takið skinnið af. Skerið í bita og bætið við chili og paprikudufti. Látið suðuna koma upp og látið malla í 20 mínútur með loki. Sameinið restina af hráefni í kryddpoka eða tesú, bætið við ediki og látið sjóða í sér potti. Lækið niður hitann og eldið í 20 mínútur.

Fjarlægjið kryddpoka og blandið saman edikblöndu og tómatmauki. Bætið við sykri og salti, látið sjóða við vægan þar til blandan hefur þykknað örflítið. Hægt er að setja maukið heitt í hreinar krukur fyrir góðan geymslutíma í kæli.



Þetta fullkomin pastasósa með ögn af capers og parmesanosti og góð á pitsu.

Tómata- og mozzarella Caprese-salat á pitsu

- › 8 sneiðar af fullproskuðum tómtötum
- › 2 matskeiðar balsamic-edik
- › 8 miðlungs lauf af ferskri basilíku
- › 12 sneiðar ferskur mozzarellaostur
- › Smá þurrkað oregano
- › flögusalt

- › ferskur malaður pipar
- › 2 matskeiðar jómfurárolífuolía

Raðið sneiddum tómtötum á fat og setjið eitt basilíkulauf ofan á hverja tómat sneið.

Setjið eina sneið af mozzarella ofan á hvert basilíku lauf svo það myndist lög.

Stráðið smá oregano, salti og ferskum möluðum pipar, og úðið yfir með jómfurárolífuolíu. Endið með smá balsamic-ediki.

Forbakið pitsudeigið, penslið með ólífuolíu, raðið tómtötunum og bakið örstutt undir grilli.



Tómat-salat á bökuðu brauði

- › 4 hvítlauksrif
- › 1 handfylli steinselja, lauslega söxuð
- › 1 handfylli ferskur kóriander, lauslega saxaður
- › ½ knippi fersk basilíka, lauslega söxuð
- › 1 bolli þroskaðir tómatar, fræhreinsaðir og hakkað gróft
- › 2 tsk tómatmalk (pure) 10 matskeiðar jómfurárolífuolía
- › 3 matskeiðar hrísgrjón edik (eða annað edik)

- › 2 tsk. salt
- › ½ tsk. nýmalaður svartur pipar
- › ¼ tsk. tabasco-sósa

Tómatasamloka

Blandið saman hvítlauk, steinselju, kóriander, basilíku, tómat og tómatmalki í matvinnsluvél eða mortéli. Bætið við olíu og ediki og blandið í 1-2 mínútur, þar til sósa er mjög slétt. Bæta tabasco við ef fólk vill og smakkið til með salti og pipar. Sósa getur verið í kæli í nokkra daga. Svo er raðað lagskipt tómtötum basilíku og ristudu brauði.

HANNYRÐAHORNID

Sokkaskór á börnin

Prjónaðar tátíljur með gatamynstri fyrir börn úr Drops Flora.

DROPS Design: Mynstur fl-004-by

Stærðir: (fyrirburar) 0/1 (1/3) 6/9 (12/18) mánaða 2 (3/4) ára

Lengd fótar: (8) 9 (10) 11 (12) 14 (16) cm

Garn: Drops Flora (fæst hjá Handverkskúnst)

- (50) 50 (50) 50 (50) 50 (50) g litur á mynd nr 20, ferskjubleikur

Prjónar: hringprjónar nr 2,5 eða sú stærð sem þarf til að fá 26 lykkjur x 34 umferðir í sléttu prjóni = 10x10 cm.

Garðapryjón (prjónað fram og til baka): Lykkjurnar eru prjónaðar slétt í öllum umferðum.



TÁTILJA: Tátílján er prjónuð fram og til baka frá miðju að aftan.

Fitjið upp (44) 44 (48) 52 (52) 56 (56) lykkjur á hringprjón nr 2,5 með Flora. Prjónið 1 umferð brugðið frá röngu, prjónið síðan stroff frá réttu þannig: *1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið*, endurtakið frá *-* út umferð. Haldið svona áfram með stroff í (3) 3 (3) 4 (4) 5 (6) cm. Í næstu umferð frá réttu er gerð ein gataumferð þannig: *2 lykkjur slétt saman, sláði 1 sinni uppá prjóninn, 1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið*, endurtakið frá *-* út umferð.

Haldið áfram með stroff eins og áður þar til stykkið mælist alls (5) 5 (5) 6 (6) 7 (8) cm.

Prjónið 1 umferð brugðið frá röngu, JAFNFRAMT er fækkað um (9) 9 (11) 13 (13) 13 (13) lykkjur jafnt yfir = (35) 35 (37) 39 (39) 43 (43) lykkjur. Klippið þráðinn frá.

Setjið nú ystu (11) 11 (12) 13 (13) 15 (15) lykkjurnar á þráð í hvorri hlið = 13 lykkjur eftir á prjóni í öllum stærðum. Prjónið A.1 yfir 13 lykkjurnar, byrjið frá réttu. Haldið svona áfram með mynstur í (3) 3½ (4) 4½ (5½) 6½ (8) cm, prjónið síðustu umferð brugðið frá röngu, JAFNFRAMT er fækkað um (5) 5 (3) 1 (1) 1 (1) lykkjur yfir 13 lykkjurnar = (8) 8 (10) 12 (12) 12 (12) lykkjur, klippið þráðinn frá. Næsta umferð er prjónuð frá réttu þannig: Prjónið lykkjurnar af þræði í annari hlið, prjónið upp (7) 9 (10) 11 (13) 16 (21) lykkjur meðfram hlið á miðjustykki, prjónið (8) 8 (10) 12 (12) 12 (12) lykkjur á prjóni (= framan), prjónið upp (7) 9 (10) 11 (13) 16 (21) lykkjur meðfram hinni hliðinni á miðjustykki og prjónið lykkjurnar af seinni þræði = (44) 48 (54) 60 (64) 74 (84) lykkjur í umferð. Prjónið (2½) 3 (3) 4 (5) 5 (5) cm GARÐAPRYJÓN – sjá útskýringu að ofan, JAFNFRAMT eftir (1) 1½ (1½) 2 (3) 3 (3) cm fækkið lykkjum í annari hverri umferð (þ.e.a.s. í hverri umferð frá réttu) að réttu máli þannig:


Fækkið um 1 lykkju í byrjun og í lok umferðar með því að prjóna 2 lykkjur slétt saman innan við 1 kantilykkju. Að auki eru prjónaðar 2 lykkjur slétt saman hvoru megin við 2 miðju lykkjurnar í umferð (= 4 lykkjur færri í annari hverri umferð) = ca (32) 36 (42) 48 (52) 62 (72) lykkjur eftir í umferð.

Fellið af og saumið sauminn undir fæti og upp meðfram miðju að aftan í ystu lykkjubogana svo að saumurinn verði ekki þykkur.

Prjónið hina tátíljuna alveg eins.

SNÚRA: Klippið 3 þræði ca 1 metra. Tvinnið þá saman þar til þeir taka í, leggið snúrana saman tvöfalda og þá kemur hún til með að tvinna sig aftur saman. Hnýtið hnúti í hvorn enda. Þræðið snúrana í gegnum gataumferðina á tátíljunni (byrjið og endið mitt að framan). Endurtakið á hinni tátíljunni.

A.1



Mynstur

- = slétt lykkja frá réttu, brugðin lykkja frá röngu
- ▣ = 2 lykkjur slétt saman
- ▤ = lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð
- ▥ = lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, prjónið 2 lykkjur slétt saman, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjurnar sem prjónaðar voru saman
- ▧ = á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni uppá prjóninn, í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður brugðið, það eiga að myndast gót

Létt

1			8		3	5	4
	9		1		4		2
3		8		5		9	
6		1	8		7	5	
	8		2	6	5		1
4		2	3		1	8	
8		3		7		2	
	6		4		8		3
5	7	4		2			6

Miðlungs

8			7	4			5
2	6	1			9		
		5	1			2	9
5	1			2		3	
		6	8		4	7	
		7		3			8
1		9			3	4	
			2			5	7
	3			8	5		6

Þung

			8	9			7
	4	9				5	
	6	2	5			3	
					5		3
5	2						6
	1		4				
		1		4	6	9	
		5			1	8	
8			5	9			

Þyngst

		5	2				
	6	7	1				9
8				6		4	
5		3	8				
	4						6
					7	9	4
		2		9			7
	8				1	3	4
					3	8	

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

Athugið að verslunin er flutt í Hraunbæ 102a, var áður til húsa í Hraunbæ 102b.

Drops garn á Drops verði
...og mörg hundruð friar uppskriftir með því

Handverkskúnst
www.garn.is
Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 587-6662

Árnanes (Höfn 6km)

Vönduð gisting í fallegu umhverfi, fjölbreytt afþreying. Leitið tilboða.

www.arnanes.is / arnanes@arnanes.is / S. 478-1550 & 896-6412

Lely Center Ísland

Landbúnaðarleikföng

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Lambafíle með bernaise

Egill Rúnar býr á Sauðárkróki með foreldrum sínum og tveimur systurum sem heita Elsa Rún og María Guðrún. Hann hefur gaman af hjólförum, vinum sínum, jeppaferðum og buggbylaferðum með pabba sínum.



„Ég fer eins oft og ég get í sveitina til ömmu og afa. Þau búa á Kúskerpi í Blönduhlíð og eru með stórt mjólkurbú og fleira.

Fyrsta minning þín? Datt úr rólu og meiddi mig.

Ég hef mikinn áhuga á vélum og tækjum og öllu í kringum það,“ segir Egill.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Er ekki mikið í boltaþróttum en hjóla mikið á fjallahjól.

Nafn: Egill Rúnar.

Aldur: 10 ára.

Stjörnumerki: Krabbi.

Búseta: Sauðárkróki.

Skóli: Árskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Fjölið (smíða og baka og brasa ýmislegt með höndunum).

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Fjögurra daga hálandisferð á buggbyl um Fjallabak á Suðurlandi í fyrra og fékk að fara rúnt í sérútbúnum rallybíl hjá Gumma Snorra, vini pabba. Það var rosalegt.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Kýr.

Gerir þú eitthvað skemmtilegt í sumar? Fer í sveitina og kemst heyskap, í útilegu með fjölskyldunni og í hálandisferðir með pabba á jeppa eða buggbyl og auðvitað leika við vini mína.

Uppáhaldsmatur: Lambafíle með bernaise.

Uppáhaldshljómaveit: Dimma.

Uppáhaldskvikmynd: Fast and furious.

Næst » Ég skora næst á Dagrúnu Dröfn Gunnarsdóttur.

BÆKUR & MENNING

Sögur Skugga:
Gaddavírsátið og aðrar sögur

Gaddavírsátið er heiti bókar Jochums Magnúsar Eggertssonar sem tók sér listamannsnafníð Skuggi og var áberandi í bæjar- og menningarlífi Reykjavíkur um miðja síðustu öld. Hann var þekktur fyrir þrágirni, skáldskap, fræðastörf og frumlegar kenningar um landnám Íslands.

Þekktasta smásaga Skugga er Gaddavírsátið, sem höfundur gaf tvívegis út í litlum ritlingum. Sagan kom svo sem neðanmálssaga í Bændablaðinu á árunum 1987-1988. Hér segir af lausamanni í Nýja-Jórvíkurhreppi sem leggur sér gaddavírsrúllu til munns. Í bókinni eru að auki sögurnar þrjár af Guðmundi Kristmannssyni, verðlaunasaga Skugga af trýnaveðri fyrir vestan, sagan af stórveldum Stefáns Bjarnasonar, sönn saga úr Skjóðufirði og Reykjavíkursaga af yfirnáttúrulegum marhnúti. Árni Matthíasson rekur æviferil Jochums í inngangi bókarinnar. Útgefandi er Bókaútgáfan Sæmundur.

Skjóðufjörður er bæði ljótur og leiðinlegur

Eftirfarandi brot er úr sögunni Þjóðjarðir, sönn saga úr Skjóðufirði. „Skjóðufjörður er bæði ljótur og leiðinlegur. – (Svei nafninu!) – Þið sem viljið hafa heimildir fyrir öllum sköpuðum hlutum viljið líklega fá að vita hvar fjörð þennan er að finna á kortinu. Þá er best að segja ykkur það: Hann skerst inn á milli landsfjórðunganna. – Skjóðufjörður ber nafn með rentu. Það er ótótlegt pláss og andstyggilegt og er sagt að kölski hafi rekið út úr sér tunguna og bölvad er hann fór þar um á síðustu „vísitasíuferð“ sinni. En þetta gerir kölski ekki nema þegar eitthvað gengur fram af honum, en þá má mikið vera, því svo er sagt að sá gamli kalli ekki allt ömmu sína. Skjóðufjörður er því allt annað en björgulegur staður. Og með því nú hefur kvisast að okkar mesti sagnfræðingur eigi nú að fara að skrifa sögu Skjóðufjarðar í 50 bindum og hafa lokið verkinu árið 2000, því þá ætlar sjóður sá sem enn er ekki fæddur en á að heita „ómenningsarjóður“ að gefa út allt heila safnið. Hefur einhver skattstjóri, eða skattasvindlari, sem ekki heitir Steinn, reiknað það út af kunnáttu sinni að þá loksins verði komið svo gott lag á Búnaðarbankann að gera megi úr honum bókhöldu. – Og með því svo stendur skrifað þann 29. febrúar, sem ber upp á hlaupár, í 1933. bindi í „Framkvæmdaþróunar sögu bændasamvinnunnar“, bls. 11932, í 6.–7. línu að ofan, að sagan endurtaki sig, þá þykir oss tími til kominn að leggja




Jochum Magnússon, sem tók sér listamannsnafníð Skuggi, var þekktur fyrir þrágirni, skáldskap, fræðastörf og frumlegar kenningar um landnám Íslands.

örlítill drög að þessu mikla verki sem á að heita „Hin skipulagða ofsóknarstarfsemi íhalds- og eyðslustéttarinnar. Saga Skjóðufjarðar í 50 bindum. Til varnaðar uppvaðandi og óbornum kynslóðum“.

Hundtík prestsins

Böslubúskapur var í Skjóðufirði um þessar mundir og annar eins músangangur hafði ekki þekkt frá landnámstíð. Tryggvi bóndi hafði orðið að bæta við sig einum ketti. Var það fress eitt mikið, en bleyða var fyrir á búinu.

Þrátt fyrir þetta lögðust mýsnar á þessar fáu rollur hans og nóguðu gat á búrkistuna hennar Þjóðbjargar. – Húsdýr Skjóðufjarðar bænda höfðu gengið illa undan vetrinum, að köttunum undanteknum. Þeir voru beinasteltir og kampagleiðir, hvæstu og breimðu. Kettirnir voru að heita mátti einu húsdýrin í Lyngási, að undantekinni hundtíkinni hans Tryggva bónda er hann kvaðst vera einráður yfir og Þjóðbjörg sagði að hann mætti víst eiga hana einn fyrir sér, tíkin væri víst ekkert of góð handa honum. – Tryggvi bóndi var talinn einfaldur og grunnhygginn og Þjóðbjörg þóttist hafa tekið niður fyrir sig og vera vangefin. – En hundtíkin var þannig tilkomin að presturinn, sem vandi komur sínar að Lyngási árið áður en hún Tómhildur litla fæddist, hafði skilið tíkina eftir og sagt Tryggva að best væri að hann hefði hana af því hún hefði hænst að honum. – Það þótti annars merkilegt að presturinn skyldi endilega þurfa að gista í Lyngási og það svona oft, jafnlítill og óvistleg húsakynni og þar voru – ekkert nema baðstofukytran – og bóndinn varð að ganga úr rúmi fyrir gestinum. Tryggvi og Polly – svo hét hundtík prestsins – urðu því að liggja annarstaðar og hafa velgjuna hvort af öðru.“ /VH



SAMFÉLAGSRÝNI

Við látum ekki blekkjast lengur!

Það er ljóst að ef ekki verður brugðist við er hætt á því að mörg heimili lendi í vandræðum með skuldbindingar sínar. Hagsmunasamtök heimilanna hafa þrýst á ríkisstjórnina að verja heimilin fyrir afleiðingum Covid-faraldursins en því miður talað fyrir daufum eyrum. Kröfur samtakanna er hófsamar og sanngjarnar en þær eru að ríkisstjórnin:

- Tryggi að enginn missi heimili sitt vegna afleiðinga heimsfaraldursins.
- Setji þak á verðtryggingu húsnæðislána og leigu miðað við upphaf faraldursins í mars 2020.
- Setji þak á vexti óverðtryggðra lána með breytilegum vöxtum og sjái til þess að vaxtalækkar Seðlabankans skili sér að fullu til neytenda.

Það er því miður fátt sem vekur bjartsýni um að heimilin verði á nokkurn hátt varin fyrir afleiðingum faraldursins og fæst ekki betur séð en að enn og aftur eigi heimilin að bera skaðann af þeim hamförum sem hafa gengið yfir heiminn.

Verðtryggð snjóboltaáhrif

Það er ekki gaman að vera með svartsýnisþár og maður verður bara að vona að þær gangi ekki eftir á sama tíma og maður reynir með öllum ráðum að koma í veg fyrir að afleiðingar skelli af fullum þunga á heimilum og fjölskyldum landsins.

Það er því miður ljóst að bæði lántakar og leigjendur munu finna fyrir verðbólgunni sem nú virðist vera að fara á flug. Til að setja ástandið í tölulegt samhengi þá nemur hvert prósentustig af dæmigerðu 30 milljóna króna húsnæðisláni 300.000 kr. sem jafngildir hér um bil mánaðarlegum ráðstöfunartekjum einstaklings í láglauastarfi. Þar sem leiga er verðtryggð mun hún einnig hækka, verði ekkert að gert. Flest heimili munu finna fyrir þessu, en afleiðingar verða verstar fyrir þau heimili sem eru með verðtryggð



Ásthildur Lóa Þórsdóttir.

lán því höfuðstóll þeirra mun stækka eins og snjóbolti verði ekkert að gert. Það er staðreynd að allt of margir eru enn fastir í gildru verðtryggðra lána og hafa af ýmsum ástæðum ekki getað endurfjármagnað lánin til að nýta sér vaxtalækkar undanfarinna mánaða. Þetta eru oft tekjulágir einstaklingar og fjölskyldur sem eiga í nægum erfiðleikum nú þegar og mega ekki við væntanlegum snjóboltaáhrifum.

Hvers virði eru stefnuskrár og loforð?

Stjórnmalámennt hafa á undanförmum mánuðum gripið til frasa eins og „við erum öll í þessu saman“ þannig að þegar við hjá Hagsmunasamtökunum, sáum smugu til að hjálpa þessum fjölskyldum í samvinnu við Flokk fólksins, þá héldum við að því yrði vel tekið.

Undir þinglok lagði Inga Sæland því fram breytingartillögu við frumvarp um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda sem hefði hjálpað mörgum heimilum sem eru föst í gildru verðtryggðra lána til að losna úr henni.

Þessi hófsama tillaga Ingu Sæland snerist einfaldlega um að veita neytendum með verðtryggð húsnæðislán rétt til að breyta þeim í óverðtryggð lán, án íþyngjandi kostnaðar.

Það hefði átt að vera auðvelt

að fá tillöguna samþykkt þar sem hún samræmdist stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og stefnu margra flokka sem hafa sumir haft afnám verðtryggingar á stefnuskrám sínum árum saman.

Það voru því mikil vonbrigði að þrátt fyrir stefnuskrár, fögur fyrirheit og loforð í tengslum við lífsskjarasamninga um að taka markviss skref í átt til afnáms verðtryggingar, var tillagan felld með 27 atkvæðum gegn 8.

Nei og ærandi þögn

Atkvæðin féllu alveg eftir flokkslínum og afstaða stjórnmalaflokka til þess að veita neytendum valfrelsi um að afnema verðtryggingu húsnæðislána sinna liggur því fyrir eins skýr og hún getur orðið á þessu stigi.

Einungis Flokkur fólksins og Píratar greiddu atkvæði með tillögnum, á meðan stjórnarflokkarnir allir sögðu nei, þvert á eigin samþykktir og stefnu.

Aðrir flokkar, Miðflokkurinn, Samfylkingin og Viðreisn, sátu hjá. Þögn þeirra er ærandi og í henni felst afstaða; afstaða með ríkjandi öflum, afstaða gegn breytingum og afstaða gegn hagsmunum heimilanna á erfiðum tímum.

Flokkum sem standa ekki með yfirlystri stefnu sinni og flýja þegar á hólminn er komið um leið og þeir taka jafn afgerandi afstöðu og raun ber vitni, með sérhagsmunum og gegn fólkinu í landinu, er hreinlega ekki treystandi.

Ef alþingismenn fella jafn hófsama tillögu sem þessa til að hjálpa venjulegu fólki, fyrir hverja eru þeir þá að vinna? Eru þeir að vinna fyrir þig og þitt heimili eða eru þeir að verja aðra hagsmuni?

Það þarf að skila sér inn á Alþingi að almenningur er ekki fóður fyrir bankana!

Við látum ekki blekkjast lengur! Fólkið fyrst og svo allt hitt!

Ásthildur Lóa Þórsdóttir
formaður Hagsmunasamtaka heimilanna og framþjóðandi Flokks fólksins

Frelsi til að hafa ólíka sýn

Í Bændablaðinu fimmtudaginn 10. júní sl. birtist grein eftir Eygló Björk Ólafsdóttur, formann Verndunar og ræktunar – VOR, félags framleiðenda í lífrænum búskap. Þar fer hún fram á yfirlýsingu frá undirritaðri, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, um afstöðu skólans til aðsendra umsagna vegna umræðuskjals um landbúnaðarstefnu, Ræktum Ísland!

Líkt og hjá öðrum háskólum hafa sérfræðingar Landbúnaðarháskóla Íslands fullt frelsi til að senda inn umsagnir í sínu nafni og gerir skólinn ekki athugasemdir við það. Það er ljóst að sýn sérfræðinga á hinar margvíslegu ræktunaraðferðir er mismunandi og hefur það yfirleitt verið talinn kostur innan skólans að nemendur fái að kynna þeim og taka síðan upplýsta ákvörðun um það hvert þeir vilja sjálfir stefna. Það er ekkert launungarmál, og hef ég átt um það samtöl við Eygló, að innan skólans eru sérfræðingar sem eru gagnrýnir á þær reglur sem beitt er við lífræna ræktun.

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur átt farsælt samstarf við VOR og lífræna bændur. Má þar nefna nýtt verkefni sem stutt er af Nýsköpunarsjóði námsmanna í



Ragnheiður I. Þórarinsdóttir.

sumar um bindingu og losun kolefnis í lífrænni ræktun í samstarfi við Bioból ehf., meistaraverkefni sem stutt er af VOR, og afar vel heppnað málþing VOR í nóvember síðastliðnum undir yfirskriftinni Lífræn ræktun, umhverfi og lýðheilsa. Metaðsókn er í starfsmenntanám skólans á Reykjum í lífrænni ræktun matjurta og háskólanemendur hafa notið góðs af heimsóknnum á lífræn bú. Þá er boðið upp á sumarnámskeið á vegum skólans sem snúa m.a. að Bokashi, hringrás og nýtingu lífræns úrgangs annars vegar og að

matarfrumkvöðlum hins vegar. Landbúnaðarháskólinn bauð VOR að vera með í umsókn til Evrópusambandsins í janúar síðastliðnum og ýmis samtöl hafa átt sér stað um hvernig auka megi tilraunir og samanburðarrannsóknir sem snúa að lífrænni ræktun.

Landbúnaðarháskóli Íslands leggur í stefnu sinni 2019-2024 áherslu á að efla rannsóknir og alþjóðastarf og samþætta rannsóknir, nýsköpun og kennslu. Lögð er áhersla á að fjölga nemendum og samstarfsverkefnum. Það er afar ánægjulegt að sjá afrakstur af starfsemi, en á tveimur árum hefur fjöldi nemenda tvöfaldast og styrkir til samstarfsverkefna þrefaldast. Þessi þróun styrkir innviði og alla starfsemi skólans. Hér er sóknartækifæri fyrir lífræna bændur og aðra sem stunda hefðbundinn búskap, sem og þá sem koma með nýjar hugmyndir sem hafa ekki áður sést.

Samtal um ólíka sýn er af hinu góða, enda er ekkert kerfi hafið yfir gagnrýni. Byggjum það á vandaðri röksemdafærslu, jákvæðni og virðingu. Framtíð íslensks landbúnaðar er björt og tækifærin eru óþrjótandi.

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir,
rektor Landbúnaðarháskóla Íslands

Lely Center Ísland

ZETOR
VARAHLUTIR

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600




HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS



Silunganet

Flot og sökknet
Breytt fellung - meiri veiði
Sjöbleikjunet
Bleikjugildirur

Sími 892-8655

Reynsla - Þekking - Gæði
www.heimavik.is

Svampur.is

Bjódum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellhýsið
- Húsbílinn • Bátinn
- Hjólhýsið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321



Cyltech tjakkalausnir er framsækið þjónustuverkstæði sem býður upp á sérhæfða þjónustu er tengist viðgerðum og nýsmíði á glussa- og lofttjökkum.

Mikið magn varahluta til á lager.

Bjódum einnig upp á almenna renni- og stálsmiði.

Frekari upplýsingar á Cyltech.is eða 895-2920

www.bbl.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 2.500 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.900 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Til sölu Land Rover Defender 110, TD5, árg. '99, ekinn 413.000 km. Er í Reykjavík. Verð kr. 1.390 þús. Uppl. í síma 862-3412 og í netfangið tjorvi@mosar.is



Mazda 2, árg. 2014. Beinskiptur, bensín. Keyrður 108.800 km. Nýyfirfarinn. Mjög sparneytinn og lipur í akstri. Ný dekk fylgja. Uppl. í s. 698-2367.



Háþrýstidælar fyrir verkataka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísil. 500 Bar, flæði 21 l/mín. 700 Bar, flæði 15 l/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælar. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5 m - 1,8 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Sterkar og vandaðar greipar og þétt á milli tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Kontra 400 harðplastbátur sem hafa slegið í gegn hjá okkur og núna aðeins tveir eftir á lager. Nánari upplýsingar á hafsport.is



Lambheldu hliðgrindurnar. Þessar hliðgrindur hafa slegið í gegn um land allt. Lambheldar, léttar og auðveldar í uppsetningu. Breidd 4,20 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10x15. Verð á grind kr. 26.900 stk. auk vsk. Ef keypt eru 2-4 stk. verð kr. 24.900 stk. auk vsk. Ef keyptar eru 5 eða fleiri, verð kr. 19.900 stk. auk vsk. Til afhendingar á Hvolsvelli eða í Sundahöfn án aukakostnaðar, en sent hvert á land sem er. Pantanir og uppl. í s. 669-1336 og 899-1776. Aurasel - Meira fyrir aurinn.



Faðmgreip fyrir stórar rúllur. Mesta opnun er 212 cm. Lyftir rúllum sem eru allt að 1.000 kg. Eigin þyngd: 190 kg. Ásoðnar Euro-festingar og slöngur með kúplingum fylgja. Vönduð og sterk smíð með þykkri dökkgrári duftúð (pólýhúð). Til á lager. Verð 149.000 kr. +vsk. Hákonarson ehf. Hafíð samband á hak@hak.is eða í s. 892-4163.



15hp ruddaslátturvélur fyrir fjórhjól til á lager og afhendingar strax! Vinnslubreidd 120 cm - verð 498.000 kr. m/vsk. Vorverk.is - s. 665-7200.



Rafstöðvar með original Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eignum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Rúllugreip. Verð kr. 196.000 með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Weckman sturtuvagnur. Burður 10 tonn. Föst skjólbörð. Vökvör að aftan Verð kr. 2.065.000 m. vsk. (kr. 1.666.000 án vsk). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130, haukur@hhauksson.is



Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ díselvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarás 3, Garðabæ. S. 527-2600.



Vökvunarbúnaður fyrir stór og lítil ræktunarsvæði á lager. Dælur: Traktorsdrifnar, glussadrifnar, rafdrifnar, bensín, dísil. Slöngubúnaður í mörgum stærðum og lengdum. Vatnsúðarar (sprinklerar) í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is www.hak.is



Europower rafstöðvar í miklu úrvali með Honda bensímótor eða Yanmar díselmótor. Margar stærðir. Einnig litlar og hljóðlátar rafstöðvar fyrir ferðavagna. Þór hf. Sími 568-1500 - www.thor.is



Burstabær í garða með ljósi og vitar með ljósi til sölu. Uppl. í síma 694-4429.



Gámarampar á lager. Heitgalvanhúðaðir. Burðargeta: 8.000 kg. Stærð: 210 x 125 x 16 cm. Innfelldar lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Rúllugreip/faðmgreip. Verð kr. 184.000 með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Brettgafflar. Burður 2.500 kg. Euro festingar. a) Handfærsla. Verð kr. 155.000 m/vsk. b) Glussafærsla. Verð kr. 225.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Glussaknúar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



LANDSTÓLPI



SULKY - DX20+

- Með upphækkun, loki og jaðarbúnaði
- 1.500L

BETRI NÝTING!



SULKY - X40 Econov GPS

- Með upphækkun og loki
- Quartz stjórntölva
- GPS búnaður
- Trappa
- 3D jaðarbúnaður með isobus tengimöguleika
- 3.200L

MEIRI SPARNADUR!



SULKY - Master P30 loftsáðvél með HR160 pinnatætara

- 3 metra
- 24 rása

Notuð tæki



KRONE - Comprima

- CV150 X-treme
- Framleiðsluár, 2016
- Nýskráð, 2017
- Notkun, 8.000 rúllur



PÖTTINGER - 701 A

- Miðjumúgavél
- Framleiðsluár, 2006

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is



Audi A1, skráður á götuna 2018, keyrður rúma 21 þús. km innanbæjar. Hvítur með dökkgráum toppi, sjálfskiptur og búinn helstu nútímaþægindum. Aðeins einn eigandi frá upphafi. Verð 2.800.000 kr. Uppl. í síma 847-0878.



Ilmur girðingarstaurar. Endingargóðir girðingarstaurar úr íslensku lerkki, 70 mm þvermál. Verð kr. 750 m/vsk. Pantanir og upplýsingar í s. 849-9975 eða gegnum Ilmur@tandrabretti.is



Sólarsellur, vindrafstöðvar, dísel hitarar, gel rafgeymar og allir fylgihlutir. Ódýr og góð vara. orku-bondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185.



Tilboð á Peruzzo Pro 1800 sláttuvögnum, kr. 2.000.000 m/vsk. Sláttubreidd 1,80 m. Graskassinn tekur 2.100 ltr. Með vökvallyftibúnaði, hægt að tæma í gám o.fl. Fyrir sveitarfélög, verkataka og bændur. Uppl. í s. 564-1864. Vetrarsól ehf. Kópavogi.



Kaixuan iðnaðarvél til sölu. Tilboð á þessari flottu vél á aðeins 70.000 kr. Er eins og ný, nánast ónotuð. Nánari upplýsingar í s. 799-7922.



Er með Sit-On-Top báta til leigu og til sölu. Planaðu sumarið með okkur á bw-kayak.com



Flaghefill til á lager. Breidd: 220 cm - Hæð: 48 cm - Þyngd: 150 kg. Stillanlegt: 360° handvirkt - slitönn úr hardox stáli. Vorverk.is - s. 665-7200.



Ný traktorsdrifin rafstöð til sölu. Stöðin er 15 kW í starti. 1.500 sn. rafall, 4 póla með AVR. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: jonsih@internet.is



Mitsubishi Outlander árg. 2017. Instyle, einn með öllum búnaði. Bíllinn er sem nýr, einn eigandi, ekinn 58.000 km. Vetrardekk á felgum. Sími 862-9062.



Volvo FH12 til sölu, árgerð '99. Nýskoðaður. Lítið slitinn og góður bíll. Ekinn 294.000 km. Stóll undir palli. Verð 2.500.000 kr. +vsk. S. 892-5554.



Timbur í fjárhúsgólf. 32 x 100 mm L = 4,8/5,1. Verð kr. 278 lm með vsk. 38 x 100 mm. L = 5,1/5,4. Verð kr. 330 lm með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130 - haukur@hauksson.is



Rullugreip á þrítengi. Verð kr. 83.000 m.vsk. (67.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudypt: 1,3-4,2 m. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Glussadrifnar gólfhræur. Vinnudypt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 l/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgálv./SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Til sölu hjólaskófla CAT 966G árg. 2004. Gjerstad hraðtengi. Vigt. Notkun 11.990 klst. Upplýsingar í s. 860-4200.



Fent 312, árg. 2007, vst 9.163. Ný yfirfarinn af Vélfangi. Hann er staðsettur á Suðurlandi. Áhugasamir hafi samband í s. 897-9814, Jói.



Kínverskt 3 hjóla rafmagnshjól, með þaki. Öllum ljós, 6 ný 12w. Rafgeymar. Allt rafkerfi yfirfarið en þarf smá dund hjá laghentum aðila. Mjög gott í akstri. Uppl. í síma 699-1950.



Til sölu M. Benz, árg. 1997, Ruthmann með skotbómulyftu, innfluttur árið 2007. Nýskoðaður af Frumherja og Vinnueftirliti. Upplýsingar gefur Víllí Valli í síma 898-2063.



SOT Tequila kajakarnir geta verið bæði eins og tveggja manna og koma einnig sem veiðikajakar. Þeim er einfaldlega smelt saman og taka því minna pláss en hefðbundnir kajakar og henta því einstaklega vel fyrir þá sem hafa minna geymslurými. Nánari uppl. á hafsport.is



Háþrýstipvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sjálfsogandi dælur úr sjóþolnum kopar eða ryðfríu stáli. Stærðir: 1", 2", 3", 4". Aflgjafar: Rafmagn, bensín / dísil, glussi, traktor. Framleiðandi: GMP Ítalíu. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Farmal 275 langar að eignast nýjan eiganda, mjög heilleg og góð vél. Upplýsingar í síma 861-9816.



Til sölu vel með farið Clipper Coachman 106 st fellihýsi árg. 2008. Nýskoðað og í góðu lagi. Verðhugmynd 860.000 kr. Er í Mosfellsbæ. Sími 660-3803.



Helluskeifur.is auglýsa íslenskar reiðhestaskeifur. Þær heitustu á markaðnum, bæði pottaðar og ópottaðar. Sendum frítt um allt land ef teknir eru 10 gangar eða meira. Veljum íslenska framleiðslu á hagstæðu verði. Seljum líka höffjaðrir. Sími 847-6616 eða run@simnet.is



Vegristar 4 x 2,5 m. Verð kr. 317.500 +vsk. Bera alla venjulega umferð í heimreiðum, hjólhýsi, traktora og fulllestaða vörubíla. Flytjum á staðinn fyrir hagstætt verð, sama verð og fyrri ár. Gönguhlið, veghlið í ýmsum stærðum. Uppl. á sbl.is eða facebook: Sæblær ehf og í s. 899-2202 og 862-1909.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreinnt vatn (trash). 2", 3", 4". Original Honda vélar með smurólíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnifur. Mótórar staðsettir fyrir utan votrymi. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Stórbagggreip. Verð kr. 245.000 m.vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Taðgreipar. Breidd 1,2 m. Verð kr. 198.000 m.vsk. Breidd 1,4 m. Verð kr. 220.000 m.vsk. Breidd 1,8 m. Verð kr. 255.000 m.vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Stofnanavæðing hálandisins! Ég berst á fáki fráum fram um veg, mót fjallahliðum háum hleypi ég, og golan kyssir kinn... XM



Rúllugreip með glussatjakk. Spjót inni í keflum. Lyftigeta 1.000 kr. Ásoðnar Euro festingar og slöngur fylgja. Vönduð smíð frá Póllandi. Verð 179.000 kr. +vsk. Til á lager. Takmarkað magn. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is - www.hak.is



Golfklúbbur Mosfellsbæjar er með Pegasus Trimax S4 sláttuvél til sölu. Keypt árið 2018. Sláttubreidd 5 m. Sláttuhæð 10 - 110mm. Selst á 3.000.000 kr. +vsk. Virkilega góð vél og tilvalin til þess að slá stór svæði. Uppl. gefur Ágúst í s. 857-7009.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" - 3" - 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sjö tonna sturtuvagn. Verð kr. 1.427.000 m/vsk. (kr. 1.150.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Taðkvíslar. Eigum 1,4 m með Euro festingum. Sterk framleiðsla frá Póllandi. Þétt á milli beinna tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Gröfuarmar á ámoksturstæki. Gröfudýpt, 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



HÁ Verslun ehf. er nýr dreifingaraðili fyrir Husqvarna á Íslandi. HÁ Verslun ehf. Víkurhvarfi 4, 203 Kópavogi. Sími 588-0028 & 897-3650. Netfang haverslun@haverslun.is - Við erum líka á Facebook!



Weckman sturtuvagnar. 9 tonna: Verð kr. 1.660.000 með vsk (kr. 1.339.000 án vsk). 11 tonna: Verð kr. 1.790.000 með vsk (kr. 1.444.000 án vsk). 13 tonna: verð kr. 2.142.000 með vsk (kr. 1.728.000 án vsk). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Mercedes Benz 316CDI Wannarhúsbíll. Árg. 2006, diesel vél 2.7, 4x4 drif með læsingum. Ekinn 38.000 km. Verð 15.000.000 kr. Uppl. í síma 895-0182.



Brettagafflar með Euro festingum. Burðargeta 2.000 kg. Lengd á göfllum 120 cm. Rammí, gataður fyrir rúlluspjót. Til á lager. Einnig með glussafærslu. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Erum með tvær týpur af Sit-in kajak Bourbon 17 og XO13, ásamt öllum fylgihlutum sem þarf til kajaksiglinga. Nánari upplýsingar á hafsport.is



Innihrætur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að frá hræurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Er ástæða til að hafa áhyggjur af fullveldi íslensku þjóðarinnar? Félag Sjálfstæðismanna um fullveldismál - www.fullveldisfelagid.is



Vantar þig kannski sláttuvél í sveitina eða staurabor? En hvað með kurlara, tættara eða viðarkljúf? Skoðuðu úrvælið á www.hardskafi.is



Er búið að ákveða sumarfríið? Við erum hæglatís ferðapjónusta og allra átta dvalarstaður á barmi Ásbyrgis. Ertu Göngu-Hrólfur? Við bjóðum upp á skutljónustu. Verið velkomin. www.nordicnatura.is



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 14 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með AVR sem tryggir örugga framleiðslu rafmagns fyrir allan viðkvæman rafbúnað. Myndin er af hluta þeirra stöðva sem við fluttum inn fyrir bændur 2020. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



300l neysluvatnshútur ásamt 6 kW hitatúpu frá Rafhitun til sölu. Selst saman á 160.000 kr. Hvort tveggja í góðu lagi. Þórður s. 660-4430.

Til sölu

Salt til sölu. Höfum notað fisksalt til sölu. Sími 892-0367. Hafnarnes VER H.F. 815 Þorlákshöfn.

Til sölu stór flekahurð með glussa opnun 4,1 m á breidd og 4,6 m á hæð. Uppl. í síma 617-6461.

Fiat Hitachi 165 hjólavél, keyrð 13.500 tíma, hraðtengi, 1 skófla. Vélin þarfnast smá aðhlyningar. Verð kr. 2.500.000 +vsk. Staðsett á Stokkseyri. Sími 899-1764.

Þrír gamlir traktorar, Deutz, árg. '54, Ferguson, árg. '58, HI 255, árg. '00. Uppl. í s. 845-2419, Sigurður.

Afturdrif - Toyota Land Cruiser. Til sölu afturdrif í Toyota Land Cruiser 90. Hlutfallið er 1:3,9. Verð 25.000 kr. Uppl. í síma 896-3302.

Til sölu M.B. Sprinter fólksflutningabíll (skráð fyrir 16 +2). Árg. 1996, ekinn 427.000 km. Skoðaður 2020, leyfisskoðun hópferðabíreiða. Önnur afturfjórðrin brotin en að öðru leyti tilbúin til skoðunar 2021. Verðhugmynd: 400.000 kr. Upplýsingar í síma 893-0638.

Til sölu v/breytinga 4 Toyo heilsársdekk, stærð 225/45/18. Notuð 3000 km. Verð kr. 40.000. Staðsett í Reykjavík. Uppl. í síma 849-1719.

Óska eftir

Óska eftir jarðtætara fyrir dráttarvél. Má þarfnast viðhalds, Kristján s. 664-1269 eða kristfin@gmail.com

Óska eftir notaðri slípivél til vélslípunar á gólfplötum, má þarfnast lagfæringar. Uppl. í síma 893-4349.

Nýhafinn búskapur, vantar notaða, minni gerð af traktor, sláttuvél og haugsugu. Vinsamlegast hafið samband í síma 893-0372. Orri Hreinsson, Haga, Skagafirði.

Er ekki einhver hér sem lumar á gömlu hjólhýsi og vill losna við? Sá hinn sami má endilega hafa samband í síma 699-4039 eða rutsig@gmail.com

Óska eftir 4-8 ha utanborðsmótor sem má fara í sjó. Uppl. gefur Gunnar í síma 893-2761.

Kaupi alls kyns gamlar hljómlötur, kasettur og cd söfn. Uppl. gefur Óli í síma 822-3710 eða á netfangið olisigur@gmail.com.

Óska eftir alls konar gömlum Honda cb450 og mt50-ss50- Suzuki ac50 skellinöðrum, jafnvel bara pörtum. Allar ábendingar vel þegar. Verð samkomulag. Uppl. í síma 659-5848.

Krökkheysi óskast. Uppl. í síma 696-5799.

Dýrahald

Óska eftir hundi sem er tilbúinn að flytja til Reykjavíkur. Nýr eigandi eldri borgari sem hefur tíma og rými. Gsm 777-9091 / netfang: stormur@vortex.is

Einkamál

Flottur og hress Norðmaður, kristinnar trúar, leitar eftir vinskapa konu á aldrinum 30-45 ára sem gæti leiðst út í eitthvað meira. Vonast til að heyra frá þér. Uppl. í síma 00 47 416 98 441 eða á netfangið raudsandmoennis@gmail.com

Húsnæði

Óska eftir góðri 2ja herb. íbúð á sanngjörnu verði á Selfossi. Uppl. í síma 832-6888.

Jarðir

Til sölu 8 ha land við Meðalfellsvatn í Kjós. Möguleiki á viðbótarlandi. Mjög hentugt td. til skógræktar. Uppl. í síma 848-3377.

Spádómar

Símaspá 908-6116. Ástir - fjármál - heilsa.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.



Varahlutir í kerrur

stalogstansar.is

ALKO KNOTT Stál og stansar

Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík | Sími: 517 5000 | stalogstansar.is

Bændablaðið

á bbl.is og líka á Facebook

Notuð atvinnutæki til sölu hjá Veltir

Ný og notuð tæki til sölu í miklu úrvali.

Kynntu þér enn meira úrval á veltir.is

Fjármögnun með sögulega lágum vöxtum!



VOLVO FH16 6x2 650 hö
Dráttarbill
Nýskráning 03/2016
Ekinn: 584.000 km
Góður bill á finu verði

Verð: 7.900.000 kr. án vsk.



JCB JS110W
Hydradric hjólagrafa
Nýskráning: 4/2019
Notkun: 1.186 vst
Rótótílt, 2 skóflur

Verð: 18.990.000 kr. án vsk.



Volvo FH16 6x4 750 hö
Dráttarbill
Nýskráning: 02/2014
Ekinn: 715.000 km

Verð: 5.500.000 kr. án vsk.



JCB 8026
Smágrafa
Nýskráning: 6/2018
Notkun: 1.100 vst.
Tílt TMX/Bucket kit S30/180
3 skóflur

Verð: 5.700.000 kr. án vsk.



Volvo FM 4x2 380 hö
Kassabíll
Nýskráning: 02/2008
Ekinn: 570.000 km
Vörukassi 8000 mm innanhæð, vörulyfta
3 hurðar vinstra megin

Verð: 2.490.000 kr. án vsk.

VELTIR

Hádegismóum 8
Sími 510 9100 veltir.is



KOLEFNISBRÚIN

Útlit er fyrir aukin umsvif stjórnvalda í aðgerðum loftslagsmála, það er um leið tækifæri fyrir bændur. Kolefnisbrúin vill hlúa að búskap og auka tekjur bænda. Þannig má tryggja byggð og um leið stuðla að sjálfbærni landnýtingu.

Í haust verður tekið til við að undirbúa bændur fyrir kolefnisbindingu næsta sumars. Áhugasömum er bent á að senda tölvupóst á hlynur@skogarbondi.is og á heimasíðurnar bondi.is og skogarbondi.is

Kolefnisbrúin óskar bændum og öllum landsmönnum gleðilegs sumars.




Áfram veginn

Landbúnaðarsýning í Laugardalshöll 8.-10. október: Stefnir í glæsilega landbúnaðarsýningu

Undirbúningur fyrir sýninguna „Íslenskur landbúnaður 2021“ sem haldin verður í Laugardalshöll dagana 8.-10. október hefur gengið afar vel. Að sögn Ólafs M. Jóhannessonar, framkvæmdastjóra sýningarinnar hafa básapantanir aukist mikið með afléttingu sóttvarna-hafta.

„Það var alger bylting þegar létti á sóttvarnaaðgerðum og stefndi í að við myndum sjá fram á endalok haftanna. Er mikið af sýningarplássi uppantað og verður sýningin einstaklega fjölbreytt og áhugaverð. Bæði verða rötgróin fyrir fyrirtæki er þjóna bændum og búaliði á sýningunni og svo nýir aðilar. Það er engin spurning að landbúnaðarsýningin mun lyfta íslenskum landbúnaði og ljóst að stefnir í sannkallaða stórsýningu í haust. Seinasta sýning var haldin 2018 og sló hún öll aðsóknarmet í Höllinni,“ segir Ólafur M. Jóhannesson framkvæmdastjóri sýningarinnar

Líkt og fyrri sýning er Landbúnaðarsýningin á vegum



Mikill mannfjöldi kom á Landbúnaðarsýninguna í Laugardalshöll 2018.

Mynd / HKr.



Ólafur M. Jóhannesson. Mynd / TB

Ritsýnar sýningarfyrirtækis sem hefur starfað í 25 ár og stað-

id fyrir fjölbreyttum sýningum svo sem sjávarútvegssýningum, stóreldhúsasýningum og heilsu-sýningum.

Að sögn Ólafs eru örfá sýningarpláss eftir á Landbúnaðarsýningunni og geta þeir sem hafa áhuga á að skoða möguleika á sýningarplássi haft samband í síma 698-8150 og netfangið olafur@ritsyn.is eða Ingu markaðsstjóra í síma 898-8022 og netfangið inga@ritform.is

/Fréttatilkynning

Sérniðin þjónusta að þínum þörfum

ALLT
FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

JOBMAN

J5304

J5303

Nýjar vörur frá Jobman. Peysur með eða án hettu með góðum renndum vösum.

Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina!



Verð: 9.300 kr.



Verð: 11.036 kr.

KH VINNUFÖT

Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

Við erum með réttu fötin fyrir þig!

Lely Center Ísland

DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

ÁSCO

BÍLARAUFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR
– STARTARAR OG ALTERNATORAR –



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengir fyrir toggspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlóður. Fjarstæsingar. Fjarstætt í bíla. Radarvara. Startkaplar. Anóðlar 12V og 24V / 240V. Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampærmælar, spennuflúur 24V / 12V, trúflansþéttar, loftnetsframleiðingar. Kærutenglar. Breytar fyrir 13P kerutengla. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Glerdryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi. Öryggjahlóður. Stór öryggi uppí 250A. Stærvaljóna fyrir Landrover. Snúrusett fyrir básakulur. Svæðakleifar. Öndrostar. Spennuflúur. Dicur. Rafgeymastakir. Jarðvarnarskipti. Dúðubeyri. Reimskiptur fyrir afbrennslu. Væðingstæklar. Startarkleifar. Legur í afbrennslu. Ról í afbrennslu.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is

BÍLARAUFMAGN

VALTRA DRÁTTARVÉLAR
ÞÆGINDI Í FYRIRRÚMI

VALTRA **YOUR WORKING MACHINE**

JÖTUNN
LANDBÚNAÐARDEILD APLVÉLA

Austurvegur 69 | 800 Selfoss | Sími 480 0400 | jotunn.is

Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600

Vélavít
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



Magnús H. Jóhannsson teymisstjóri, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra og Árni Bragason landgræðslustjóri.

Umhverfismál:

Reiknivél fyrir loftslagsáhrif vegna áburðarnotkunar tekin í notkun

Ný reiknivél sem gerir kleift að reikna loftslagsáhrif áburðarnotkunar var formlega opnuð í síðustu viku. Reiknivélin er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og var verkefnið unnið í samstarfi við verkfræðistofuna EFLU með styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Dr. Magnús H. Jóhannsson sem hefur stýrt verkefninu segir að vélin geri kleift að finna út kostnað og loftslagsáhrif við notkun mismunandi áburðar. Til þess eru keyrðar saman upplýsingar um innihald næringarefna í áburðinum og fjarlægðir við flutning og dreifingu. Hægt er að vinna með fjölmargar tegundir lífræns áburðar og bera saman við tilbúinn áburð. Þannig fást upplýsingar sem nýtast við ákvarðanatöku og gerð áætlana um uppgæðslu út frá framboði lífræna efna.

Sundurliðun á framleiðslu, innkaupum, flutningi og dreifingu gera kleift að fá glögga mynd af kostnaði og kolefnisspori. Reiknivélin nýtist þannig stjórnvöldum og stofnunum við ákvarðanatöku um breytingar á áherslum í áburðarnotkun t.d. um að auka nýtingu á lífrænum áburðar-efnum. Samkvæmt settu markmiði hefur Landgræðslan aukið notkun lífræns áburðar til muna en 810

tonna aukning á notkun hans varð á milli árunna 2019 - 2020.

Fjarlægð við flutninga á áburði mikilvægur þáttur í útreikningum

Reiknivélin sýnir að almennt er kolefnissporið sem fylgir notkun tilbúins áburðar stærra en frá lífrænum áburði. Þar vegur þyngst kolefnisspor framleiðslu tilbúins áburðar, en flutningur og dreifing vegna sáralítið í samanburði. Kolefnislosun vegna lífræna áburðarins er hins vegar aðallega fólgin í losun vegna flutnings og dreifingar og ræðst af næringarinnihaldi, þyngd og fjarlægðum til landgræðslusvæða.

Kolefnislosun eftir áburðardreifingu er nokkuð há, bæði fyrir tilbúinn og lífrænan áburð. Hún er reiknuð út frá magni niturs sem borið er á land. Við þá útreikninga er notast við stuðla sem fengnir eru erlendis frá. Raunveruleg gögn um þessa losun við íslenskar aðstæður liggja ekki fyrir en myndu án efa auka nákvæmni útreikninga.

Kjúklingaskítur er hagkvæmur við uppgæðslu

Kostnaður er breytilegur við ný-

tingu lífræns áburðar. Þar hefur flutningsfjarlægðin mest áhrif, sérstaklega á þau efni sem innihalda lítið nitur sem er eitt mikilvægustu efna í áburði. Í reiknivélinni er miðað við að innihald niturs í tilbúnum innfluttum áburði sé um 25%. Í lífrænum áburði er mest nitur að finna í kjötmjöli eða um 9%. Meðalinnihald niturs í öðrum lífrænum áburði er um 1,3%.

Þegar saman fara lítið kolefnisspor og lágur kostnaður við nýtingu lífræna efna er einboðið að auka nýtingu þeirra og minnka þannig kolefnisspor áburðarnotkunar. Niðurstöður úr reiknivélinni sýna að miðað við fyrirliggjandi gögn og núverandi dreifingaraðferðir áburðar er hagkvæmast að nota kjúklingaskít við uppgæðslu. Það miðast við þær forsendur að flutningslengd sé innan 90 km fjarlægðar, að niturmagn sé um 150 kg á hektara og að tæknilega sé hægt að dreifa 4 tonnum á hektara.

Við hönnun reiknivélarinnar kom í ljós að gögn skortir um nýtingu lífræna efna við íslenskar aðstæður. Það er því ljóst að aukinn kraft þarf að setja í rannsóknir á því sviði svo takast megi að auka notkun lífræns áburðar í framtíðinni og stuðla að sjálfbærni og eflingu hringrásarhagkerfisins. /VH

Færibanda-reimar

Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúlluvéla



GÚMMISTEYPA
P. LÁRUSSON EHF.

Gyftalíð 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467 · Fax 567 4768 · gummisteypa@gummisteypa.is · www.gummisteypa.is

LÚSMÝ LÚSMÝ LÚSMÝ

Lúsmýið kemur þegar fer að hlýna. Pantið tímanlega net fyrir gluggana.

www.ölfus.is

Upplýsingar í s. 895-9801

flugnanet@gmail.com

RÉTTUR



- Bílaréttingar
- Sprautun
- Tjónaviðgerðir

Hamarshöfði 10 - S. 587-6350

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík

SIL-ALL
4x4+

MEIRA FÓÐUR, LYSTUGRA FÓÐUR

Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson
S: 892-1480

Nf: gretarhrafn@simnet.is

GRÆNU VELFERÐARGÓLFIN



Comfort
Slat Mat

www.comfortslatmat.com

Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson
Sími 892-1480

Nf: gretarhrafn@simnet.is

EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

- VÖKVASLÖNGUR OG TENGI
- SÉRSMÍÐI
- IÐNAÐARSLÖNGUR Í ÖLLUM STÆRÐUM

SKOÐAÐU VÖRULISTANN OKKAR Á HYDROSCAND.IS

HYDROSCAND
BLÖNGUR OG TENGI

VAGNHÖFÐI 27 | SÍMI 516 3300

SMÍÐUM OG GERUM VIÐ ALLAR GERÐIR TJAKKA



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði • Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Langbráð sumar með samveru, gleði og góðum mat. Njótum daganna með því besta sem við eigum og grillum lambakjöt – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á islensklambakjot.is